**HELGA NÍNA HEIMISDÓTTIR**

*Naut útsýnisins yfir Fuji-fjall á nýársdag*

ferðir bílar heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FRIÐRIK ÓMAR HJÖRLEIFSSON**

*Syngur lag með Litháum og Malasíubúa*

Slær í gegn í Litháen

FÓLK 30



**RANDVER ÞORLÁKSSON**

*Einkamál viðkvæm í litlu samfélagi*

Vill vinalegra grín

FÓLK 24




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. janúar 2008 — 29. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Kaffi Hljómalind flytur



Hljómalindarhúsið fær að standa, en kaffihúsið flytur sig hins vegar um set.

FÓLK 24

### Skipulagsnámskeið vinsæl



Skipulagsstofnun sjötíu ára.

TÍMAMÓT 16

### Ú í úhaha

„Þegar allt komst upp hefðu heilir fimmtíu milljarðar evra verið útistandandi í spákaupmennsku," skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 12

### Bjarni Þór til Twente



Bjarni Þór Viðarsson skrifaði undir tveggja og hálfs árs samning við Twente í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMVIÐVÖRUN!- Í dag** en einkum þó í kvöld verður norðaustan stormur á Vestfjörðum og norðvestan til. Annars hæg breytileg átt. Snjókoma á Vestfjörðum annars víða él, síst eystra. Frost 0-10 stig.

VEÐUR 4

# Fasteignamarkaður kólnar snögglega

**Útlán bankanna til fasteignakaupa hafa dregist saman eftir að vextir á lánum hækkuðu mikið. Vextir á hefðbundnum fasteignalánum í íslenskum krónum eru 6,35 prósent að meðaltali. Veltan fjórðungur af því sem mest var í fyrra.**

**FASTEIGNIR** Velta á fasteignamarkaði var í síðustu viku innan við þriðjungur af veltunni í vikunni frá 30. nóvember til 6. desember. Þá var veltan rúmlega sjö milljarðar króna en hún var um 2,4 milljarðar í síðustu viku. Á sama tíma í fyrra var veltan um 4,8 milljarðar króna.

Fasteignasalar og fjármálasérfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við sögðu bankana augljóslega hafa „skrúfað fyrir" útlán og það væri ein helsta ástæða fyrir því að umsvifin á markaðnum hefðu minnkað snögglega. Auk þess væru mjög háir vextir á lánum fældu fólk frá því að ráðast í kaup á fasteign. „Veltan er vissulega minni en hún hefur verið síðustu mánuði enda hafa viðskipti með fasteignir verið mjög lífleg ef horft er nokkra mánuði aftur í tímann. Á þessum árstíma er venjulega fremur rólegt á þessum markaði en það er ekki óeðlilegt, í ljósi lánakjara og ástands á hlutabréfamörkuðum, að fasteignamarkaðurinn kólni snögglega," segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands hafa útlán bankanna til fasteignakaupa dregist nokkuð saman á undanförnum mánuðum. Ekki liggja þó fyrir nýjar tölur um útlán bankanna.

Þinglýstir kaupsamningar voru 88 á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku en þeir voru 173 í vikunni frá 30. nóvember til 6. desember.

Mesta veltan á einni viku í fyrra var um 9,5 milljarðar en það var um miðjan september. Tólf vikna meðaltalsvelta var þá um sjö milljarðar en hún er nú um 4,4 milljarðar. **- mh**

**VELTA Á FASTEIGNAMARKAÐI**




| | | |
|---|---|---|
| **1.** | 7. des - 13. des | 2007 |
| **2.** | 14. des - 20. des | 2007 |
| **3.** | 21. des - 27. des | 2007 |
| **4.** | 28. des - 3. jan | 2007 |
| **5.** | 4. jan - 10. jan | 2008 |
| **6.** | 11. jan - 17. jan | 2008 |
| **7.** | 18. jan - 24. jan | 2008 |



**ALLT Á AÐ SELJAST** Mikil örtröð myndaðist í verslun Bónuss á Seltjarnarnesi í gær þar sem boðið var upp á þrjátíu prósenta afslátt vegna lokunar verslunarinnar. Eftir því sem líða tók á daginn lengdust raðirnar við afgreiðslukassana og hlykkjuðust eftir göngum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Fámennt sendilið borgarstjórnar til undirbúningsfundar í Stokkhólmi:

# Borgarstjóri situr eftir heima

**STJÓRNMÁL** Ólafur F. Magnússon, nýkjörinn borgarstjóri, verður ekki á undirbúningsfundi vegna höfuðborgarráðstefnu sem hefst í Stokkhólmi í dag. Oddvitar minnihlutaflokkana, þau Dagur B. Eggertsson og Svandís Svarsdóttir, mæta ekki heldur.

„Það gefur auga leið, þar sem ég er nýtekinn við, að það bíða mín gríðarleg verkefni sem ég þarf að leysa fljótt og vel í samráði við starfsmenn borgarinnar," segir Ólafur. „Það er þýðingarmikið að skapa festu og góðan vinnufrið í borginni eftir atburði undanfarinna daga svo ég læt einfaldlega minni hagsmuni víkja fyrir meiri þar sem ég tel mig starfa frekar í þágu borgarbúa með því að vera hér að þessu sinni."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs, er á ráðstefnunni ásamt Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, forseta borgarstjórnar. „Það stóð til að Ólafur færi en síðan kemur í ljós að fyrrverandi meirihluti hafði lítið sem ekkert undirbúið þriggja ára fjárhagsáætlun í sambandi við embættismenn sem bráðliggur á að ljúka. Þetta lendir allt í okkar fangi þannig að Ólafur ákvað að vera heima til að sinna þessu mikilvæga verkefni. Það hefur gerst að borgarstjórar annarra borga hafi ekki mætt. Það má nú einnig velta vöngum yfir því af hverju oddvitar minnihlutaflokkanna mæta ekki, en það hefur ekki gerst áður."

„Ég var búinn að gera ráð fyrir því að fara til Stokkhólms sem borgarstjóri enda til þess ætlast að borgarstjórar mæti en svo þegar það breyttist breyttust einnig þær áætlanir," segir Dagur B. Eggertsson. **- jse**



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** Önnur tveggja KR-stúlkna sem komust ekki í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kvennalandsliðið í fótbolta:

## Tvær í banni vegna agabrots

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, ákvað að velja ekki tvær af skærustu stjörnum kvennaboltans undanfarin ár, þær Hólmfríði Magnúsdóttur og Hrefnu Huld Jóhannesdóttur, í síðasta landsliðshóp vegna agabrots.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fóru þær Hólmfríður og Hrefna Huld út að skemmta sér daginn fyrir æfingu um miðjan janúar og mættu í kjölfarið með timburmenn á æfingu.

Landsliðsþjálfarinn segir þær engu að síður koma til greina í næstu landsliðshópa.

**- hbg /** **sjá síðu 26**

Sýning í Þjóðarbókhlöðunni:

## Máluðu yfir meistaraverkefni

**FÓLK Hópur fólks málaði með svörtu yfir gjörning listakonunnar Sólveigar Dagmarar Þórisdóttur sem er til sýnis í Þjóðarbókhlöðunni. Gestir bókasafnins gátu tjáð sig um brotthvarf hersins á striga sem Sólveig hafði sett upp. Nú hefur verið málað yfir þær hugleiðingar.**

**Aðstoðarlandsbókavörður segir spellvirkið hafa átt sér stað um miðjan dag á mánudag og að starfsmenn safnsins hafi haldið að þetta væri hluti af sýningunni. Þeim hafi því verið brugðið þegar þeim ljóst var að svo var ekki. Listakonan sjálf vildi lítið segja um málið og sagðist ekki geta stjórnað því hvernig fólk vildi tjá sig.**

**- fgg/****sjá síðu 30**







## SPURNING DAGSINS



*Sturla, þurfið þið ekki bara að stækka krónuna?*

„Er þetta ekki frekar spurning um að Evrópusambandið taki hana upp?“

Íslenska krónan er orðin of lítil fyrir bankana samkvæmt umfjöllun alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's. Sturla Pálsson er framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans.

Umboðsmaður Alþingis tekur við kvörtunum vegna skipunar héraðsdómara:

# Tveir af þremur hæfustu hafa kvartað

**STJÓRNSÝSLA** Tveir af þremur umsækjendum um stöðu héraðsdómara á Norðurlandi eystra sem dómnefnd taldi hæfasta hafa kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í starfið.

Pétur Dam Leifsson, lektor í alþjóðalögum við Háskóla Íslands, sendi í fyrradag umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna skipunarinnar. Guðmundur Kristjánsson hæstaréttarlögmaður hafði áður gert hið sama.



**PÉTUR DAM LEIFSSON** Hefur sent umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna skipunar í embætti héraðsdómara.

Dómnefnd mat þrjá umsækjendur um starfið hæfasta, þar á meðal Pétur og Guðmund. Settur dómsmálaráðherra, Árni Mathiesen, gekk fram hjá áliti dómnefndarinnar og skipaði Þorstein Davíðsson í embættið þó að honum væri skipað tveimur flokkum neðar en hinum umsækjendunum þremur.

Í yfirlýsingu sem Pétur sendi frá sér í gær segist hann telja það hljóta að þjóna almannahagsmunum best að þetta mál verði upplýst eins vel og hægt sé, og vilji hann leggja sitt af mörkum til þess. Það geri hann að teknu tilliti til athugasemda frá dómnefndinni, Dómarafélags Íslands og ýmissa helstu fræðimanna þjóðarinnar á sviði lögfræði.

Guðmundur vildi ekki tjá sig um málið þegar leitað var eftir því en staðfesti að hann hafi sent kvörtun til umboðsmanns Alþingis fyrir ellefu dögum. - sþs

Hafnaði á verslunarhúsnæði:

# Bensíngjöfin festist í botni

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður á höfuðborgarsvæðinu missti stjórn á bifreið sinni síðdegis í gær sökum þess að bensíngjöfin festist í botni. Bíllinn hafnaði á verslunarhúsnæði. Maðurinn var fluttur á slysadeild, lítið slasaður.**

**Þá missti ökumaður stjórn á bifreið sinni á leið norður Reykjavíkurveg við Kringlumýrarbraut. Hann ók yfir umferðareyju og fór nokkrar veltur í veg fyrir aðvífandi umferð suður Kringlumýrarbraut. Tvær bifreiðar á leið suður óku á fyrrnefnda bifreið. Ekki er vitað um meiðsl en fólkið var flutt á slysadeild til aðhlynningar.** - jss

Saga Capital gegn Insolidum:

# Kærir úrskurð til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL Saga Capital fjárfestingarbanki hefur kært niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli bankans gegn Insolidum ehf., sem er eigu Daggar Pálsdóttur, varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins, og Páls Ágústs Ólafssonar sonar hennar. Saga Capital krafðist þess að fá full yfirráð yfir félaginu þar sem það skuldaði bankanum vegna láns sem tekið var til þess að kaupa hlutabréf í SPRON. Ekki liggur fyrir hvenær málið verður tekið fyrir í Hæstarétti.**

**Gengi bréfa í SPRON hefur lækkað mikið frá því það var skráð á markað en það var 18,7 í lok fyrsta dags félagsins í kauphöllinni, 23. október. Í lok dags í gær var það um sjö.** - mh

Franska hjálparstarfsfólkið:

# Þarf að afplána fangelsisdóm

**FRAKKLAND, AP** Dómstóll í Frakklandi dæmdi á mánudag sex franska hjálparstarfsmenn í átta ár í fangelsi fyrir tilraun til að ræna 103 börnum í Tsjad síðastliðið haust. Mennirnir sex höfðu verið dæmdir sekir í Tsjad, en samkvæmt samningi milli landanna voru þeir fluttir til Frakklands til þess að afplána dóminn.



**ÓSÁTT MÓÐIR** Móðir eins hjálparstarfsmannanna segir fjölmiðlum álit sitt.

Franski dómstóllinn staðfesti dóminn frá Tsjad að öðru leyti en því að átta ára nauðungarvinnu var breytt í átta ára fangelsi, enda er ekki gert ráð fyrir að sekir menn séu dæmdir í nauðungarvinnu í Frakklandi. - gb

# Viðbúið að kjöt og mjólk hækki í verði

**Allt að 80 prósenta verðhækkun hefur orðið á áburði. Miklu meiri hækkun en innflytjendur gerðu ráð fyrir. Heildarhækkunin gæti numið þúsund milljónum króna. Viðbúið að verð á kjöti og mjólk hækki í kjölfarið. Áfall fyrir sauðfjárbændur.**

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta eru miklu meiri hækkanir en við höfðum vonast eftir,“ segir Sigurður Þór Sigurðsson, sviðsstjóri áburðarsviðs Áburðarverksmiðjunnar.

Verð á tilbúnum áburði hjá Áburðarverksmiðjunni og Sláturfélagi Suðurlands hækkar um 30 til 80 prósent á þessu ári, miðað við síðasta ár.

Gera má ráð fyrir því að verðhækkanir á áburði, ásamt öðrum hækkunum, til dæmis á kjarnfóðri, skili sér fyrr en síðar í verði á kjöt og mjólk út úr búð.

„Þetta er því miður það sem markaðurinn býr við,“ segir Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri Sláturfélagsins. Hann segir að þetta skýrist af gríðarlegum hækkunum á hráefni til áburðarframleiðslu. „Fosfórsýra hefur til dæmis hækkuð um á þriðja hundrað prósenta.“

Bændur hafa beðið áburðarverðsins með óþreyju og sumir kviðið miklum hækkunum.

„Ég bara trúi þessu ekki fyrr en á reynir. Þetta færi illa með bændur, sérstaklega í sauðfjárrækt þar sem menn eru ekki stöndugir fyrir,“ segir Agnar Davíðsson, sauðfjárbóndi á Fossum við Kirkjubæjarklaustur.

Ætla má að fyrir hækkanir hafi áburðarkostnaður numið allt að fimmtán prósentum framleiðslukostnaðar hjá sauðfjárbændum. Ljóst er að þetta hlutfall hækkar.

„Við eigum von á að fá að vita þetta á morgun eða næstu daga, en ég geri ráð fyrir miklum hækkunum,“ segir Lúðvík Björgvinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Skeljungs.



**SLÁTTUR Í RANGÁRÞINGI** Ætla má að bændur vilji heldur bera skarn á hóla en nota tilbúinn áburð í ljósi gríðarlegra verðhækkana.

## Verðlagsnefndin tilbúin til endurskoðunar

„Við komum saman í desember og ákváðum þetta,“ segir Ólafur Friðriksson, formaður Verðlagsnefndar landbúnaðarvara. Nefndin ákveður heildsöluverð á mjólk og verð til bænda. Ekki var gert ráð fyrir hækkunum á kjarnfóðri og áburði þegar verðið var ákveðið. Þá var ákveðið að heildsöluverð á nýmjólk yrði 72 krónur og 28 aurar. Verð til bænda yrði 49 krónur og 96 aurar.

Ætla má að áburðarverð nemi, fyrir hækkun, um tíu prósentum af rekstrarkostnaði bænda. Kjarnfóðurkostnaður vegur um tólf prósent í rekstri kúabúa. Mjög miklar hækkanir verða á áburðarverðinu í ár og verð á kjarnfóðri hefur þegar hækkað nokkuð.

Ólafur Friðriksson segir að verðlagsnefndin haldi fundi reglulega og ekki sé loku fyrir það skotið að verðið verði endurskoðað. - ikh

### DÆMI UM HÆKKANIR

| | 2008 | 2007 | hækkun |
|---|---|---|---|
| Fosfóráburður | 56.400* | 31.300* | 80,4% |
| Þrígildur áburður | 64.200* | 38.700* | 66,0% |
| Tvígildur áburður | 62.200** | 35.000** | 77,8% |

* kr./tonn ** kr./600 kg.

Skeljungur hefur flutt um fjórðung áburðar hingað til lands og Sláturfélagið um fjórðung. Áburðarverksmiðjan er með um helming markaðshlutdeildar.

Alls voru flutt um 63 þúsund tonn af tilbúnum áburði til landsins í fyrra. Sé miðað við að tonn af áburði kosti um 30 þúsund krónur, má ætla að bændur hafi greitt um 1,9 milljarða króna fyrir áburð í fyrra. Sé meðalhækkunin um 50 prósent, er ljóst að áburðarreikningur íslensks landbúnaðar hækkar um 900 milljóna króna og fari jafnvel yfir milljarðinn. ingimarkarl@frettabladid

Össur Skarphéðinsson:

# Flugvöllur verði helst í Reykjavík

**ALÞINGI** Össur Skarphéðinsson, ráðherra byggðamála, sagði á Alþingi í gær að helst vildi hann að flugvöllur yrði áfram í Reykjavík. Á því væri hins vegar bitamunur en ekki fjár hvort hann væri í Vatnsmýri eða á Hólmsheiði.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum, spurði Össur hvort hann ætlaði ekki örugglega að leggja sitt af mörkum til að tryggja að völlurinn yrði áfram í Vatnsmýrinni. Össur lofaði engu og svaraði heldur ekki áskorun Kristins um að vinna að því að tryggja að samgöngumiðstöð risi fljótt og vel í Vatnsmýri. - bþs

Umferðaröryggi í Reykjavík:

# Slysum fækkar í höfuðborginni

**UMFERÐARMÁL** Umferðarslysum sem og alvarlegum slysum í umferðinni í Reykjavík hefur fækkað um tæpan helming á tíu árum. Þetta kemur fram í skýrslu sem Stefán Finnsson, verkfræðingur hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, hefur skilað.

Árið 1996 urðu 603 umferðarslys en tíu árum síðar voru þau 316. Alvarleg slys voru 78 árið 1996 en 40 árið 2006.

Stefán leiðir að því líkur að þennan góða árangur megi að nokkru leiti rekja til reglugerða um ökuferilsskrá og punktakerfi sem sett var á árið 1999.

Einnig kemur fram í skýrslunni að á landsvísu hafi hlutfall alvarlegra slysa í Reykjavík minnkað á þessu tíu ára tímabili. - jse




Í gær voru áttatíu ár liðin frá stofnun Slysavarnarfélagi Íslands:

# Tvær milljónir í afmælisgjöf

**TÍMAMÓT** Í gær voru liðin 80 ár frá stofnun Slysavarnarfélag Íslands en stofnun þess markar upphaf skipulags björgunar- og slysavarnarstarfs á Íslandi. Að því tilefni sló Slysavarnarfélagið Landsbjörg til afmælisveislu í Listasafni Reykjavíkur í gærkvöldi.

Ekki vantaði uppá afmælisgjafirnar því Björn Bjarnason dómsmálaráðherra afhenti Slysavarnarfélaginu Landsbjörg tvær milljónir króna að gjöf.

„Það er alveg fullt hús,“ sagði Ólöf Snæhólm Baldursdóttir upplýsinga- og kynningafulltrúi Landsbjargar þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í miðri veislu. „Ólafur Rangar Grímsson, forseti Íslands, hélt ávarp og fór fögrum orðum um félagið og síðan sungu þeir í karlakórnum Þresti alveg eins og englar svo þetta hefur verið afar skemmtilegt.“

Ólafur Proppé, fyrrverandi formaður Landsbjargar og Gunnar Tómasson, fyrrverandi forseti Slysavarnarfélags Íslands, voru heiðraðir en félögin sem þeir voru í forsvari fyrir voru sameinuð undir merkjum Slysavarnarfélags Landsbjargar árið 1999.

Einnig voru rifjuð upp brot úr sögu félagsins. Björgunartæki og búnaður voru til sýnis en fleira gladdi augað því nokkur hundruð sjálfboðaliðar félagsins mættu í einkennisfatnaði.



**FYRIRRENNARAR HEIÐRAÐIR** Gunnar Tómasson, fyrrverandi forseti Slysavarnarfélags Íslands og Ólafur Proppé, fyrrverandi formaður Landsbjargar, voru heiðraðir. Sitthvoru megin við þá eru Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Því má bæta við að Björgunarfélag Vestmannaeyja var stofnað árið 1918 eða tíu árum fyrr en afmælisbarn gærdagsins. - jse

# DÝRMÆTAR SEKÚNDUR

Það tekur afar stuttan tíma að tryggja sér miða, en miklar líkur eru á að þeim tíma sé vel varið. Síðasta ár gaf af sér 35.695 vinningshafa í Happdrætti Háskólans. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

GOTT FÓLK

## GENGIÐ 29.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,44 | 64,74 |
| Sterlingspund | 128,07 | 128,69 |
| Evra | 95,19 | 95,73 |
| Dönsk króna | 12,77 | 12,844 |
| Norsk króna | 11,835 | 11,905 |
| Sænsk króna | 10,06 | 10,118 |
| Japanskt jen | 0,6036 | 0,6072 |
| SDR | 102,38 | 103 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,3678

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum flutt í Hæstarétti í dag:

# Horft til málsins sem prófmáls

**DÓMSMÁL** Málflutningur fer fram í Hæstarétti í dag í máli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar gegn olíufélögunum Skeljungi, Olís og Keri, áður Olíufélaginu. Þetta er fyrsta skaðabótamálið á hendur olíufélögunum sem tekið er fyrir í Hæstarétti og því litið til þess sem prófmáls.

Olíufélögin voru dæmd til greiðslu rúmlega 72 milljóna, auk vaxta, vegna samráðs félaganna fyrir útboð á vegum borgarinnar árið 1996 13. desember 2006.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag telja matsmennirnir Gylfi Zoëga og Sveinn Agnarsson að Skeljungur, sem seldi Reykjavíkurborg olíu að loknu fyrrnefndu útboði, hafi hagnast um 175 til 200 milljónir króna vegna samráðsins.



**HÆSTIRÉTTUR** Héraðsdómur dæmdi olíufélögin til greiðslu 72 milljóna króna vegna samráðs fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þessu mati hafa lögmenn olíufélaganna mótmælt. Einar Þór Sverrisson, sem flytur málið fyrir hönd Skeljungs, sagði matið vera „allt vaðandi“ í rangfærslum. KPMG hefur unnið að yfirferð á mati Gylfa og Sveins og samkvæmt þeirri úttekt er ávinningur olíufélaganna af samráði lítill sem enginn.

Nokkur önnur skaðabótamál eru í undirbúningi. Eitt sveitarfélag fyrir utan Reykjavíkurborg hefur ákveðið að leita réttar síns, Vestmannaeyjabær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bíða önnur sveitarfélög niðurstöðu Hæstaréttar í máli Reykjavíkurborgar en þá verður hægt að meta hvort grundvöllur sé fyrir dómsmáli. - mh

Methækkun í Kauphöllinni:

## Flaga vaknar af værum blundi

**VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í Flögu rauk upp um 56,5 prósent í Kauphöll Íslands í gær.**

**Flaga var skráð á markað í enda nóvember 2003 og voru fyrstu viðskiptin á genginu sex krónur á hlut. Hæst fór það í átta krónur. Lægst fór það svo í 55 aura á þriðjudag fyrir viku. Gengið stóð í 1,08 krónum í gær, sem jafngildir 96 prósenta hækkun á einni viku en Flaga er eina félagið sem hefur hækkað í Kauphöllinni á árinu, eða um 27 prósent.**

**Gengi hlutabréfa hækkaði almennt í Kauphöllinni í gær og hækkaði Úrvalsvísitalan um 2,57 prósent. - jab**

# Sex kindur í sjálfheldu bíða dauðans

**„Þeirra bíður ekkert nema dauðinn ef harðindin halda áfram,“ segir formaður landbúnaðarnefndar í Snæfellsbæ um sex kindur sem eru í sjálfheldu á syllu í Ólafsvíkurenni. Sú sjöunda er dauð. Ófært er upp vegna snjóa og svella.**

**BÚFJÁRHALD** Sex kinda sem eru í sjálfheldu á syllu í Ólafsvíkurenni mun ekkert bíða nema dauðinn ef ekki hlýnar í veðri og hlánar innan tíðar. Upphaflega voru þær sjö talsins en ein er nú dauð.

„Þessar blessaðar rollur eru svo styggar að ekki hefur tekist að ná þeim niður. Það er búið að reyna það nokkrum sinnum,“ segir Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ. Hann segir að hóp manna þurfi til að koma þeim til byggða.

„Ef þær eru komnar í sjálfheldu kemst enginn upp til þeirra.“

Bæjarstjóri kveðst hafa farið upp í Enni fyrir nokkru til að reyna að ná kindunum niður. Hann var einn á ferð.

„Ástæðan fyrir því að þær eru þarna uppi er sú að það er ágætis beit og skjólgott undir klettunum,“ útskýrir hann. „Ég fór í þriggja tíma ferð en kindurnar hlupu upp eftir stöllunum. Þegar ekki var nema hálfur metri upp í klaka sneri ég við, því ella blasti við sextíu metra fall. En þær héldu áfram. Sú sem er dauð hefur sennilega runnið á klakanum.“

Eigandi kindanna hefur að sögn Kristins gert tilraunir til að ná þeim en ekki tekist, því þær eru eldstyggar. Spurður um kvartanir vegna þeirra segir Kristinn að mikið sé um hringingar frá fólki. Hann segir bæjaryfirvöld stundum hafa þurft að ýta við frístundabændum að sækja sínar kindur og yfirleitt hafi það borið árangur.



**Í SJÁLFHELDU** Sex kindur eru í sjálfheldu á syllu í Ólafsvíkurenni. Sjöunda kindin er dauð. Ófært er upp vegna snjóa og svella. FRÉTTABLAÐIÐ/MARÍNÓ MORTENSEN

„Stundum höfum við fengið björgunarsveitina til að aðstoða menn við að sækja fé. En það getur verið ábyrgðarhluti að senda menn upp á þessum tíma, því ef þeir lenda á klaka þarf ekki að spyrja frekar að því. Það vill enginn hafa þetta svona. En það er spurning hvort er betra að bíða og sjá hvort þær lifa af eða að skjóta þær niður. Hið síðarnefnda vilja menn helst ekki gera.“

Óttar Sveinbjörnsson, formaður landbúnaðarnefndar á svæðinu, segir að eins og málum sé komið nú sendi enginn menn upp eftir kindunum.

„Þetta er snarbrött klammahella,“ segir hann og bætir við að kindanna bíði ekkert nema dauðinn ef harðindin haldi áfram.

Hann segir að það séu alltaf sömu mennina sem gæti ekki nógu vel að fé sínu. Ekki náðist í eiganda kindanna við vinnslu fréttarinnar. jss@frettabladid.is

VG mælir fyrir frumvarpi:

## Nefnd smíði ný fiskveiðilög

**ALÞINGI** Samkvæmt frumvarpi þriggja þingmanna Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs eiga ný lög um stjórn fiskveiða að taka gildi 1. september 2010. Skal tíu þingmanna nefnd sjávarútvegsráðherra vinna að mótun heildarstefnu í sjávarútvegsmálum.



ATLI GÍSLASON

Markmið nýju laganna eiga að vera að nytjastofnar á Íslandsmiðum verði óvéfengjanleg sameign þjóðarinnar og að þau tryggi verndun, sjálfbærni og hagkvæma nýtingu sjávarauðlinda og lífríkis sjávar, sem og trausta atvinnu og byggð í landinu öllu. - bþs

Fuglaflensa á kreiki í Asíu:

## Hundrað dánir í Indónesíu

**INDÓNESÍA, AP Í Indónesíu var í gær skráð hundraðasta dauðsfallið af völdum fuglaflensu, en það er langmesta mannfall sem orðið hefur af völdum veirusjúkdómsins í einu landi. Svo virðist sem hann sé nú að breiðast út á ný með auknum hraða í Asíu.**

**Alls er vitað um 222 dauðsföll af völdum fuglaflensu í heiminum, svo að nær annað hvert þeirra hefur orðið í Indónesíu frá því hin skæða H5N1-veira hóf að valda stórskaða í alifuglastofnum Asíu síðla árs 2003.**

**Síðustu daga hefur sjúkdómurinn breiðst út meðal fugla á Norðaustur-Indlandi og slátrun 2,5 milljóna alifugla verið fyrirskipuð af þeim völdum. - aa**



**GENGIÐ TIL ATKVÆÐA** ÖSE og rússnesk stjórnvöld deildu einnig um kosningaeftirlit í kosningunum í desember. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakjör í Rússlandi:

## Færri í kosningaeftirliti

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld hafa boðið 400 kosningaeftirlitsmönnum að hafa eftirlit með forsetakosningunum í mars að því er yfirmaður kjörstjórnar greindi frá á mánudag. Eru þetta helmingi færri kosningaeftirlitsmenn en voru viðstaddir forsetakosningarnar fyrir fjórum árum.

Um 70 fulltrúum frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hefur verið boðið ásamt fulltrúum frá Evrópuþinginu, Þingmannasamkomu ÖSE og Samveldi sjálfstæðra ríkja (CIS).

„Í boðinu felast alvarlegar takmarkanir á fjölda eftirlitsmanna og tíma sem þeir geta varið í eftirlit,“ sagði Curtis Budden, talsmaður skrifstofu ÖSE í Varsjá. - sdg

## DÓMSTÓLAR

### Farbann framlengt

Farbann yfir pólskum manni sem grunaður er um að hafa ekið á fjögurra ára dreng í Reykjanesbæ hefur verið framlengt til 12. febrúar. Atvikið átti sér stað fyrir tveimur mánuðum.

### Stálu dekkjum af bíl

Fimm karlmenn á tvítugsaldri hafa verið dæmdir fyrir að stela fjórum dekkjum af bíl á Selfossi síðastliðið sumar. Tveir voru dæmdir til sektargreiðslu en refsingu þriggja var frestað vegna ungs aldurs. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands.





Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STORMUR Á VESTFJÖRÐUM**

Mjög stífur vindstrengur er að sigla inn á Vestfirðina, fyrst nyrst og vestast. Þessi vindstrengur er á bilinu 20-30 m/s og gengur í dag og kvöld inn á meginhluta Vestfjarðakjálkans, yfir á Húnaflóa og Breiðafjörð. Þessu fylgir snjókoma og stórhríð, einkum á heiðum. Allt öðru vísi veður verður annars staðar. Má búast við rólegheitaveðri með éljum á víð og dreif síst austan til.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg breytileg átt og hætt við stöku éljum. Frost 1-5 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




8-18 m/s hvassast úti við ströndina á austur og suðausturlandi.

*» föstudagur*




8-15 m/s allra austast annars hægari

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 8°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 5°C alskýjað |
| Billund | 6°C skúrir | París | 5°C rigning | Lúxemborg | 5°C hálfskýjað |
| Osló | 0 °C hálfskýjað | Amsterdam | 8°C skúrir | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 4°C rigning | Frankfurt | 7°C hálfskýjað | Róm | 14°C heiðskírt |
| Gautaborg | 5°C skúrir | Berlín | 8°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




UMHVERFISVÆN SÍMASKRÁ 2008

# Þarftu að breyta þér í Símaskránni 2008?

Móttöku auglýsinga og skráninga í **Símaskrána 2008** fer senn að ljúka.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **ja@ja.is**.

Skráningu lýkur 31. janúar 2008.

já – er svarið

**KJÖRKASSINN**



*Gekk Spaugstofan of langt í umfjöllun sinni um Ólaf F. Magnússon borgarstjóra á laugardag?*

| | |
|---|---|
| Já | 32% |
| Nei | 68% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að þingfundum Alþingis verði útvarpað?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Sparnaðaraðgerðir hjá lögreglunni og afgreiðslan á Hverfisgötu lokuð á nóttunni:

# Búrið verður autt á næturnar

**LÖGREGLUMÁL** Almenn afgreiðsla í lögreglustöðinni á Hverfisgötu í Reykjavík verður lokuð á næturna frá og með föstudeginum. Fólk getur enn komið í anddyri lögreglustöðvarinnar og fengið samband við lögreglu í gegnum dyrasíma, en enginn starfsmaður verður í afgreiðslunni.

„Afgreiðslan í Hverfisgötunni hefur hingað til verið á tveimur stöðum, en núna erum við að sameina þær og færa á einn stað,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Það verður ekki lengur starfsmaður í þessu rými, búrinu eins og það er kallað, allan sólarhringinn.“



**LÖGREGLUSTÖÐIN** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er óánægja meðal starfsmanna vegna breytinganna. Verið sé að dreifa álaginu á færri starfsmenn og draga úr þjónustu.

Hann segir að fólk sem kemur á lögreglustöðina að nóttu til geti fengið samband við lögreglumenn í stjórnunarrými, og fengið aðstoð ef með þarf. „Ef menn þurfa nauðsynlega hjálp þá eiga þeir þó frekar að hringja í 112 en ekki skunda niður á lögreglustöð.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er óánægja meðal lögreglumanna með þessa breytingu. Verið sé að dreifa sama vinnuálagi á færri starfsmenn og draga úr þjónustustigi.

Stefán tekur undir að vissulega verði færri starfsmenn inni við til að sinna erindum sem koma upp, en hann hafi ekki heyrt af óánægju meðal starfsmanna. „Við erum bara að reyna að finna bestu leiðina til að nýta peningana.“ **- sþs**

Hönnunarsafn í Garðabæ:

# 36 tillögur bárust í samkeppni

**GARÐABÆR Frestur til að skila inn tillögu að nýbyggingu Hönnunarsafns í miðbæ Garðabæjar rann út um miðjan janúar. Alls bárust 36 tillögur og segir Erling Ásgeirsson, formaður dómnefndar, að það sé einhver mesta þátttaka í hönnunarsamkeppni sem um getur, að minnsta kosti síðustu ár.**

**Búið er að hengja tillögurnar upp í húsnæði Hönnunarsafnsins og byrgja alla glugga. Dómnefnd er að störfum á bak við luktar dyr og er stefnt að því að hún skili niðurstöðu upp úr miðjum febrúar.**

**- ghs**

Múslimakonum mismunað:

# Of klæddar fyrir sundlaugina

**SVÍÞJÓÐ, AP** Borgaryfirvöld í Gautaborg í Svíþjóð voru í gær dæmd til að greiða tveimur múslimakonum sem svarar 200.000 krónum hvorri fyrir menningarlega mismunun.

Konurnar fóru tvívegis í sundlaug árið 2004 ásamt börnum sínum íklæddar íþróttabuxum, síðerma bolum og höfuðklútum. Í bæði skiptin voru þær beðnar um að yfirgefa laugina eftir að þær neituðu að skipta um föt. Sundlaugarverðir sögðu konunum að fatnaðurinn samrýmdist ekki öryggis- og hreinlætisreglum.

Dómstóllinn sagði konunum hafa verið mismunað þar sem trú þeirra kæmi í veg fyrir að þær gætu orðið við þessum reglum. **- sdg**

Frumvarp í tyrkneska þinginu:

# Höfuðklútabanni aflétt

**TYRKLAND, AP Frumvarp um stjórnarskrárbreytingu sem afléttir áratugalöngu banni við því að bera íslamska höfuðklúta í háskólum var lagt fyrir á tyrkneska þinginu í gær.**

**Frumvarpið var lagt fram eftir að samkomulag náðist um innihald þess milli Réttlætis- og þróunarflokks Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra, sem á rætur í íslamstrú, og stjórnarandstöðuflokks þjóðernissinna.**

**Kvenkyns nemum verður leyft að bera höfuðklúta svo lengi sem þeir eru bundnir undir höku svo sjáist í andlit þeirra, að sögn stjórnarandstöðuleiðtogans Deveit Bacheli.**

**- sdg**

# Garðabær vill ekki gefa frítt í strætó

**Ágreiningur er innan stjórnar Strætó bs. um hvort gefa eigi grunnskólabörnum og eldri borgurum frítt í strætó eins og nýi meirihlutinn í Reykjavík vill. Borgin hlýtur að borga fyrir sína farþega, segir bæjarfulltrúi Garðabæjar.**

**SVEITARFÉLÖG** Innan stjórnar Strætó bs. stefnir í ágreining um það hvort gefa beri grunnskólabörnum og eldri borgurum frítt í strætó, eins og nýi meirihlutinn í Reykjavík stefnir að. Ekki hefur gefist tími til að leggja tillögu um málið fyrir stjórn Strætó bs. en fulltrúi Garðabæjar er mótfallinn hugmyndinni um gjaldfrjálsar strætisvagnaferðir.



**ERLING ÁSGEIRSSON**

Bæði Kópavogsbær og Hafnarfjörður styðja gjaldfrjálsar almenningssamgöngur. Mosfellingar og Seltirningar vilja bíða og sjá hvernig gengur með tilraunina að gefa framhaldsskólanemum frítt í strætó. Erling Ásgeirsson, fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó, býst við að leggjast gegn tillögu um ókeypis í strætó ef hún kemur fram.

„Við höfum verið á móti því að gefa frítt í strætó þó að við séum þátttakendur í tilraunaverkefninu. Við tökum þátt í því sem umhverfisverkefni og tilraun til að draga úr bílaumferð og mengun. En við höfum lagst gegn því að almennt verði frítt í strætó með tilliti til þess að það kostar óhemjumikla peninga,“ segir hann.



**STRÆTÓ** Bæjaryfirvöld í Garðabæ munu af fjárhagsástæðum leggjast gegn því að gefið verði frítt í strætó fyrir eldri borgara og grunnskólabörn, eins og nýi meirihlutinn í Reykjavík stefnir að. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erling bendir á að í Hafnarfirði fái eldri borgarar frítt. Bæjaryfirvöld kaupi þá strætómiða og deili út. Sama verði væntanlega gert í Kópavogi þegar bæjarbúar þar fái ókeypis í strætó. „Það er engin önnur leið, annars hoppa Garðbæingar bara upp á hæðina og í strætó,“ segir hann.

Erling segir að meðgjöf Garðbæinga hafi aukist úr 30-40 milljónum í vel á annað hundrað milljónir króna á þremur árum. Það sé meira en lítið sveitarfélag geti svarað fyrir í þennan málaflokk. Í fyrra hafi uppsafnaður rekstrarhalli Strætó numið 1.050 milljónum króna. Eigendurnir hafi tekið yfir 550 milljónir en eftir standi óleystur fjárhagsvandi upp á 500 milljónir. Ef heildartekjur fyrirtækisins af fargjöldum nemi um 600 milljónum á ári og fargjöld nemenda og eldri borgara nemi tveimur þriðju af því sé fyrirtækið að afsala sér 400 milljóna króna tekjum á ári.

„Þegar menn taka svona einhliða ákvarðanir og tilkynna meðeigendum sínum að þeir ætli að gefa ókeypis í strætó þá hlýtur það að byggjast á því að þeir ætli að borga fyrir sína farþega,“ segir hann.

**ghs@frettabladid.is**











Borgarráð áréttar að kaup á húsum númer 4 og 6 hafi ekki fordæmisgildi:

# Kröftugra samtal nauðsynlegt

**SKIPULAGSMÁL** „Ég vil ekki tjá mig um einstök hús á þessu stigi,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, spurð hvort húsin við Laugaveg 4 og 6 séu á einhvern hátt merkilegri en önnur hús við Laugaveg sem Húsafriðunarnefnd leggur til að verði friðuð.

Reykjavíkurborg hefur keypt húsin númer 4 og 6 og segir Hanna Birna mál þeirra húsa hafa verið komið í þrot. Því hafi borgaryfirvöldum borið skylda til að leysa málið.

Á fundi borgarráðs 24. janúar síðastliðinn var samþykkt að borgin keypti húsin og gerði þau upp. Á sama fundi var lögð fram bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna þar sem áréttað var að samþykktin fæli ekki í sér fordæmi fyrir önnur hús á svæðinu. Í ályktuninni var lögð áhersla á heildarskoðun gamalla húsa í miðborginni, sérstaklega við Laugaveg.

„Við samþykktum að nú fari í gang ákveðin heildarendurskoðun á málum sem tengjast Laugaveginum og viljum við skoða þetta í heild sinni,“ segir Hanna Birna.

Um gagnrýni Nikulásar Úlfars Mássonar, formanns húsafriðunarnefndar, þess efnis að borgin svari ekki tillögum nefndarinnar segir Hanna Birna að samtal milli borgaryfirvalda og húsafriðunarnefndar þurfi öruggelga að vera kröftugra. „Það skrifast á báða aðila því þegar deiliskipulagið var samþykkt gerði nefndin ekki athugasemdir við að þessi hús yrðu látin fara.“ Það hafi gerst á seinni stigum.



**LAUGAVEGUR 29** Eitt húsanna sem má rífa samkvæmt núgildandi deiliskipulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún telur að á sínum tíma hafi borgaryfirvöld, í valdatíma R-listans, verið að reyna að tryggja uppbyggingu við Laugaveginn. „Núna eru þau sjónarmið orðin almennt sterkari í umræðunni að það þurfi að gerast samhliða verndun. Verkefnið er að samræma þessi tvö sjónarmið betur.“

Hún segir borgaryfirvöld vera að fara í endurskoðunarferli ásamt þeim aðilum sem komið hafi að deiliskipulaginu. „Við förum í gegnum þetta heildstætt og reynum að ná lendingu sem við vonandi náum sátt um.“ **- ovd**



LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAÐ
Framkvæmdu þessa í dag
Ekki láta hugmyndina um að eyða í sparnað týnast innan um allar hinar. Hún er svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.
• Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
• Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
• Byrjaðu að spara reglulega
Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.
Landsbankinn

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða bæ hefur bæjarráð lagst gegn því að vélhjólaklúbburinn Fáfnir komi sér fyrir?*
2. *Í hvaða stjórnmálaflokki er Angela Merkel, kanslari Þýskalands?*
3. *Hver er formaður HSÍ?*

SVÖR Á SÍÐU 30

Átökin í Keníu undanfarinn mánuð virðast hvergi nærri í rénun:

# Keníuskur þingmaður myrtur

**KENÍA, AP** Stjórnarandstöðuþingmaðurinn Mugabe Were var skotinn til bana í Naíróbí, höfuðborg Keníu, á leið til heimilis síns í gær. Lögregla og her skutu á mannfjölda í Sig-dalnum. Átökin í Keníu sem hófust eftir umdeildar kosningar 27. desember virðast hvergi nærri í rénun í þessu Afríkuríki sem hingað til hefur verið talið eitt það stöðugasta í álfunni.

Talið er að fjöldi látinna síðastliðinn mánuð sé kominn yfir 800. Megnið af átökunum á sér stað milli Kikuyu-ættbálksins og annarra ættbálka. Kikuyu-ættbálkurinn, sem hefur lengi verið ráðandi



**SÖTRA TE MEÐAN ÁTÖK STANDA** Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, stýrir viðræðum milli Mwai Kibaki, forseta Keníu, og Raila Odinga, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, um að stilla til friðar. NORDICPHOTOS/AFP

í stjórnmálum og viðskiptalífi í Keníu, er fjölmennastur ættbálka í landinu og tilheyrir forseti landsins, Mwai Kibaki, honum.

Were var í hópi þeirra stjórnarandstöðuþingmanna sem fengu sæti í þingkosningunum sem voru haldnar samhliða forsetakosningunum 27. desember. Stjórnarandstaðan, sem fékk flest þingsæti, sakar Kibaki um að hafa unnið forsetakosningarnar með svindli.

Stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga sagðist gruna að pólitískir andstæðingar sínir stæðu á bak við morðið á Were. Kibaki fordæmdi morðið og hét því að lögregla myndi bregðast skjótt við til að tryggja að hinir seku fengju makleg málagjöld. - sdg

Stjórn nýrrar stofnunar skipuð:

# Benedikt stýrir sjúkratryggingu

**STJÓRNMÁL Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Heims og fyrrverandi stjórnarformaður Tryggingastofnunar, er formaður stjórnar sjúkratryggingastofnunar sem tekur til starfa í haust. Er stofnuninni ætlað að semja um og kaupa heilbrigðisþjónustu fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins.**

**Aðrir stjórnarmenn eru Magnús Árni Magnússon hagfræðingur, Þórir Haraldsson lögfræðingur, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur og Arna Lára Jónsdóttir stjórnmálafræðingur.** - bþs



**Í KRANANUM** Hópurinn samanstóð af fjórum Íslendingum og fólki frá Danmörku, Belgíu og Bretlandi. Einn klifraði upp í krana.

Níu mótmælendur ákærðir:

# Orkuveitan vill fá skaðabætur

**DÓMSMÁL** Orkuveita Reykjavíkur og Ístak hf. gera kröfu um að hópur fólks sem mótmælti við Hellisheiðarvirkjun í sumar sem leið greiði skaðabætur að upphæð tæplega 742 þúsund krónur.

Þetta kemur fram í ákæru sem Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri á Selfossi hefur gefið út á hendur níu einstaklingum sem stóðu að mótmælaaðgerðum á veginum að Hellisheiðarvirkjun og óhlýðnuðust fyrirmælum lögreglu. Þá er karlmaður í hópnum ákærður fyrir að hafa í heimildarleysi klifrað upp í byggingarkrana við Hellisheiðarvirkjun og hafst þar við í skamma stund. - jss

# Atvinnulífi umbreytt í ljósi uppsagna í fiskvinnslunni

**Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar þorskkvóta fá falleinkunn hjá stjórnarandstöðu. Framsóknarmenn og frjálslyndir vilja auka veiðiheimildir. Ráðherra vill bíða eftir nýjum rannsóknum.**

**ALÞINGI** „Ríkisstjórnin heldur að nóg sé að bjóða fólki að mála hús,“ sagði Kristinn H. Gunnasson, Frjálslynda flokknum, í utandagskrárumræðum um uppsagnir í fiskvinnslu og atvinnuöryggi í sjávarbyggðum á Alþingi í gær.

Kristinn fór mikinn í gagnrýni sinni á þá ákvörðun stjórnvalda að skera niður þorskveiðiheimildir enda væru afleiðingarnar hrina uppsagna í sjávarútvegi. Hann gaf lítið fyrir mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar og kallaði þær ýmist brandara, blekkingar eða sýndartillögur. „Það á að hrekja fólkið hingað suður í tómu íbúðirnar sem engir kaupendur eru að og bankarnir sitja uppi með,“ sagði Kristinn og hvatti ráðherra til að auka þorskveiðikvótann nú þegar um 40 þúsund tonn.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði ráðherra haga sér eins og þorska í þurru landi, harmaði að ríkisstjórnin hefði ekki farið að ráðum Framsóknar um mótvægisaðgerðir og hvatti til aukningar veiðiheimilda. Stakk hann upp á tuttugu þúsund tonnum.



EINAR K. GUÐFINNSSON



KRISTINN H. GUNNARSSON



ATLI GÍSLASON



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði uppsagnir að undanförnu grafalvarlegar en benti á að ekki kæmu þær allar til vegna niðurskurðar í þorski. Hann sagði ótímabært að ræða aukningu veiðiheimilda enda stæðu umfangsmiklar rannsóknir fyrir dyrum, meðal annars með efldu togararalli. Með mótvægisaðgerðum væri á hinn bóginn ætlunin að stuðla að annarri atvinnuskópun.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks og formaður sjávarútvegsnefndar, talaði á svipuðum nótum og sagði lag til umbreytinga. „Þetta ástand sem nú varir á að gefa okkur aukinn kraft til að umbreyta atvinnulífi smærri byggðarlaga með það í huga að aukin fjölbreytni atvinnulífsins verði styrkur allra til framtíðar,“ sagði Arnbjörg.

Atli Gíslason, VG, sagði það staðreynd að fiskveiðistjórnarkerfið væri gjaldþrota og mælti síðar á þingfundinum fyrir frumvarpi um ný lög um stjórn fiskveiða. bjorn@frettabladid.is


# Fyrir alla sem hafa áhuga á markaðsfræði

**Með fjölda dæmisagna af íslenskum fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel í harðri samkeppni**





Fyrsta skýrsla utanríkisráðherra um Evrópumál:

# Þingheimur hafi vakandi auga

**EVRÓPUMÁL** Alþingi og kjörnir fulltrúar Íslands verða að hafa vakandi auga á málefnum innri markaðar Evrópu mun fyrr í stefnumótunar- og löggjafarferlinu en hingað til hefur tíðkast.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í fyrstu skýrslu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um Evrópumál, sem var lögð fram á Alþingi í gær, en umræða um hana á að fara fram á morgun.

Þegar Ingibjörg flutti Alþingi skýrslu sína um utanríkismál í október síðastliðnum, tók hún fram að ákveðið hefði verið að taka upp á þeirri nýbreytni að utanríkisráðherra flytti Alþingi árlega sérskýrslu um Evrópumál, enda hafi þau „oftar en ekki hlotið minni umræðu en þjóðarhagsmunir stæða til,“ þegar þau voru aðeins kynnt Alþingi sem hluti af hefðbundinni skýrslu ráðherra um utanríkismál.

Skýrslan hefur það yfirlýsta markmið að „skerpa sýn Alþingis á forsendur, stefnumið og tilgang Evrópulöggjafar, einkum á sviði innri markaðar Evrópu sem Ísland hefur verið aðili að í fjórtán ár“.

Í niðurlagi skýrslunnar, sem er samin af viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins og sendiráðinu í



**NÝBREYTNI** Sendiráð Íslands í Brussel. Sérskýrsla um Evrópumál hefur ekki verið samin í utanríkisráðuneytinu síðan árið 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Brussel, segir að þegar staða Íslands í Evrópusamstarfi er skoðuð sjáist „hve náið Ísland stendur kjarna Evrópusamrunans og hvaða áhrif regluverk innri markaðarins hefur hér á landi“. Mikilvægt sé að allir aðilar sem koma að málum á þessu sviði hafi þetta hugfast því „hagsmunirnir eru ríkir og kalla í raun á það að Ísland komi fram á þessu sviði líkt og um væri að ræða aðildarríki ESB“. - aa




## Sumarsólin kemur snemma!




**Tryggðu þér eintak** því við erum byrjuð að bóka.

**Úrval-Útsýn kynnir nýjan bækling: Sumarsól 2008.**
Kynntu þér heitustu áfangastaðina í ár. Úrvalið hefur aldrei verið meira af nýjum og spennandi stöðum fyrir sumarfríið. Ný ævintýri, hreinar strendur og fyrsta flokks hótel bíða þín á Tyrklandi, Krít og Portúgal auk sígildra sólarstaða eins og Mallorca, Albir og Tenerife. Þú getur nálgast bæklinginn á söluskrifstofum Úrvals-Útsýnar og á www.uu.is.

ÚRVAL-ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS



**SAMHENTAR KLAPPSTÝRUR** Hópur kínverskra klappstýra leikur listir sínar í keppni um pláss á Ólympíuleikunum sem fram fara í Peking í sumar. Klappstýruhópar hvaðanæva að af landinu taka þátt í keppninni. NORDICPHOTOS/AFP

Húsið að Klapparstíg 30 var yfirgefið og álitið ónýtt hreysi að mati minjavarðar:

# Sirkushúsið er elsta byggingin á reitnum

**SKIPULAGSMÁL** „Við upphaf vinnu að deiliskipulagi árið 2000 var Klapparstígur 30 yfirgefið hús og álitið ónýtt hreysi að mati minjavarðar og skipulagsyfirvalda," segir Jóhannes S. Kjarval, arkitekt á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar um niðurrif skemmtistaðarins Sirkuss.

Í endanlegu deiliskipulagi sem samþykkt var árið 2004 var gert ráð fyrir að það hyrfi. Hann segir áherslubreytingu hafa orðið síðan þá því þegar sótt hafi verið um að rífa húsið í fyrrasumar hafi minjavörður mælst til að húsið yrði varðveitt sem elsta húsið á reitnum.



**DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR AF REITNUM** Deiliskipulagið hefur verið í gildi frá 16. ágúst 2004.

„Húsið á Laugavegi 21, sem oft er kennt við Hljómalind, hefur hins vegar verið álitið, af flestum sem um minjavernd fjalla, bygging sem þarf að varðveita," segir Jóhannes þó að í endurskoðun á tillögum að deiliskipulagi vorið 2002 hafi verið heimilað að fjarlægja það hús.

Laugavegur 21 er eitt þeirra húsa sem Húsafriðunarnefnd hyggst leggja til við Menntamálaráðherra að verði friðað eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Tillögur Húsafriðunarnefndar fjalla hins vegar ekkert um húsið að Klapparstíg 30. Húsin tvö eru bæði í eigu Festar sem á og önnur hús á svæðinu. Þar er nú unnið að tillögum að uppbyggingu á svæðinu en tillögurnar hafa ekki verið teknar fyrir á fundi Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. - ovd



**LÖGREGLUMAÐUR MIÐAR Á BANKANN** Talið er að gíslatökumennirnir séu vopnaðir skammbyssum og handsprengju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óku á brott með fimm gísla:

## Gíslataka í Venesúela

**VENESÚELA, AP** Fjórir vopnaðir menn tóku yfir 30 manns í gíslingu í banka í Venesúela eftir misheppnað bankarán á mánudaginn. Eftir daglangt umsátursástand var þeim leyft að aka á brott á sjúkrabíl með fimm gísla innanborðs. Hinum 25 var sleppt.

„Það var mikilvægast að bjarga gíslunum á lífi, þeir sögðust ætla að byrja að drepa þá innan tuttugu mínútna," sagði Eduardo Manuitt, ríkisstjóri í Guarico þar sem ránið var framið. „Þess vegna leyfðum við mannræningjunum að fara á brott." Þeir lofuðu að sleppa gíslunum fimm á leiðinni. - sdg / sþs

Nefnd félagsmálaráðherra:

## Mótar áætlun gegn fátækt

**STJÓRNMÁL Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi er formaður nýskipaðs starfshóps félagsmálaráðherra sem ætlað er að vinna aðgerðaáætlun til að sporna við fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins.**

**Skal hópurinn hafa skýrslur frá 2004 og 2006 til hliðsjónar við störf sín auk þess að afla nýrra upplýsinga. Honum er ætlað að skila ráðherra drögum að aðgerðaáætlun fyrir 1. september.**

**Aðrir nefndarmenn eru fulltrúar verkalýðshreyfingar, hjálparsamtaka og sveitarfélaga.** - bþs

**ALÞINGI**

### Vilja banna nektarsýningar

Fjórir þingmenn VG hafa lagt fram frumvarp sem bannar nektarsýningar á veitingastöðum. Í núgildandi lögum um veitingastaði og skemmtanahald er undanþága sem heimilar slíkar sýningar.



**AÐ RÆÐUFLUTNINGI LOKNUM** George W. Bush kveður þingheim eftir að hafa flutt síðustu stefnuræðu sína. Dick Cheney varaforseti og Nancy Pelosi þingforseti fylgjast með. NORDICPHOTOS/AFP

# Síðasta ræðan fékk lítinn hljómgrunn

**Síðasta stefnuræða Bush á forsetatíð sinni fékk lítinn hljómgrunn á þinginu. Ræðan hefur einnig lítil áhrif á prófkjörsbaráttuna, sem nú er í hámarki.**

**BANDARÍKIN** Meirihluti þeirra þingmanna, sem hlýddu á George W. Bush Bandaríkjaforseta flytja síðustu stefnuræðu sína í gær, geta varla beðið eftir því að hann láti af embætti, sem verður í byrjun næsta árs. Þeir vonast til þess að demókrati verði kominn í forsetastólinn næst þegar stefnuræða verður flutt í þingsalnum.

Í ræðu sinni boðaði Bush skattalækkanir og sagðist hafa náð samkomulagi við demókrata um aðgerðir til að blása í glæður efnahagslífsins. Horfur í efnahagsmálum Bandaríkjanna hafa versnað mjög síðustu daga og virðast ætla að verða eitt helsta umræðuefnið í kosningabaráttunni.

Bush gæti hins vegar átt erfitt með að ná fram samþykki þingsins fyrir flestum öðrum málum, sem hann lagði áherslu á í þessari síðustu stefnuræðu sinni. Demókratar hafa lítinn áhuga á að vinna með honum.

**Verður æ óvinsælli**

George W. Bush hefur nú stuðning rúmlega 40 prósenta þjóðarinnar. Einungis tveir forsetar Bandaríkjanna, þeir Harry Truman og Richard Nixon, hafa haft minni stuðning á seinna kjörtímabili sínu, Truman með 36 prósent og Nixon með 34 prósent.




Heimild: Gallup © GRAPHIC NEWS

Baráttan um það hver verður arftaki Bush á forsetastóli stendur sem hæst þessar dagana, en James A. Thurber, bandarískur stjórnmálaskýrandi sem hélt fyrirlestur við Háskóla Íslands í gær, segir ólíklegt að ræða forsetans hafi mikil áhrif á þann slag.

„Ég sé ekki hvaða áhrif þessi ræða ætti að hafa," segir Thurber, „enda sagði hann ekkert markvert."

Niðurstöður forkosninga Repúblikanaflokksins í Flórída, sem haldnar voru í gær, gætu nánast ráðið úrslitum um það hver verður forsetaefni flokksins í haust. Skoðanakannanir bentu til þess að annaðhvort John McCain eða Mitt Romney hreppi hnossið, en horfurnar virtust slæmar fyrir Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóra New York.

Meðal demókrata standa þau Hillary Clinton og Barack Obama nánast ein eftir, en ólíklegt þykir að John Edwards eigi enn möguleika. gudsteinn@frettabladid.is

Íslensk flugstjórn:

## Ný kynslóð samskiptakerfis

**FLUGÖRYGGI Íslenska flugstjórnarmiðstöðin hefur tekið í notkun nýja kynslóð samskiptakerfis sem hefur verið í þróun á undanförnum árum. Nýja kynslóðin hefur einnig verið innleidd af flugstjórnarmiðstöðvum í Kanada, Bretlandi og Portúgal og eykur möguleika flugumferðarstjóra til að nota gagnasamskipti og létta þannig álagi af fjarskiptamiðstöðvum.**

**Í tilkynningu frá Flugstoðum kemur fram að starfsmenn flugstjórnarmiðstöðvarinnar hafi frá áramótum hlotið þjálfun í notkun þessa nýja kerfis en reikna megi með því að um helmingur farþegaflugvéla á leið um Atlantshafið sé með nauðsynlegan búnað. Sama eigi við um langflestar nýjar farþegaflugvélar.** - ghs



**MÖRG SJÓNARMIÐ KOMU FRAM** Þingmenn sátu fyrir svörum á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Jafnréttindafélag Íslands:

## Jafnréttismál í víðara samhengi

**FÉLAGSMÁL** „Mörg góð sjónarmið komu þarna fram og fólk var áhugasamt um að spyrja," segir Ólafur Hannesson einn aðstandenda Jafnréttindafélags Íslands sem hélt sinn fyrsta undirbúningsfund á miðvikudagskvöldið í síðustu viku.

„Þingmenn voru duglegir að svara. Þetta heppnaðist ákaflega vel og fjórir þingmenn fluttu ávörp. Þarna mætti hópur sem vill frekar horfa á þetta í víðara samhengi, er til dæmis á móti kynjakvóta."

Ólafur segir félagið verða stofnað formlega í vikunni og enn sé hægt að skrá sig með því að senda netpóst á netfangið jafnretti@simnet.is - ovd




Þeir korthafar sem hafa áhuga á að greiða fasteignagjöld sín hjá Reykjavíkurborg með VISA Boðgreiðslum geta skráð sig í Rafrænni Reykjavík á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, hringt í síma 4 11 11 11 og einnig er hægt að skrá fasteignagjöldin á www.valitor.is/visabod

Reykjavíkurborg VISA Vildarklúbbur

Vetrarhörkur í Kína:

# Mannskæð slys og rafmagnsleysi

**KÍNA, AP** Minnst 25 manns fórust og 13 slösuðust þegar rútubíll rann út af þjóðvegi í Suður-Kína í hálku og snjókomu í gærmorgun. Verstu vetrarveður í hálfa öld hafa gengið yfir stóran hluta Kína undanfarna daga og sett áramótahátíðarferðalög Kínverja úr skorðum.

Áramótahátíðin er stærsta hátíð ársins í Kína og hefð fyrir því að fólk sé á faraldsfæti til að sækja ættingja heim.

Auk umferðaröngþveitis hafa vetrarhörkurnar valdið rafmagnsleysi víða, þar sem rafmagnslínur hafa rofnað og miklar truflanir orðið á kolaflutningum til orkuvera. - aa

Enn hitnar í kolunum á milli hundaræktenda vegna vörumerkis:

# Íshundum hótað lögbanni

**DÝRAHALD** Lögmaður Hundaræktarfélags Íslands hefur ritað Hundaræktunarfélaginu Íshundum bréf, þar sem skorað er á félagið að óska eftir því við Einkaleyfastofu að skráning vörumerkisins H.R.F.Í. verði afmáð úr vörumerkjaskrá innan sjö daga. Verði stjórn Íshunda ekki við áskoruninni muni lögmaðurinn krefjast þess að lagt verði lögbann við notkun Íshunda á vörumerkinu H.R.F.Í.

Deilan snýst um einkaleyfisrétt á skammstöfuninni H.R.F.Í. Stjórn Íshunda hefur fengið vörumerkið skráð hjá Einkaleyfastofu frá og með 2. október á síðasta ári þar sem það hafði ekki verið áður skráð. Hyggst félagið nota það sem vörumerki fyrir Hundaræktunarfélagið Íshunda.

Þegar ljóst varð að merkið hafði verið skráð réði stjórn Hundaræktarfélags Íslands sér lögmann til að fá skráningunni hnekkt. Lögmaðurinn hefur bent á að félagið hafi verið stofnað fyrir um 40 árum og ávallt notast við skammstöfunina HRFÍ. Þá hafi félagið verið handhafi lénsins hrfi.is í tæp tíu ár og sé nú eigandi þess.

Lögmaðurinn segir í bréfinu til stjórnar Íshunda, að dómsmál verði höfðað í framhaldi af lögbanninu, verði skráning H.R.F.Í ekki felld úr gildi. - jss



**HUNDUR** Tvö hundaræktunarfélög bítast nú um vörumerki H.R.F.Í.

Pólitískar deilur í Georgíu:

# Forseta settir úrslitakostir

**GEORGÍA, AP Stjórnarandstöðuflokkarnir í Georgíu settu Mikhail Saakashvili forseta í gær úrslitakosti þar sem þeir kröfðust endurtalningar á atkvæðum í umdeildum forsetakosningum 5. janúar, sanngjarns aðgangs að ríkissjónvarpstöðinni og brottrekstrar innanríkisráðherrans.**

**Saakasvhili fékk frest til 15. febrúar til að verða við kröfunum. Gangi þetta ekki eftir ætlar stjórnarandstaðan að sniðganga þingkosningarnar í maí og standa fyrir varanlegum mótmælum fyrir framan þinghúsið.** - sdg



**VILL EKKI BÍÐA** Silvio Berlusconi talar við fréttamenn eftir fundinn með Napolitano forseta í Róm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarkreppan á Ítalíu:

# Berlusconi vill kosningar strax

**ÍTALÍA, AP Silvio Berlusconi, leiðtogi hægrimanna og fyrrverandi forsætisráðherra, tjáði Ítalíuforseta í gær að eina leiðin út úr stjórnarkreppunni í landinu væri að boða til kosninga sem fyrst.**

**Berlusconi hafnaði möguleikanum á að bráðabirgðastjórn sæti uns kosningalögum hefði verið breytt áður en boðað yrði til kosninga. Margir telja að óstöðugleikann í stjórnmálakerfi landsins megi rekja til gildandi kosningalaga.**

**Romano Prodi, forsætisráðherra miðju-vinstristjórnarinnar sem setið hefur að völdum frá síðustu kosningum, sagði af sér í síðustu viku eftir að hafa tapað vantraustsatkvæðagreiðslu í öldungadeild þingsins.** - aa

Vildu skelfa breska herinn:

# Ætluðu að afhöfða hermann

**BRETLAND, AP** Fjórir menn viðurkenndu fyrir breskum dómstóli að hafa lagt á ráðin um að ræna breskum hermanni og hálshöggva hann að því er saksóknarar greindu frá í gær. Sök hermannsins var sú að vera múslímatrúar.

„Taka átti grimmdarverkið upp á myndband og dreifa því til að valda skelfingu og ótta innan breska hersins og hjá almenningi,“ sagði Nigel Rumfitt, saksóknari við Leicester Crown réttinn. - sdg

## EFNAHAGSMÁL

### Launavísitala hækkaði

Launavísitala hækkaði um 0,2 prósent í desember. Þetta þýðir að síðustu tólf mánuði hefur hún hækkað um 8,6 prósent. Á sama tíma hefur neysluverðsvísitalan hækkað um 5,9 prósent. Því hefur kaupmáttur launa á almennum og opinberum markaði aukist um 2,6 prósent að meðaltali á tímabilinu.

## ALÞINGI

### Rósa Guðbjartsdóttir á þing

Rósa Guðbjartsdóttir tók sæti á Alþingi í fyrrradag í fjarveru Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Rósa, sem er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, er fyrsti varamaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þeir sem vilja breyta þurfa að sýna tillögur.

## Að grípa á lofti

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þingmenn tveggja stjórnmálaflokka hafa lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um að fiskveiðistjórnunarlögunum verði breytt í kjölfar sjónarmiða mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Með því hafa þeir hent upp bolta sem vert getur verið að grípa á lofti.

Sjálfir leggja þingmennirnir ekkert til í þessu efni. Sú þögn talar sínu máli. En framtak þeirra gefur hins vegar ærið tilefni til að kalla eftir slíkum tillögum frá þeim sem hæst tala um nauðsyn breytinga.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar setja þau sjálfsögðu skilyrði að fiskveiðistjórnunarlögin tryggi jafnræði borgaranna, sanngirni og mannréttindi. Ágreiningslaust ætti einnig að vera að ný lagaákvæði þurfi að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna, að þau opni ekki fyrir þann möguleika að rýra hlut einstakra byggða með stjórnvaldsákvörðunum, að þau dragi ekki úr þjóðhagslegri hagkvæmni sjávarútvegsins, að þau veiki ekki rekstrarlegar forsendur einstakra starfandi sjávarútvegsfyrirtækja og að þau leiði ekki til bótaskyldu úr ríkissjóði vegna stjórnarskrárvarinna réttinda.

Ætla verður að almenn samstaða sé um slík sanngirnisskilyrði enda eru þau öll í góðu samræmi við álit mannréttindanefndarinnar. Ef þau eru að engu höfð er hætt við að breytingar leiði til meiriháttar átaka og jafnvel skerðinga á atvinnufrelsi og mannréttindum. Gera má ráð fyrir að þeir sem mest hafa kallað á breytingar hafi hugsað málið dýpst og eigi þar af leiðandi lausnir á bak við tjöldin sem fullnægi öllum þessum almennu sanngirnisviðmiðunum. Ólíklegt er að einhver sé andvígur þeim. Sé svo er á hinn bóginn brýnt að það komi fram. Fyrir þeirri andstöðu þyrfti af augljósum ástæðum að færa afar gild rök.

Það eina sem meirihluti mannréttindanefndarinnar bendir á að er sérstætt við íslensku fiskveiðistjórnarlögin er sameignarákvæðið. Nærtækt er því að leiða að því líkur að með því einu að fella það út standist lögin rétt eins og sambærileg löggjöf annarra landa þar sem úthlutun veiðiréttinda er yfirleitt byggð á veiðireynslu. Ísland var að vissu leyti forysturíki um markaðsvæðingu sjávarútvegs. Aðrar þjóðir hafa í vaxandi mæli farið inn á sömu braut. Slík skipan hefur hvergi verið talin andstæð mannréttindum. Verulegar lagabreytingar sýnast því óþarfar. En umræða um samanburð á mismunandi kostum er lýðræðislega mikilvæg.

Vel má vera að tryggja þurfi einstökum þingflokkum sérstaka lögfræðilega aðstoð við gerð tillagna af þessu tagi. Þó að því fylgi nokkur kostnaður er alveg ljóst að lýðræðisleg nauðsyn kallar á að slíkar tillögur liggi fyrir í nákvæmri útfærslu. Síðan þarf að meta hvernig þær fullnægja hinum almennu skilyrðum og kröfum sem gera verður til heildstæðrar löggjafar af þessu tagi.

Þeir sem krefjast breytinga þurfa um leið að vera reiðubúnir að ræða áhrif þeirra í víðtæku samhengi og hvernig þær samræmast almennu skilyrðunum. Án skýrra heildstæðra kosta verður umræðan áfram bæði ómarkviss og yfirborðskennd. Andsvör verða ekki höfð uppi við hugmyndum sem ekki eru til í nákvæmri útfærslu eða haldið er leyndum.

Verði lagt í vandaða vinnu af þessu tagi þar sem mismunandi lausnir einstakra stjórnmálaflokka eru útfærðar og metnar af sjálfstæðum aðilum er með skýrum hætti unnt að benda mannréttindanefndinni á að brugðist hafi verið við sjónarmiðum hennar með eins lýðræðislegum aðferðum og kostur er á.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Hópur sjálfboðaliða í Kópavogsdeild Rauða krossins prjónar og saumar ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast **Föt sem framlag**, mun hittast og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, **miðvikudaginn 30. janúar kl. 10 - 16**

Á dagskrá er kynning á verkefninu og almennt spjall. Kaffi á könnunni og með því. Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • Opin virka daga kl. 11-15 • www.redcross.is/kopavogur

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Takmarkaður hópur

„Ætla mætti að þessi fjölbreytta miðlun sem fólki stendur til boða væri nægjanleg. En svo er ekki því segja má að hún sé einungis aðgengileg takmörkuðum hópi."

Svo segir í greinargerð tíu þingmanna með tillögu til þingsályktunar um að þingfundum verði útvarpað á sérstakri útvarpsrás.



Og hvaða fjölbreytta þingfundamiðlun skyldi það nú vera sem fólki stendur þegar til boða? Jú, það eru dreifikerfi þriggja sjónvarpsstöðva og sjálft internetið. Þann stóra hóp – þann risastóra hóp – landsmanna sem hefur aðgang að sjónvarpi og interneti kalla þingmennirnir tíu takmarkaðan. Líklega hafa álíka margir aðgang að sjónvarpi eða neti og kusu í síðustu þingkosningum. Íslenskir kjósendur hafa aldrei verið sagður „takmarkaður hópur".

### Heilindi

Framsóknarflokkurinn – eða í það minnsta ritstjórn vefjar Framsóknarflokksins – efast um að Lúðvík Bergvinsson mæli af heilindum þegar hann segist ætla að beita sér fyrir að frumvarp hans um skipan hæstaréttardómara verði að lögum. „Ólíklegt verður að teljast að Lúðvík fái frumvarpið afgreitt [...] enda er spurning um viljann á bak við verkið. Lúðvík vill nefnilega tæpast hreyfa við dómsmálaráðherranum," segir xb.is.



Með sama hætti mætti efast um vilja Höskuldar Þórs Þórhallssonar til að lækka flutningskostnað, vilja Birkis Jóns Jónssonar til að breyta námslánum í styrki og vilja Sivjar Friðleifsdóttur til að ráðherrar séu ekki jafnframt þingmenn en þau hafa flutt frumvörp um þessi mál.

Heilindi þeirra verða hins vegar ekki dregin í efa hér.

bjorn@frettabladid.is

## Ú í úhaha



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Myndmál fjármálanna

Klukkan átta að morgni fimmtudaginn 24. janúar sendi Société Générale, þriðji stærsti banki Frakklands, út tilkynningu, þar sem frá því var skýrt að bankinn hefði tapað sjö milljörðum evra. Að nokkru leyti stafaði þetta tap af þeirri alþjóðlegu kreppu sem á rætur sínar í Bandaríkjunum, en langmestur hluti þess, nákvæmlega talið 4,9 miljarðar evra, væri sök þrítugs bankastarfsmanns sem hefði átt að sjá um ýmisleg fjármálaviðskipti á vegum bankans en farið að spila með fé upp á eigin spýtur, þannig að tap bankans var orðið þetta mikið, þegar allt komst upp.

**Hvað varð um peningana?**

Á fréttastofum fjölmiðla störðu menn á tilkynninguna í forundran, klóruðu sér í skallann og skildu hvorki upp né niður. Til þess að skýra málið var því efnt til blaðamannafundar og þar mættu stjórnendur bankans, dálítið þurrir í kverkunum og vandræðalegir. Þeir sögðu að umræddur bankamaður hefði haft það hlutverk á efri hæðum hinnar alþjóðlegu fjármálaspilaborgar að kaupa og selja alls kyns bréf og skuldbindingar til ágóða fyrir bankann.

Með öllum þessum viðskiptum væri fylgst mjög gaumgæfilega, það væri heilt reginbatterí af tölvum sem ætti að gera viðvart ef eitthvað væri óeðlilegt við viðskiptin, upphæðin kannske nokkuð há, eða eitthvað skorti á gróðann af þessum kaupskap, og auk þess væri farið yfir öll viðskiptin með reglulegu millibili. En bankastarfsmaðurinn hefði verið svo gríðarlega klókur og snjall, að hann hefði getað leikið á þetta eftirlit, hann hefði þekkt það upp á sína tíu fingur og kunnað lykilorðin til að komast allra sinna ferða í kerfinu og snúa á það. Auk þess hefði hann unnið tíu til tólf tíma á sólarhring og aldrei tekið sér frí til að tryggja að enginn færi að hnýsast í hans viðskipti. Á þennan hátt hefði hann sokkið niður í einhverja spilafíkn fyrir framan skjáinn – því þótt hann hefði ekki haft nema hundrað þúsund evrur í laun á ár, sem eru sultarlaun í þessari stöðu, hefði hann ekki hagnast um eina sentímu á öllu þessu.

Þegar allt komst upp hefðu heilir fimmtíu miljarðar evra verið útistandandi í þessari spákaupmennsku og gjaldþrot bankans vofað yfir. Því hefði málinu verið haldið leyndu í fjóra daga meðan viðskiptin voru gerð upp. Þegar upp var staðið hefði komið í ljós að endanlegt tap nam 4,9 miljörðum. En bankinn væri ekki lengur í neinni hættu, sögðu stjórnendurnir, hann stæði nú sterkar en nokkru sinni áður.

En mönnum gekk illa að trúa þessu og þeir spurðu áleitinna spurninga. Hvernig getur nokkur banki spekúlerað upp á fimmtíu miljarða án þess að vita af því sjálfur? Hvernig getur verið hægt að komast fram hjá öllu eftirlitinu? Hafði þessi þrítugi snillingur alls enga vitorðsmenn? Er ekki verið að fela eitthvað með þessu, eitthvert annað tap sem ekki má viðurkenna? Er ekki alvarlegt mál að ljúga þessu, og enn alvarlegra ef það skyldi vera satt? Enginn velti því þó fyrir sér hvað hefði orðið um alla þessa peninga, því varla hafa þeir gufað upp út í heiðloftin.

**Orðræða banksérfræðinga**

Skýringarnar sem gefnar voru urðu sífellt yfirskilvitlegri og spilaborgirnar að óræðu völundarhúsi. Að lokum lét aðalbankastjórinn hafa viðtal við sig, svo allt kæmist nú á hreint, og gerði hann það á þann snjalla hátt að tvinna saman myndhvörfum og samlíkingum af margvíslegu tagi: „þetta er líkast því að einhver aki um götur á 190 km hraða, en viti nákvæmlega hvar fastar ratsjár eru staðsettar og geti auk þess fundið út hvernig hreyfanlegar ratsjár eru fluttar til ..."

Þegar ég hlýddi á þetta kom allt í einu upp í huga mér lag sem sungið var í mínu ungdæmi við svofelldan texta:

*„Ú í úhaha ting tang volla volla bing bang,*
*ú í úhaha ting tang volla volla bing bang"*.

Ástæðan fyrir því að þetta rifjaðist upp fyrir mér var sú, að á þessum tíma var altalað að þessi texti væri í rauninni orðræða fjármálasérfræðinga sem væru á þennan augljósa hátt að útskýra leyndarmál fjármálanna. Ef minnið bregst mér ekki þeim mun meir, var það sá hinn síðar landskunni Ómar Ragnarsson sem skildi þetta fyrstur manna, en þegar búið var að benda á það einu sinni lá það svo sem í augum uppi. Nú hef ég ekkert á móti myndhvörfum og samlíkingum, síður en svo. En þegar ég hlýddi á allar útskýringar bankasérfræðinganna flaug mér í hug, hvort ekki væri skýrara að þeir hefðu einfaldlega þann sama músíkalska hátt á þeim og í þessu sígilda lagi. Þá gæti maður a.m.k. raulað undir með þeim sér til hugarhægðar.

## Verjum Reykjavík

**UMRÆÐAN**

Sjávarútvegsmál



BIRGIR HÓLM BJÖRGVINSSON

Skagamenn þögðu þegar þeir fengu kvóta Sandgerðinga. Skagamenn hafa hins vegar hátt þegar þeir missa. Sandgerði verður aldrei samt eftir sameiningu Miðness og Haraldar Böðvarssonar. Skagamenn verjast núna, en þeir verða að gá að því, að það sem þeir vilja til sín kemur ekki, nema það verði frá öðrum tekið. Þegar Skagamenn fengu nokkur skip og kvóta, þá misstu Sandgerðingar. Ég man ekki að þeir hafi haft uppi neina vorkunn þá. Nú vilja Skagamenn fá frá okkur Reykvíkingum.

Íbúar Reykjavíkur þurfa að búa við það að hafa ekki málsvara. Þegar blikur eru á lofti á Akranesi koma allir þingmenn landshlutans saman og leggja þeim lið. Þegar ráðist er að atvinnu Reykvíkinga segir enginn neitt. Þingmönnum Reykjavíkur er alveg sama þótt atvinna tapist. Sama er að segja með borgarfulltrúana.

Kvótakerfið er þannig uppbyggt að við því má búast að stjórnendur fyrirtækja leiti ráða til að hagræða í rekstri. Þetta hafi margir vitað lengi. Þar á meðal þingmenn Vestlendinga sem nú býsnast yfir stöðunni. Krafa Skagamanna um að fiskurinn verði unninn hjá þeim er krafa um að störf á Akranesi verði metin merkilegri en störf í Reykjavík. Í sjálfu sér er hægt að skilja varnarvinnu Skagamanna. En þeir verða samt að muna hvernig þeir fengu það komið fram við aðra, þeir fá nú að kynnast dökku hliðinni. Öll verðum við að sætta okkur við afleiðingar þess kerfis sem við búum við og þá staðreynd að þorskurinn er í lágmarki. Reykvíkingar hafa misst mörg störf og skip síðustu ár. Það er ekkert betra að vera atvinnulaus í Reykjavík en á Akranesi.

Þingmenn Reykjavíkur og borgarfulltrúar verða að standa undir þeirri ábyrgð sem þeir hafa sóst eftir. Það gera kjörnir fulltrúar Skagamanna. Segja má að hafin sé aðför að Reykjavík og engar varnir eru uppi. Það er rétt hjá Skagamönnum að útgerð HB á sér langa sögu. Sama er að segja um Granda í Reykjavík, sem í stofninn er Bæjarútgerð Reykjavíkur. Reykjavík hefur um langan aldur verið ein helsta verstöð á Íslandi, skapað mikla atvinnu og miklar tekjur. Þegar höggvið er í okkur verðum við að verjast eða sveigja undan. Við tökum því ekki þegjandi og hljóðalaust.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sjómannafélags Íslands.*



**ÚTSKRIFTARHÓPUR VORIÐ 2007**

- Fengu allar vinnu eftir skrifstofunámið hjá NTV

**100% árangur**
í atvinnuleit eftir námið hjá NTV

## Skrifstofu- og tölvunám *258 stundir. Verð: 233.000.-*

Morgunnámskeið 1 | Byrjar 4. feb. og lýkur 10. apr. | Alla virka daga kl. 08:30 - 12:30.
Morgunnámskeið 2 | Byrjar 4. feb. og lýkur 25. maí. | Mán., mið. og fös. kl. 08:30 - 12:30.
Kvöld- og helgarnámskeið | Byrjar 5. feb. og lýkur 24. maí. | Kennt er á þri.- og fim. kl. 18:00 - 22:00 og lau. kl. 08:30 - 12:30.

Í ellefu ár hefur NTV boðið upp á Skrifstofu- og tölvunám. Á þessum tíma hefur námskeiðið þróast mikið og breyst í takt við kröfur vinnumarkaðarins. Það er samdóma álit þeirra sem ljúka náminu að það sé krefjandi en umfram allt uppbyggilegt, styrkjandi og skemmtilegt.

### TÖLVUNÁM - 96 ST.

- Windows stýrikerfið
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Power Point kynningarefni
- Access gagnagrunnur
- Internetið & Tölvupóstur

Í tölvuhlutanum er lögð áhersla á þau forrit sem nemandi þarf að kunna á til að öðlast EDCL-skírteini sem er alþjóðleg viðurkenning á tölvukunnáttu hans. Hjá NTV eru kennd öll fögin sem til þarf þannig að nemendur útskrifist með alþjóðlegt ECDL prófskírteini.

### VIÐSKIPTAGREINAR - 108 ST.

- Verslunarreikningur
- Bókhald
- Tölvubókhald Navision MBS®

Tekin eru fyrir flest þau atriði sem til þarf til að færa bókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Einnig er kenndur sá hluti verslunarreiknings sem mest er notaður á skrifstofunni.

### SJÁLFSSTYRKING - 30 ST.

- Tímastjórnun og markmiðasetning
- Sölutækni og þjónusta
- Framsögn og framkoma
- Mannleg samskipti
- Streitustjórnun
- Atvinnuumsóknir

NTV leggur mikið upp úr því að ná fram því besta úr hverjum og einum nemanda. Það er ekki nóg að búa yfir þekkingu og hæfileikum. Nemandinn þarf einnig að þekkja styrk sinn og veikleika, kunna að stýra tíma sínum, setja sér skýr markmið og kunna að selja öðrum hugmyndir sínar og skoðanir.

### LOKAVERKEFNI - 24 ST.

- Auglýsingatækni
- Markhópagreining
- Gerð birtingaráætlana
- Gagnvirk tenging forrita
- Flutningur lokaverkefnis

„Skemmtilegasti og erfiðasti hluti námsins" segja margir. Unnið er í 3-4 manna hópum að markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Lokaverkefnisvinnan er skemmtileg, krefjandi og framsett á þann hátt að hún taki á flestum þáttum námskeiðsins.

## Grunnnám í bókhaldi *108 stundir. Verð: 105.000.-*

Morgunnámskeið | Byrjar 12. feb. og lýkur 17. apríl. | Kennt þri. og fim. kl. 8:30-12:30.
Kvöldnámskeið | Byrjar 11. feb. og lýkur 31. mars. | Kennt mán. og mið. 18:00-22:00 og lau. 13:00-17:00.

Hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja læra bókhald frá grunni til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaðinum eða einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og vilja geta fært bókhaldið sjálfir.

### HELSTU NÁMSGREINAR:

- Verslunarreikningur
- Bókhald
- Virðisaukaskattur
- Tölvubókhald Navision MBS®

NÝTIST SEM UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM
ERHVERVS AKADEMI VEST

**UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á HEIMASÍÐU SKÓLANS WWW.NTV.IS**

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS




ENNEMM / SÍA / NM31420



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 -




Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavini velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema einhver af verkstjórunum okkar, þeir Gulli, Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.

Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

**NICK BROOMFIELD HEIMILDARMYNDALEIKSTJÓRI ER SEXTUGUR.**

*„Írökum líkar ekki illa við Bandaríkin og marga þeirra dreymir um líf þar. Þeim er bara illa við George W. Bush, en fyrst og fremst snýst hversdagsleikinn um að halda lífi.“*

***Broomfield er þekktur fyrir áleitnar heimildarmyndir meðal annars um Kurt Cobain og Courtney Love, hórumömmuna Heidi Fleiss, raðmorðingjann Aileen Wuornos og nú síðast um stríðið í Írak.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. JANÚAR 1948

## Gandhi ráðinn af dögum

Mahatma Ghandi fæddist árið 1869 og var ráðinn af dögum þennan dag árið 1948.

Hann var pólitískur leiðtogi Indverja og fór fyrir friðsamlegri baráttu þeirra fyrir sjálfstæði undan Bretum.

Heimspeki Ghandis var friðsamleg mótmæli og hann fékk til liðs við sig milljónir Indverja sem aðhylltust baráttu hans.

Gandhi fæddist inn í stétt kaupsýslumanna og var hann einn fjögurra sona. Hann nam lögfræði í London og hélt síðan til Indlands á ný. Þaðan lá leiðin til Suður-Afríku þar sem hann varð vitni að miklu kynþáttamisrétti auk þess sem hann varð fyrir barðinu á því sjálfur. Hann hóf baráttu og setti meðal annars á stofn heilsugæslu fyrir svarta Suður-Afríkubúa áður en hann hélt til Indlands á ný. Gandhi hvatti til friðsamlegra mótmæla gegn Bretum, samhliða því sem hann stóð fyrir byggingu á skólum og sjúkrahúsum, auk þess sem hann hvatti framámenn til að koma betur fram við hina ósnertanlegu og láta af kúgun kvenna. Fyrir vikið var hann ákærður fyrir að valda óróa. Fjöldi manns mótmælti uns Ghandi var látinn laus. Hann hélt áfram baráttunni og árið1947 fékkst loks sjálfstæði frá Bretum. Þá sögðu múslímar skilið við hindúa og stofnuðu Pakistan þann 14. ágúst í óþökk Gandhis. Degi síðar fögnuðu Indverjar sjálfstæði. Gandhi var ráðinn af dögum þennan dag fyrir sextíu árum síðan. Tilræðismaðurinn var róttækur hindúi.



### MERKISATBURÐIR

**1790** Fyrsti björgunarbáturinn var prófaður á Tyne-ánni í Englandi.
**1847** Bandaríska borgin Yerba Buena í Kaliforníuríki fær nýtt nafn og heitir í dag San Francisco.
**1882** Fæðingardagur Franklins D. Roosevelt sem var 32. forseti Bandaríkjanna á árunum 1933 til 1945. Hann lést árið 1945.
**1933** Adolf Hitler var settur í embætti kanslara Þýskalands.
**1969** Bítlarnir spiluðu í síðasta sinn opinberlega.
**1975** Fyrsta frímerkið kom út í Færeyjum.
**2003** Belgía lögleiddi giftingar samkynhneigðra.
**2006** Snjór féll í Lissabon í fyrsta skipti í 52 ár.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Jónína Helga Jónsdóttir**
Túngötu 19, Patreksfirði

andaðist á sjúkrahúsinu á Húsavík fimmtudaginn 24. janúar. Jarðsett verður frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 16.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Slysavarnadeildina Unni, Patreksfirði.

**Kristín Bergþóra Pálsdóttir**
**Jón Christian V. Andersen**
**Jens V. Andersen**
**Aðalsteinn Júlíusson** **Margrét Magnúsdóttir**
**Unnsteinn Ingi Júlíusson** **Anna Kristrún Sigmarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Þór**

verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 31. janúar næstkomandi kl. 13.00.

**Guðrún Þór**
**Jónas Þór** **Anna Bára Árnadóttir**
**Ólöf Helga** **Björn Marteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þórðar Jóns Pálssonar**

Aflagranda 40, áður Melhaga 5, Reykjavík.

**Elín Þórðardóttir** **Reinhold Kristjánsson**
**Steinunn Þórðardóttir** **Hrafn Bachmann**
**Aðalsteinn Þórðarson** **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Kjartan Þórðarson** **Helga Kristín Einarsdóttir**
**Gunnar Þórðarson** **Hafdís Kjartansdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



**MARGFÖLD TÍMAMÓT** Hafdís Hafliðadóttir, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Skipulagsstofnunar, segir að tímamótin verði notuð til að vekja athygli á nokkrum viðfangsefnum stofnunarinnar og reyna að stuðla að aukinni umhverfisvitund.

SKIPULAGSSTOFNUN: FAGNAR ÞRENNUM TÍMAMÓTUM Á SKIPULAGSÁRINU 2008

## Skipulagsnámskeiðin vinsæl

Skipulagsstofnun fagnar í ár nokkrum merkum tímamótum. Með breytingu á skipulagslögum árið 1938 var skipulagsnefndinni, sem fram að þeim tíma hafði sjálf unnið að skipulagsgerð, veitt heimild til að ráða starfsmann sér til aðstoðar. Við það tilefni var Hörður Bjarnason, arkitekt ráðinn til skipulagsnefndarinnar árið 1938 og markar það upphaf þeirrar stofnunar sem síðar varð embætti skipulagsstjóra ríkisins og síðan Skipulagsstofnun árið 1998,“ segir Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsarkitekt sem er sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs og staðgengill skipulagsstjóra.

Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars að hafa umsjón með framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, veita ráðgjöf og fleira. „Fyrst og fremst sinnum við sveitarfélögunum í tengslum við afgreiðslu á skipulagsáætlunum og síðan veitum við þeim leiðbeiningar um skipulags- og byggingarmál og framkvæmdaraðilum um mat á umhverfisáhrifum og fylgjumst með að lögum sé framfylgt, segir Hafdís.

Sjötugsafmælið er þó ekki einu tímamót stofnunarinnar því í ár eru einnig fimmtán ár liðin frá fyrstu lögum um mat á umhverfisáhrifum sem voru sett hérlendis og tíu ár frá gildistöku núgildandi skipulags- og byggingarlaga. Þá varð skipulagsstofnuun til í núverandi mynd en áður hét hún Skipulag ríkisins. Helstu breytingar í kjölfarið voru að sögn Hafdísar að skipulagsábyrgðin færðist frá ríki til sveitarfélaganna.

Skipulagsstofnun hefur ákveðið að nota tímamótin til að vekja athygli á nokkrum viðfangsefnum stofnunarinnar og reyna að stuðla að aukinni umræðu um skipulags-, umhverfis- og byggingarmál. Að frátöldum júní- og júlí er stefnt að einhverjum viðburði í hverjum mánuði. „Við eru með námskeið í skipulagsgerð sveitarfélaganna í þessum mánuði þar sem ásókn hefur verið gríðarleg. Þar verður einnig fléttað inn umhverfismat áætlanna í þá vinnu. Í febrúar opnum við síðan skipulagsvefsjá þar sem er að finna allar skipulagsáætlanir og greinagerðir á rafrænu formi. Í mars tökum við síðan þátt í alþjóðlegri snjóflóðaráðstefnu á Egilsstöðum og í apríl verður síðan málþing um nýtt skipulagsstig, landsskipulag, sem verður til ef nýtt frumvarp til skipulagslaga nær fram að ganga,“ segir Hafdís.

„Í september verður síðan málþing um loftlagsbreytingar og skipulag. Þar fjöllum við um hvernig við getum beitt skipulagi til að sporna við aukinni losun gróðurhúsaloftegunda og aðlagað okkar að þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum í kjölfarið.“ Einnig nefnir Hafdís stóra ráðstefnu sem nefnist „Að móta byggð“ sem á að halda á alþjóða skipulagsdeginum í haust. Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Skipulagsstofnunnar. www.skipulag.is

**rh@frettabladid.is**



*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir og bróðir,*

**Svanberg Ingi Ragnarsson**
bifreiðastjóri, Kirkjuvegi 11, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 1. febrúar. kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Suðurnesja.

**Karen Sigurðardóttir**
**Guðmundur Kr. Þórðarson**
**Þóra T. Ragnarsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og langafi,*

**Þorvaldur Ragnar Guðmundsson**
Funalind 13, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans Landakoti, mánudaginn 28. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Dóra Guðleifsdóttir**
**Leifur H. Þorvaldsson** **Sigríður Karlsdóttir**
**Guðmundur R. Þorvaldsson** **Jónína Sigrún Ólafsdóttir**
**Lára Sigvarðsdóttir Hammer**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Runólfur Ó. Þorgeirsson**
f.v. skrifstofustjóri Sjóvátryggingarfélags Íslands, Fannborg 5, Kópavogi

andaðist á heimili sínu aðfaranótt mánudagsins 28. janúar.

**Einar Runólfsson** **Þórunn Guðbjörnsdóttir**
**Guðrún Kr. Runólfsdóttir** **Dale Campbell-Savours**
**Þorgeir P. Runólfsson** **Jóhanna M. Guðnadóttir**
**Guðni Kr. Runólfsson**
**Katrín Runólfsdóttir** **Erlingur E. Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



# Þarftu betri bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500




Helga Nína Heimisdóttir, dagmamma og búddisti, ásamt Heimi syni sínum í japönskum kímonó úr fínasta silki sem þau mæðgin keyptu í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Loforð um góða framtíð

***Helga Nína Heimisdóttir, dagmamma og búddisti, naut útsýnis yfir formfagurt Fuji-fjall Japana á fyrsta degi ársins.***

„Við fjölskyldan héldum utan 21. desember og tók ferðalagið 28 tíma," segir Helga Nína sem dvaldi í tveggja herbergja íbúð með þvottavél og öllum þægindum utan hnífapara í háhýsahverfinu í Shinjuku í Tókýó ásamt sonum sínum. „Þá kom sér vel að hafa góða æfingu á matprjóna," segir hún hlæjandi, en íbúðina leigði Helga Nína í gegnum netið fyrir 35 þúsund íslenskar á viku.

„Okkur tókst að aðlagast japönskum tíma á tveimur dögum, en erindið út var að samfagna með öðrum búddistum áttræðisafmæli Daisaku Ikeda, forseta Soka Gakkai Int., þann 2. janúar. Ikeda er búddisti, lárviðarskáld Japana og afkastamikill rithöfundur sem fengið hefur yfir 200 heiðurs- og doktorsnafnbætur frá háskólum víða um heim og er heiðursborgari margra borga. Honum hefur verið líkt við mikilmenni síðustu aldar, eins og Mahatma Ghandi og Martin Luther King, og hefur stofnað ótal Soka-skóla á öllum skólastigum, nú síðast Soka-háskólann í Kaliforníu," segir Helga Nína sem þrisvar áður hefur sótt Japana heim.

„Aðalstöðvar Soka Gakkai eru í Shinanomachi þar sem fyrir eru tíu menningarmiðstöðvar Soka Gakkai og þar á meðal Min-On tónlistarhúsið. Þar sóttum við tónleika á nýársdag. Við hittum marga búddista frá öðrum löndum og það var eins og að hitta forna vini; kannski af því við höfum sama markmið, sem er að „skapa frið með vináttu og viðræðum"," segir Helga Nína sem eyddi mestum tíma með Akiko vinkonu sinni og Ástu dóttur hennar.

„Akiko vinnur í íslenska sendiráðinu í Shinagawa. Með þeim mæðgum fórum við í Disneyland og í útsýnisturninn í Roppongi, en sýning þar var tileinkuð vatni þar sem milljónir blárra ljósa lýstu upp brekku þar sem breiða hvítra ljósa liðaðist niður eins og lækur. Við hittum líka Hikaru Nagataki sem kom til Íslands síðasta vor með hundrað einnota myndavélar sem hún fékk íslenskum börnum í hendur til að taka myndir úr daglegu lífi sínu og voru sýndar í Tókýó á haustdögum," segir Helga Nína sem er kolfallin fyrir Japan.

„Flestir Japanar skilja hrafl í ensku og allir eru vingjarnlegir. Japanski maturinn er góður og ódýr, en fimm manna málsverður á dýrindis veitingahúsum kostaði aldrei meira en fjögur þúsund íslenskar. Vatn má drekka úr krönum í Tókýó og hreinlæti er hvarvetna áberandi; hvergi rusl að sjá. En þótt ferðalag til Japans taki tímann sinn finnst mér virkilega þess virði að heimsækja þetta frábæra land sem sennilega er það háþróaðasta í heimi og býður mikið öryggi fyrir borgara og ferðamenn. Rúsínan í pylsuendanum var svo að njóta útsýnis yfir Fuji-fjall á fyrsta degi ársins, en það þótti mér tákna loforð um góða framtíð."

*thordis@frettabladid.is*


**Breiðhöfða** — PLANIÐ bílasala, Stofnað 1998, 517 0000 — **517 0000**



**Toyota Land Cruiser** 90, 18þ.km. 3/00, 35" dekk, nýtt í bremsum. Verð 1.990.000.-



**Toyota Land Cruiser** 120 VX, 33", 10/05, 32þ.km. ssk, Verð 5.490.000.-



**Jeep Grand Cherokee,** SRT 8, 11/07, 1þkm, ssk, verð 6.490.000.- áhvílandi 6.000.000.-



**Honda Jazz 1,4,** 06/07, 5þ.km. ssk, sumar og vetrardekk. Verð 1.760.000.-



**Nissan Pathfinder,** 11/06, 24þ.km. ssk, 7 manna, Verð 4.590.000.-



**MMC Pajero Sport GLS Turbo**, 35" 09/05, 32þ. km. Verð 3.790.000.- áhv 3.000.000.-



**Land Rover Range Rover Sport**, V8 dísel, 2/07, 22þ.km. verð 10.900.000.-



**Toyota Rav4 GX** DÍSEL, 03/06, 65þ.km. reyklaus. Verð 2.750.000.- Staðgreitt

**Dúnúlpur,** snjóbuxur og útigallar eru nauðsynjar í vélsleðaferðum. Mikilvægt er að klæða sig vel þegar haldið er í vélsleðaferð svo að ekki slái að manni og maður sé við öllu búinn.






# Sleðastelpur í toppgír

***Að bruna áfram og stökkva, finna frelsið í náttúrunni. Að komast út eftir kyrrsetu vikunnar á skrifstofunni, gefa skólabókum og lestri frí er meðal þess sem stelpurnar í Sleðastelpuhópnum segja kosti snjósleðaiðkunar.***



Margrét, Hulda og Jóna Guðný voru ánægðar með námskeiðið. MYND/VIGDÍS ARNA

Fjórtán stelpur á aldrinum 18 til 35 ára, víðs vegar af landinu, komu saman í Grindavík um síðustu helgi til að læra hvernig best er að bera sig á snjósleða. Ástæðan var fyrsta námskeið sem haldið var eingöngu fyrir sleðastelpur til að mæta vaxandi áhuga kvenna sem finna má í jaðaríþróttum almennt.

Það sem áður var talið vera strákasport hefur nú opnast og stelpurnar eru að finna sinn farveg. Þær stelpur sem blaðamaður ræddi við voru allar sammála um að snjósleðaiðkun væri ekki síður fyrir þær heldur en strákana en gott væri að finna hversu liðlegir þeir væru.

Forsprakkinn og sú sem á heiðurinn að því að koma stelpunum saman er Vilborg Daníelsdóttir. Vilborg, eða Villa Dan eins og hún er kölluð, hefur keyrt um á snjósleða í nokkur ár, sér til ánægju og yndisauka sem og af fullri alvöru í hörkukeppnum við aðrar sleðastelpur. Nú heldur hún utan um stelpuhópinn sem fer á fjöll og leitar uppi skemmtilegustu snjóskaflana.

Fréttablaðið fann þrjár þreyttar sleðastelpur þegar þær komu niður af fjalli eftir langan dag. „Það er kikkið, adrenalínkikkið sem heillar,“ sögðu þær einum rómi og bókstaflega geisluðu af hreysti og gleði. Allar hafa þær lengi alið með sér drauminn um sleðaíþróttina og fannst því sleðaskólinn tilvalinn stökkpallur fyrir frekari ævintýri. Margrét Eiríksdóttir, sem stundar nám í sálfræði við Háskólann á Akureyri, er nýbúin að fjárfesta í snjósleða og vildi byrja sinn sleðaferil í réttum gír. Henni fannst því tilvalið að nýta tækifærið og læra grunntökin í skemmtilegum félagsskap. Jóna Guðný Eiríksdóttir hafði aldrei stigið á sleða áður en hlakkar nú til að geta skellt sér upp í Bláfjöll eða Heiðmörk á meðan snjórinn helst á Suðurlandinu. Jóna Guðný vinnur sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg og telur gott að lofta vel út í góðri sleðaferð. Hulda Þorgilsdóttir kunni grunntökin en hún er frá Svalbarðseyri og býr það vel að geta keyrt um í túninu heima. Svo er aldrei að vita hvenær það kemur sér vel í námi og starfi að geta brunað beint og stokkið á snjósleða þar sem Hulda í námi í slökkviliðs- og sjúkraflutningum.

Þeim sem vilja kynna sér hópinn er bent á blog.central.is/snocross-stelpur *- vaj*

**VÉLSLEÐAR**









Carl Eliason við fyrsta vélsleðann árið 1924.

## Úr gömlum trésleða

***Vélsleðarnir í dag byggjast enn á sömu hönnun og fyrsti vélsleðinn fyrir 84 árum.***

Carl Eliason frá Wisconsin var einn þeirra fyrstu til að smíða vélsleða. Hann var einungis 24 ára þegar hann smíðaði sinn fyrsta vélsleða árið 1924 og fékk einkaleyfi á honum þremur árum síðar.

Sleðinn var samansettur úr gömlum trésleða, skíðum og utanborðsmótor og kallaði Carl hann Toboggan.

Carl smíðaði vélsleða í frístundum sínum á árunum 1924 til 1940 og upp úr því fór hann að framleiða vélsleða fyrir bandaríska herinn sem ætlaði þá til varnarstarfa í Alaska.

Á árunum 1941 til 1947 framleiddi Carl um 300 vélsleða en síðasti Motor Toboggan vélsleðinn var framleiddur 1953.

Carl Eliason hætti svo framleiðslu sinni á snjósleðum tíu árum síðar en allar snjósleðategundir sem framleiddar eru í dag byggja í meginatriðum á sömu tækni og frumgerð Carls Eliason sem hann setti saman fyrir 84 árum. *- rt*

# Vélsleðar fljótvirkustu leitartækin

***Vélsleðarnir eru mikil þarfaþing þegar leitað er að fólki á jöklum eða fannhvítri jörð. Gísli Páll Hannesson hefur verið í björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ frá 1992 og er höfundur nýs kennsluefnis um vélsleðamennsku.***



Gísli Páll hefur verið í björgunarsveitinni Kyndli í fimmtán ár og er hér með félaga sínum Guðjóni Helga Guðmundssyni á fjöllum.

„Vélsleðar eru fljótvirkustu leitartækin sem við höfum í snjó, fyrir utan þyrlu. Þeir komast oft fyrstir á staðinn og svo koma jeppar og snjóbílar á eftir sem flutnings- eða leitartæki,“ svarar Gísli Páll þegar hann er spurður um gildi vélsleða hjá björgunarsveitum. Þó segir hann ekki aðalatriðið að sleðarnir fari hratt yfir heldur að þeir komist um í erfiðu færi. Hann segir það fara eftir því hvernig innspýtingarkerfinu á sleðunum sé háttað hversu hætt þeim sé við að drepa á sér í byl. „Ef um venjulega blöndungssleða er að ræða getur drepist á þeim í frosti og byl en á nýrri sleðunum sem eru með beinni innspýtingu er minni hætta á því. Þeir þola líka betur hæðarmismun en hinir.“

Leitargetan er há eldsneytiseyðslu og færi að sögn Gísla Páls. „Við erum alltaf með eldsneyti fyrir sólarhring. Eftir það þurfum við að fá birgðir og í útköllum er það svæðisstjórn Landsbjargar sem útvegar þær.“ Hann segir björgunarsleðana búna talstöðvum, þannig að hægt sé að hafa fjarskipti á ferð, öflugum GPS-tækjum og negldum beltum. Sleðamenn sveitanna eru líka þjálfaðir í að takast á við erfiðar aðstæður. „Við erum þannig útbúnir að við getum verið úti í tvo til þrjá sólarhringa, hvort sem við þurfum að grafa okkur í fönn eða komast í vondum veðrum milli skála. Erum með töskur á sleðanum og líka bakpoka á bakinu með nauðsynlegum búnaði ef við verðum viðskila við sleðann eða lendum ofan í sprungu. Í bakpokanum erum við með auka handstöð, GPS-tæki, matvæli, snjóflóðastöng og skóflu.“

Gísli Páll hefur útbúið kennsluefni sem heitir Grunnnámskeið í vélsleðamennsku eða Sleðamaður eitt. „Þarna er verið að miðla þekkingu og leitast við að forða frá mistökum,“ segir hann um efnið. „Auðvitað kemur ekkert í staðinn fyrir reynslu en ef menn hafa réttan útbúnað og gera sér grein fyrir þeim hættum sem þeir geta lent í er verið að stytta þeim leið. Þeir lenda þá síður í að skemma sleðana og slasa sig jafnvel.“ Hann kveðst bara búinn að vera með eitt námskeið hjá Landsbjörgu í þessu fagi og nú sé verið að kanna hvaða björgunarsveitir hafi áhuga á að fá slíka kennslu til sín. „Það er full ástæða til að fara á námskeið í þessum fræðum áður en menn fara upp á fjöll á vélsleða, alveg eins og menn þurfa kennslu áður en þeir stýra trillu úr höfn eða taka á loft í lítilli rellu. Þetta námsefni er fyrst og fremst til leiðbeiningar fyrir björgunarsveitarfólk en gert með það í huga að hægt sé að aðlaga það almenningi.“

*gun@frettabladid.is*

## Spenna og ævintýri

VÉLSLEÐAFERÐIR ERU HIN MESTA SKEMMTUN OG FRÁBÆR LEIÐ TIL AÐ UPPLIFA SPENNU OG ÆVINTÝRI. FYRIRTÆKIÐ ARCANUM BÝÐUR UPP Á VÉLSLEÐAFERÐIR Á MÝRDALSJÖKLI.

Vélsleðaferðir eru annars konar leið til að njóta stórbrotinnar náttúru landsins. Víða er boðið upp á snjósleðaferðir þar sem reyndir leiðsögumenn sýna fólki fallega staði um leið og tækifæri gefst til að skemmta sér á öflugum snjósleðum.

Mýrdalsjökull er ein af náttúruperlum Íslands og býður fyrirtækið Arcanum upp á snjósleðaferðir á Mýrdalsjökli. Eigendur fyrirtækisins eru Andrína Guðrún Erlingsdóttir og Benedikt Bragason en þau hafa mikla reynslu af ferðalögum á fjöllum og hafa rekið ferðaþjónustu við Mýrdalsjökul í á annan áratug. Upp við jökulinn eru þau með skála er nefnist Sólheimaskáli og eru um tíu kílómetrar frá þjóðvegi 1 að skálanum, eða um 15-20 mínútna akstur. Þar er allur nauðsynlegur klæðnaður og einnig er hægt að fara í fjórhjólaferðir niður Sólheimasand. Nánari upplýsingar má fá í síma 487 1500, á síðunni www.snow.is og með því að senda tölvupóst á snow@snow.is *- hs*



Mýrdalsjökull er fagur á að líta þar sem hann breiðir úr sér á stærstu eldfjallaöskju landsins.





Vélsleðamaður í stuði.

# Unna Vetri konungi

***Vélsleðafólk á ýmislegt sameiginlegt, eftir því sem tekið hefur verið saman á heimsvísu.***

Um það bil sjötíu prósent virkra vélsleðaökumanna eru karlmenn. Sama hlutfall vélsleðafólks er í hjónabandi.

Vélsleðafólk á sameiginlegt að vera virkt í hverskyns vetrarsporti og ekur sleða sínum að meðaltali sautján daga yfir vetrartímann.

Helsta ástæða þess að fólk nýtur þess að eiga vélsleða er að geta sameinað útivist og samneyti við sína nánustu.

Vélsleðafólk er félagslynt og umhugað um andlega og líkamlega heilsu sína.

Náttúrudýrkun vélsleðafólks takmarkast ekki eingöngu við veturinn því há prósenta þess á afþreyingarökutæki til sumarafnota, og meðal þess eru margir vélbátaeigendur. *- þlg*

# Fyrsti sleðinn sérstakur

***Hilmar Baldvinsson var aðeins fimmtán ára gamall þegar hann fjárfesti í fyrsta snjósleðanum. Systir hans reyndi oft og iðulega að koma sleðanum í gang og stelast einn hring en einhvern veginn gekk það aldrei upp.***

Fyrsti sleðinn var af tegundinni Johnson, keyptur splunkunýr fyrir fermingarpeningana og sumarhýruna. Í þá daga var Johnson-sleðinn toppurinn en fæstir mundu sætta sig við 21 hestafla sleða í dag. Núna eru snjósleðarnir með 130-40 hestöfl hið minnsta og ýmsar gerðir til. 21 hestafl dugði ekki til að fara í langferðir eða upp á Kaldbak eins og gert er í dag en félagarnir skutust upp léttar brekkur í Hlíðarfjalli og nutu útiverunnar saman. „Ég hafði ekki mikinn áhuga á skellinöðrum og öðrum vélum eins og félagarnir en það var eitthvað við snjósleðann sem heillaði. Man ekki alveg hvað það var sérstaklega, en vetraríþróttirnar og útiveran hafa alltaf heillað frekar en krafturinn og spennan," segir Hilmar.

Eftir tveggja ára samleið með Johnson sleðanum var hann seldur og snjósleðaíþróttin fékk hvíld í nokkur ár. Þrátt fyrir að eiga ekki sleða þá hélt Hilmar tryggð við vetraríþróttir enda snjóþungir vetur vanalegir á Akureyri þangað til fyrir nokkrum árum. „Fjölskyldan hefur verið dugleg að stunda skíði og bretti enda eitt af því besta sem hægt er að gera á góðum degi er að taka hring á gönguskíðum í Kjarnaskógi. Svo er ég svo heppinn að bræður mágkonu minnar eiga nokkra sleða og búa í snjóþyngri sveit þar sem snjósleðafæri gafst oftar og lengur. Ég hef því farið í nokkrar sleðaferðir á hverju ári, sérstaklega í Fnjóskadal." Áhuganum var því viðhaldið og svo fór að lokum að keyptur var nýr sleði og kerra og svo annar sleði sem er enn betri og kraftmeiri.

Hilmar segist þó sakna þess tíma þegar snjórinn hélst lengur og hægt var að stóla á skemmtilegar langar fjölskylduferðir seinni part vetrar. Að hans mati er skemmtilegast að fara í langar dagsferðir, keyra um og skoða náttúruna um leið. Stuttar brattar fjallaferðir með stökkum og brölti er ekki það sem heillar. Hilmar þarf kannski að bíða í nokkur ár í viðbót eftir því að fá nógu kalt vor þar sem snjórinn helst í fjallsrótum og á sléttu undirlendi til að fá draumferðina sína. *- vaj*



Hilmar segir að vetraríþróttir og útivera hafi alltaf heillað hann. MYND/VIGDÍS ARNA

**VÉLSLEÐAR**









Konungur vetrarríkisins.

MYNDIR/ÞRÖSTUR JÓN SIGURÐSSON

# Upp til fjalla

***Þeir sem hafa fengið snjósleðabakteríuna vilja meina að engu fylgi eins mikil frelsistilfinning og að þjóta yfir snjóbreiður hálendisins.***

Stöðugt fjölgar þeim Íslendingum sem notfæra sér snjóþyngslin á veturna og flykkjast með vinum og vandamönnum upp til fjalla til að leika sér á vélsleðum. Þröstur Jón Sigurðsson er einn af þeim og tók hann þessar myndir þar sem hann var með félögum sínum uppi á Lyngdalsheiði og kringum Langjökul.



Lifað á brúninni.



Í öllum regnbogans litum.



Einn úti í náttúrunni.



Á brattann að sækja.




**Honda Vtx** 1800c Árgerð 2005, ekið 4694 mílur, **Verð 1190 þús**
Einn öflugasti hippinn frá Hondu.
Alvöru mótor.



**Harley Davidson Electra glide**. Árgerð 2005. Ekið 8.231 km .**Verð 1990 þús**



**Suzuki Gsxr** 1000. Árgerð 2007. Ekið 3137 km. **Verð 1190 þús**



**Polaris Outlaw** 525cc. Argerð 2008 Nýtt.
**Verð 970 þús**



**Yamaha Raptor 700**. Árgerð 2007.
**Verð 850 þús.** Þetta hjól er 700cc crosshjólið frá Yamaha sem var framleitt í aðeins fáum eintökum. Flottir litir.



**Suzuki Gsxr** 1000. Árgerð 2007 nýtt. Ekið 0.
**Verð 1290 þús.**



**NÝTT Polaris X2** Árgerð 2008. Einnig hægt að fá á hvítum númerum (kostar 70.000 þús aukalega)
**Verð 990 þús.**

**HJÓLIN ERU TIL SÝNIS Á:**

**www.motorhjol.net**

Sími: 824 6600 / 533 6000
Netfang: thor@motorhjol.net
**Hjólin koma til landsins 10. mars**

Áralöng reynsla í sölu og meðferð hjóla.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

# Heitur bíll í morgunsárið

***Bílahitari er kjörinn fyrir þá sem vilja hlýjan bíl á morgnana, en með sérstökum aukabúnaði gengur hann fyrir skipunum í gegnum síma.***




Páll segir bílahitarann ekki eingöngu þægindabúnað því hann minnki einnig mengandi útblástur, þar sem heitur bíll mengi minna en köld vél. Hægt er að lesa sér til um það á vefsíðunni www.parkingheater.com. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er alveg eins og forhitari sem hitar bílinn áður en hann er gangsettur, en gangsetur hins vegar ekki bílinn eins og fjarstart,“ segir Páll Þór Leifsson hjá Bílasmiðnum um þýsku Webasto-bílahitarana og lýsir síðan hvernig tækið hitar kælivatnið á bílnum, dælir því heitu í gegnum miðstöð bílsins og setur miðstöðvarblásarana í gang þegar kælivatnið hefur náð 30 gráðum, ásamt því að hita vélina.

„Hitarinn notar aðeins orku bílsins sjálfs. Straum til að kveikja, dæla vatni og setja miðstöðvarblásarana í gang og eldsneyti til að mynda bruna. Hitarinn hitar kælivatnið upp í 72 gráður,“ heldur Páll áfram og segir hringrásina alltaf liggja frá vélinni í gegnum miðstöð. „Alltaf er heitast á miðstöðinni. Maður hitar ekki mótorinn fyrst og svo miðstöðina, heldur hitar þetta bílinn innanverðan. Málið er að fá varma sem fyrst inn til að bræða af framrúðunni og hafa bílinn volgan á morgnana.“

Að sögn Páls þarf að kveikja á forhitaranum að minnsta kosti 30 mínútum fyrir brottför til að hita bílinn, þótt það sé háð stærð bílsins. Dugi það ekki til sé hægt að stilla búnaðinn svo hann fari í gang klukkutíma fyrir brottför, en hann er aldrei lengur í gangi en tvo tíma í senn. Hætti maður við brottför slekkur búnaðurinn á sjálfum sér.

„Svo drífur fjarstýringin í allt að 1.000 metra og bíllinn þarf ekki að vera í sjónmáli,“ segir Páll og bætir við að fjarstýringin svari í handsettin og því sé maður í sambandi við bílinn. „Síðan púlsar fjarstýringin í þann tíma sem hitinn er virkur svo maður sér á sendinum þegar hitarinn er í gangi.“

Páll segir fullkomnari fjarstýringu vera í boði, svokallaða 100 HTM eða heat time mangement fjarstýringu, sem er ekki aðeins með sendi heldur tímastilli í sendinum. „Maður gefur þá hitaranum gildi frá einum og upp í fimm og stillir á brottfarartíma. Búnaðurinn les það og ákveður þá hversu mörgum mínútum fyrir brottför hann þurfi að fara í gang miðað við hitastig. Með henni má lesa hita bílsins úr 1.000 metra fjarlægð.“



Hægt er að hringja í tækið í gegnum sérstakan aukabúnað þar sem rödd tekur við skipunum.

Páll bætir við að hægt sé að fá aukabúnað sem notar GSM-kort. „Þá er hringt í tækið og rödd svarar sem biður um pinnúmer og gefur manni ýmsa valkosti. Maður getur þá kveikt á hitanum, tímastillt tækið og svo framvegis. Þetta er eins og að tala við alvöru símstöð.“

Páll segir einn kost bílahitarans að hann passi í nær allar gerðir bíla, auk þess sem hann fylgi sumum bílum og þurfi þá bara að virkja. „Búnaðurinn fæst hjá okkur og kostar á bilinu 104.000 til 170.000 krónur eftir að hann hefur verið settur í en þess má geta að við önnumst líka ísetningu hans. Svo er þriggja ára ábyrgð á þessu.“

*roald@frettabladid.is*

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360


Nýr DODGE RAM 2500 4x4 Mega CAB 6,7L Turbo Diesel LARAMIE
Nýja vélin sem togar 868 Nm. 350 hestöfl.
Með öllum fáanlegum búnaði
6 manna. Svartur með dökkgráu leðri.
Okkar verð: 5.190.000 Kr.
www.sparibill.is
SPA R bill
Fiskislóð 16
Sími: 577 3344

## Subaru og Apple

SUBARU ER LEIÐANDI ÞEGAR KEMUR AÐ TÆKNI OG ÞÆGINDUM.

Nýi Subaru Impreza-bíllinn er búinn stjórntækjum fyrir iPod í mælaborðinu eða í stýrinu og hægt er að velja lög, endurtaka, stokka eða hraðspóla fram og til baka og fletta titlum og lagalistum. IPodinum sjálfum er stungið beint í samband milli sætana og rafhlaðan hleðst meðan hann er tengdur. Þegar straumur er tekinn af bílnum slokknar á iPodinum en hann heldur áfram þar sem frá var horfið þegar straumurinn er settur á aftur. Þegar hljóðkerfið í bílnum er stillt á AM/FM/CD eða Aux gerir iPodinn hlé en fer aftur af stað þegar ýtt er á „SAT“-takkann. *- rt*



KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

STILL Lyftarar
Þýsk gæðavara sem sameinar lágan rekstrarkostnað og áreiðanleika.

- Stafrænt mælaborð á íslensku
- Handbók á íslensku
- Eftirlit á 1000 klst. fresti
- Stillanlegur keyrsluhraði
- Viðhalds litlir hemlar í olíubaði
- Lokaðir riðstraumsmótorar
- Auðveld rafgeymaskipti engin hífing
Endurnýtir orku við hemlun - eykur endingu rafhleðslu um 15% á dag!

VÉLAVER hf Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Aukin ökuréttindi - Meirapróf

Næst námskeið hefst 6. febrúar
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

**Glasamottur** eru sniðugar til að vernda falleg húsgögn fyrir skemmdum eins og vatnshringjum eftir glös og þess háttar. Hægt er að fá ýmiss konar glasamottur og margar mjög fallegar á að líta.



# Megnið af börnunum í pípunum

***Ekki er lengur algengt að börn feti í fótspor foreldra í vali á framtíðarstarfi. Sveinn Símonarson hjá Rörmönnum Íslands hefur hins vegar unnið með þremur af fimm börnum sínum.***



Rörmenn Íslands. Sveinn Símonarson pípari ásamt dóttur sinni Soffíu og syninum Bergvin en þau hafa bæði starfað mikið með föður sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sveinn Símonarson á pípulagningafyrirtækið Rörmenn Íslands og fæst við allt það sem snýr að pípulögnum, jafnt stórt sem smátt. Rörmenn stofnaði Sveinn fyrir um sex árum en þar áður starfaði hann undir eigin nafni.

Sveinn er fimm barna faðir en af börnum hans eru þrjú sem annaðhvort hafa starfað við pípulagnir eða eru lærð í faginu. „Núna vinna tvö barna minna hjá mér einn til tvo daga í viku en þau eru bæði í skóla,“ segir Sveinn, en þetta eru þau Bergvin sem nú er að afla sér kennsluréttinda og Soffía sem stundar nám í pípulögnum í Iðnskólanum í Reykjavík. „Bergvin hefur starfað hjá mér síðastliðin tíu sumur og er því mjög vanur,“ segir Sveinn sem á einn son til viðbótar í pípunum.

„Hann Símon sonur minn á nú orðið sitt eigið fyrirtæki sem heitir Súperlagnir,“ útskýrir Sveinn og segir þá feðga ekki starfa saman nema þegar það henti en Símon lærði fagið hjá föður sínum líkt og Soffía dóttir hans en er núna í meistaranámi í pípulögnum.

En hvernig kemur það til að börn Sveins fá slíkan áhuga á greininni, er hann kannski haldinn smitandi áhuga sjálfur? „Nei,“ segir hann hlæjandi og bætir við: „Ég reyni nú að tala sem minnst um pípulagnir heima hjá mér.“ Hann viðurkennir þó að vitaskuld fái iðnin sinn skerf af umræðum í fjölskylduboðum. „En ég held nú að við höfum getað haldið þeim í sanngjörnu magni,“ segir hann og hlær.

Mikið er að gera hjá pípulagningamönnum þessa dagana að sögn Sveins. „Ég held bara að það hafi aldrei verið svona mikið að gera,“ segir Sveinn, sem hóf starfsemi á höfuðborgarsvæðinu um aldamótin. Áður bjó hann í fimmtán ár austur á Héraði en upphaflega lærði hann fagið í Hveragerði. Hann segir smá tíma hafa tekið að komast inn á markaðinn hér fyrir sunnan en hins vegar sé góður orðstír það sem geri mest fyrir uppbyggingu fyrirtækis.

*solveig@frettabladid.is*



Eldhúsinnréttingarnar eru af mörgum gerðum.

# Fyrir hvern og einn

***Íslensk hönnun og íslensk framleiðsla einkennir innréttingar frá fyrirtækinu Brúnási.***

Brúnásinnréttingar eru framleiddar af trésmíðaverkstæðinu Miðási á Egilsstöðum sem er hátæknivætt. Þær fást í eldhús, baðherbergi og svefnherbergi og eru hannaðar af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni innanhússhönnuðum sem reka saman Go Form design studio í Reykjavík.

Brúnás er með sýningarsal í Ármúla 17a í Reykjavík og þar býðst fagleg þjónusta og ráðgjöf enda getur hver og einn látið hanna fyrir sig eftir eigin óskum. Sýningarsalur er einnig á Egilsstöðum að Miðási 11, í sömu byggingu og framleiðslan er. Þar er líka aðalskrifstofa fyrirtækisins. Á heimasíðunni www.brunas.is er hægt að skoða innréttingar í þrívídd.

*- gun*






**Góð hvíld** er gulli betri og þá ekki síst á ferðalögum. Til að njóta ferðarinnar, og þá ekki síst á löngum ferðalögum, skiptir máli að hvílast vel og þá borgar sig að huga að hvar gist er hverju sinni.


# Skíðaveisla í Austurríki

## 16. og 23. febrúar

## frá kr. 37.790



**Vikuferð frá 54.990 – flug og gisting**

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á skíði í Austurríki í febrúar. Bjóðum vikuferðir 16. og 23. febrúar á sértilboði, bæði flugsæti sem og frábær tilboð á flugi og gistingu. Tryggðu þér skíðafrí á besta verðinu og bókaðu strax. Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar á þessum frábæru kjörum!

**Kr. 37.990**
Flugsæti með sköttum. Sértilboð 16. og 23. febrúar. Netverð á mann.

**Kr. 54.990**
Flug og gisting í viku
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað "án nafns" í Zell am See / Schuttdorf (sjá skilmála "stökktu tilboðs") með morgunverði í 7 nætur. Sértilboð 16. og 23. febrúar.

**Kr. 69.990**
Vikuferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Seehof *** í Zell am See með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 16. eða 23. febrúar.

**Kr. 89.990**
Frábært **** hótel með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í viku. Sértilboð 23. febrúar og 1. mars.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Ekki eins og gömul spóla

***Guðborg Hrefna Hákonardóttir hefur verið leiðsögumaður hjá Kynnisferðum árum saman og kann að halda uppi stemningu þegar með þarf en líka að þegja á milli.***




„Umræðuefnin spilast gjarnan eftir árstíðunum og oft tek ég lagið," segir leiðsögumaðurinn hjá Kynnisferðum, Guðborg Hákonardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er krefjandi en skemmtilegt," segir Guðborg brosandi um leiðsögumannsstarfið. „Maður verður að vinna heimavinnuna sína og svo fara eftir því hvernig hópurinn er hverju sinni. Það er til dæmis ólíkt að vera með Þjóðverja og Ameríkana. Þjóðverjar eru vel lesnir og kröfuharðir. Ég kann ágætlega á þá. Þeir vilja festu og fá mikið fyrir peninginn. Það vilja Ameríkanar reyndar líka en þeim fellur vel að heyra brandara inn á milli. Umræðuefnin spilast gjarnan eftir árstíðunum og oft tek ég lagið. Það þýðir ekkert að vera eins og gömul spóla. Þá verður maður líka leiður sjálfur."

Guðborg er lærður hárgreiðslumeistari en þurfti að hætta því starfi vegna ofnæmis. Skellti sér í Leiðsöguskóla Íslands árið 1995 en áhuginn á starfinu var kviknaður mörgum árum áður. „Ég var fyrst stanslaust í ferðum hringinn kringum landið á sumrin en nú er starfið orðið á heilsársgrunni. Það sem er í boði að vetrinum er hinn sígildi rúntur um Kerið, Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Svo er það suðurströndin. Þá er ekið í Vík í Mýrdal, fossarnir skoðaðir, Seljalands- og Skógafoss, farið í safnið á Skógum og niður í fjöru. Þetta er ferð frá klukkan níu til sjö. Svo er ferð um borgina hvern einasta dag og í Bláa lónið líka."

Hvernig er upplifun fólks af landinu á þessum árstíma?

„Hún er alveg stórkostleg en það reynir talsvert á leiðsögumanninn á þessum árstíma því við erum að keyra í myrkri hluta leiðarinnar. Á morgnana segi ég einhverjar sögur en síðdegis er fólk orðið lúið og nýtur þess að hvíla sig í rökkrinu. Meðan dimmasti tíminn er þurfum við að halda á spöðunum í Gullfoss-Geysisferðinni til að ná til Þingvalla í dagsbirtu. Svo kemur fyrir að við verðum að sleppa þeim. Þá er mikið skúffelsi. Ekki má heldur gleyma norðurljósaferðunum sem farnar eru eitthvert út fyrir bæinn. Japanar eru rosalega spenntir fyrir þeim og margir Englendingar líka. Auðvitað er reynt að fara þegar skilyrðin eru góð en aldrei er neitt 100% öruggt. Það er pínlegt að fara í norðurljósaferð í dimmviðri og þurfa að halda uppi tempói með fulla rútu en vita fyrirfram að ekkert muni sjást til himins."

Þótt leiðsögumaður þurfi að vita skil á ótal hlutum segir Guðborg hann alls ekki þurfa að tala út í eitt. „Það er nauðsynlegt að hafa góðar þagnir á milli," segir hún. „Leyfa fólki að njóta útsýnisins og melta það sem það er búið að heyra."

*gun@frettabladid.is*






# Hráefni úr heimabyggð

***Suðurland bragðast best er yfirskrift málþings sem haldið er á Hótel Selfossi í dag milli klukkan 13.00 og 17.00.***

Sjónum verður beint að framboði og nýsköpun í matvælaframleiðslu á Suðurlandi á málþinginu Suðurland bragðast best. Markmiðið er að efla tengslin milli framleiðenda og neytenda og hvetja Sunnlendinga, ekki síst þá sem stunda veitingarekstur og ferðaþjónustu, til að nýta matvæli úr heimabyggð.

Fólk sem framleiðir og markaðssetur matvæli víða um land mun miðla af reynslu sinni og verkefnin Beint frá býli, Matarkista Skagafjarðar, Stefnumót hönnuða og bænda, Vörumerkjastjórnun, Heimaframleiðsla og fleiri verða kynnt. Matvælaframleiðendur á Suðurlandi hafa sérstakt sýningarrými á samkomunni og gefa gestum að smakka. Það er vaxtasamningur Suðurlands og Vestmannaeyja sem hefur forystu um málþingið. *- gun*

Meðal þeirra sem matreiða úr sunnlensku hráefni eru kokkarnir í Rauða húsinu á Eyrarbakka. Þessi réttur heitir „Haf og hagi". FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Bílamarkaðurinn**

**Smiðjuvegur 46 gul gata**
**www.bilamarkadurinn.is**
bilamarkadurinn@bilamarkadurinn.is



**M.BENZ ML 500**
'03 EK. 36 þkm. SSK. Topplúga, Leðuráklæði, Xenon ljós, Álfelgur, Bose hátalarakerfi o.fl. Einn m. öllu.
**V. 4.450.- Lán. 3.750.-**



**FORD EDGE**
'07 Ek. 23.þkm. SSK, Geislaspilari, Álfelgur, Hiti í sætum, Leður o.fl. o.fl.
**V. 4.490.- Gott lán í boði**



**MMC L200 ANTERA DÍSEL**
2007 EK. 8.þkm. Sjálfskiptur, Leðuráklæði, Rafdr. sæti, 32" dekk.
**Möguleiki á 100% láni.**



**FORD F-150 KING RANCH**
06/06 EK.23.þkm. SSK. Leður, 20" felgur, Rafm. í öllu, Magasín, Topplúga o.fl.
**Tilboð. 3.650.- STGR.**



**SKODA OCTAVIA AMBIENTE 2,0**
02/05 EK. 51.þkm. 5 gíra. Álfelgur, Pluss áklæði, Geislaspilari, Rafdr. rúður og speglar. Mjög góður bíll.
**V. 1.490.- Lán. 837.000**



**SUBARU LEGACY WAGON GL 4X4**
02/99 Ek.141.þkm. Sjálfskiptur, Dráttarkúla, CD, o.fl. Góður bíll fyrir veturinn.
**V. 720.000**



**M.BENZ E 200 K AVANTGARDE**
02/07 Ek.21.þkm. SSK. Leður, Geislaspilari, Topplúga, 17" felgur, Xenon ljós. Einn með öllu.
**Útborgun 230 þús**



**CADILLAC ESCALADE 540 hö**
08/03 Ek. 56.þkm. Sjálfskiptur, Magasín, Rafm. í öllu. Leðuráklæði, Keflablásari, 540 hestöfl. Rosalegt tæki.
**V. 5.500.-**



**CHRYSLER 300C HEMI**
01/08 Ek.0.þkm. SSK. Leður, Topplúga, DVD, Navigation, 18" felgur, Króm pakki, Rafst. petalar. Sá flottasti á landinu, Einn m. öllu.
**V.5.490.- Möguleiki á góðu láni**

Eigum til mikið úrval af öllum gerðum bifreiða.
1500 bílar á skrá á einum stað
Finndu bílinn á
www.bilamarkadurinn.is

Opnunartími:
Mánud.-Föstud. 10:00 - 18:30
Laugard. 11:00 - 16:00
**s. 567-1800**



### Nýr 2008 Arctic Cat M8 153

Nýr 2008 Arctic Cat M8 153" 1.090 þús. Tilboð á nokkrum nýjum sleðum m.a. Arctic Cat M8 153" árg. 2008. Verð aðeins 1090 þús. Góð greiðslukjör !! Uppl. í síma 892 1419.



Polaris 800 RMK Vertical Escape 151" árg 2004 ekinn 2800.Góður sleði.S. 898 2811.



Polaris XC800 04 Topp sleði verð 650. þús uppl í s. 856 2705.



Til sölu mach z 1000, árg 05, ek 2900km tilboð 850þ s: 861 4681.



Ski Doo Renegade 800 Árg. 2006, ekinn 2600 km. Tanktaska Panna Orginal ábreiða Aukapar af skíðum (breiðari) Aukasæti fyrir farþega. Uppl. í síma 894-9309

Polaris 700 RMK rauður, 2004 árg., 1000 km. Uppl. í s. 822 9924.

## Kerrur



### Vetrartilboð á Brenderup kerrum

2 metra kerrur frá kr. 99.970 m/VSK! Sjón er sögu ríkari !! Margar stærðir í boði! Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

## Vinnuvélar

**ARMAR**
GRÖFUR
og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armar.is



Eigum til öflugar kasttennur á lager. www.aflvelar.is Aflvélar ehf S. 480 0000. Vesturhrauni 3, 210 Garðabær.



Eigum til öfluga fjölplóga á lager. www.aflvelar.is Aflvélar ehf S. 480 0000. Vesturhraun 3, 210 Garðabær.

## Lyftarar

**ARMAR**
SKOTBÓMULYFTARAR
og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armar.is



Til sölu BobCat T3571 skotbómulyftari árg. 2005. Lyftigeta 3.5 tonn, notk. 1600 klst. Glussakrókur að aftan. Skófla og gafflar. Tækið er í toppstandi, selst yfirfarinn og smurður, verð 3.8m. án/vsk. Mögulegt að yfirtaka kaupleigusamning. Allar upplýsingar s. 892 0566.

## Bátar



Sex tonna bátur til sölu. Upplýsingar í síma 661 8394

## Varahlutir

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### H.S. Þjónustan 557 1725

Eigum varahluti í Volvo S. 40, V.40, 740, 850, 940. Allar almennar bílaviðgerðir, kaupum Volvo bíla. Skemmuvegur 26 200 Kóp. Bleik gata.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

### Bílapartar og þjónusta. Dalshrauni 20 S. 555 3560

Eigum varahluti í flestar tegundir bifreiða. Sérhæfum okkur í Subaru Nissan og Toyota.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Hreingerningar ehf**
Sími: 868 5599
Gólfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum.
www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**A til Ö Þrif & Viðhald**
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif * Hreingerningar
Teppahreinsun * Gluggaþvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
* * * * *
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og einnig flutningsþrif. Ástu -svæði . S. 848 7367.

## Garðyrkja

**Smágröfuleiga**
**Drenlagnir**
**Skolplagnir**
**Jarðvegsskipti**



Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi




Vetur, sumar, vor og haust. Vanir menn, vönduð vinna! Upplýsingar veita Ólafur 661 2005 & Hilmar 699 8509 Kletthamar ehf. www.kletthamar.is

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

### 25% afsláttur af allri málningar-og spörslunarvinnu.

tilboð eða tímavinna, fagleg vinnubrögð og margra ára reynsla. Uppl. í s. 849 7699.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Húsaviðhald

**fagmenn.is**
5 52 53 54
Málari - Múrari
Rafvirki - Pípari
Smiður - Hönnuður
Parket/Flísalagnir
Sandspörtlun

**Viðhaldsvirkni ehf**
**S. 661 0117 & 690 9117**
Málarameistarar, múrarar og smiðir,sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypu-múr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðum sem og margt fl.
Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

**Íslenskir verktakar ehf**
**BYGGJUM**
**BREYTUM**
**& BÆTUM**
898 0280
698 6491

### Janúar tilboð 20% afsláttur.

**Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Stigagangar, sameignir og íbúðir, gamalt og nýtt.**
**Upplýsingar í síma 869 3934 Ingimundur Málarameistari.**

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

### Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

### Verkmúr ehf.

Getum bætt við okkur verkefnum. Flísalagnir, flotgólf, almennt múrverk, húsaviðgerðir. S. 699 1434.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl.í s. 894 0031.

### Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Flísalagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki og flísalögnum. Upplýsingar í síma 699 6069.

**Viðhald, gluggar, hurðir, veggir, gólf,. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

A+verktakar ehf Bestir í flísum-góðir í múrverki Tilboð-tímavinna s: 897 9394. Ásgeir.

Get bætt við mig verkefnum við Flísa & parketlagnir. Uppl. s. 699 3045.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S.892 7260 & 567 0530**

**Stífluþjónustan ehf**
**S. 554 2255 / 896 5800**
**Stíflulosun-röramyndum**
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

### Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

### Stína Lóa Spámiðill

**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI – Spámiðill**
Spái í spil og kristalkúlu.
Fyrirbænir.
Sími 557 4391,
www.engill.is

**Hanna** S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við eftir kl. 16 alla daga.

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
Visa S. 566 7311 Euro

### Englaljós S. 908 5050 & 863 1987

**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Áramótaspáin þín.

Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908-6414 (199 mín.) 553-5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**Seljum og leggjum parket**
Tökum að okkur lagningu, slípun, lökkun ofl. á parketi, eigum margar tegundir af gegnheilu parketi til sölu. Hröð og góð þjónusta. S. 659 7596

## Önnur þjónusta

PRÓFARKALESTUR. Tek að mér prófarkalestur. Er með háskólapróf í íslensku. Fyrirspurnir sendist á netfangið heidrunh@hive.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Minkapelsar**
**Minkapels, yfirstærð og miðstærð. Hálfsíður minkur og og hálfsíður bláréfur, slá úr kasmírull, ullarkápur og jakkar. Verð frá 5000 þús og margt fl. KS. s. 551 8481.**

til sölu eikarbar asamt tveimur eikarastólum allt útskorið verð 70.000 þús uppl í síma 8618462

Til sölu 3 WC skúrar, sitthvor eining ca. 1m x 1m, verð 150.000 m/vsk stk. Uppl. í s. 660 2407, Grétar.

Iðnaðarhurðir, hef til sölu 5 stk. Flekahurðir, verð 180.000 kr. stk m/vsk. Um er að ræða 4,7m háar og 3,4m breiðar hurðar með brautum og mótor, innfluttar frá danmörku. Uppl. í s. 866 4643, bjarni.

Libherr byggingakrani 40K, þarfnast lagfæringar, verð 1.200.000 kr. m/vsk, Uppl. í s. 660 2413, Hörður.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri




**Stagg Þjóðlagagítar**
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Tölvur

Svotil glæný tölva með öllu því besta; Duo Quad, 512mb 8600 Nvid, 22" Crystal Bright, o.s.frv. Kostar 160þ, selst á 75þ. S: 662-8888 (Leikir fylgja COD4 +++)

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga

Mótaborð 3000-2500x500x21mm á 1.545 kr/m2, m/VSK. Einnig mótatimbur 1x6 og 2x4 óheflað. Uppl. í s: 840-7273 hjá Halldóri og á ulfurinn.is

750 lm af nýju girðingarefni með steyptum undirstöðum, kjörið í kringum byggingasv., verð 4.500 kr stk m/vsk (girðing og steypt undirstaða), uppl. í s. 660 2407, Grétar.

## Verslun










# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Lr-kúrinn er tær snilld. Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. www.dietkur.is Dóra 869 2024.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun í World Class**
Tek að mér þjálfun einstaklinga og hópa á öllum aldri. Uppl. í s. 868 1777 fhreinsson@hotmail.com

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

Nuddb(cust. cr) ónot. til sölu, breidur, mjúkur, taska fylgir U. s: 6992228

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Þjónusta

**Tattoo opnunartilboð!**
101 Skjöldur. Pósthússtræti 13. S. 561 9090. www.tattoo.is

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu á Selfossi. Ísskápur, þvottavél og rúm 120 cm breitt. Uppl. 694 6397.

Uppþvottavél til sölu, tegund Ariston. Uppl. í síma 861 4915.

## Dýrahald

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

**PAPILLON**
Yndislegir Papillon hvolpar til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 696 4338.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Skráningarfrestur á alþjóðlega hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands rennur út föstud. 1. feb. Fimm erlendir dómarar dæma hundana. Skráning og upplýsingar á www.hrfi.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6. S. 861 7388.

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herb. til leigu í kóp með wc, sturtu, húsg. TV, DVD, ADSL, ísskáp og örbylgju. Leigist á 38 þ. S. 863 0415.

3 herb. íbúð til leigu í Njarðvík laus frá 1. feb. n.k. Uppl. í s. 694 4384.

Til leigu 2. Herb. íbúð nálægt Hásskólanum, skráð í fasteignarmati, skamtímaleiga hugsanleg. Trygging. Uppl. í s. 898 2862 eftir kl. 17.



Til sölu: Veghús 31, íb 903. 92m2. Gott ÍLS lán. Laus strax. 21,9 mkr. Opið hús fimmtud kl 16-16,30. Uppl í 8963867




**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er falleg, 80 fm, 3 herbergja íbúð á besta stað í bænum við Bergstaðastræti. Íbúðin er laus strax. Leiga 140 þúsund krónur. Áhersla er lögð á trausta leigjendur. Vinsamlegast sendið tölvupóst á snaevarr@unric.org , sendið sms eða hringið í 0032497458088. Get hringt til baka.

2ja herb. íbúð í Breiðholti. Leiga kr. 120.000. Trygging kr. 360.000 í peningum. S. 6634141.

Rúmgóð 2. Herb. íbúð í Engihjalla. Leigist viku í senn. Leiga 40þ. á viku. Sími 869 3354.

Einstaklíngs íbúð til leigu ca. 60 fm. Í hverfi 112. Uppl. í s. 663 5050 & 661 5050.

**Norðurbakki**
Ný glæsileg 90 ferm íbúð ásamt stæði í bílkjallara á Norðurbakkanum í Hafnarfirði. Upplýsingar á www.heimahagar.is

## Húsnæði óskast

**Systkini óska eftir íbúð sem fyrst helst miðsvæðis**
**Eru reglusöm og með trausta innkomu. Æskilegt væri ef íbúðin skiptist í tvö mjög stór herbergi, eldhús og bað. Langtímaleig. Uppl. hjá Oddi í síma 847 3860.**

**Stúdíó íbúð óskast sem fyrst.**
**Óska eftir að taka á leigu stúdíóíbúð helst með húsgögnum, en ekki skilyrði. Er reglusöm og róleg. Skilvísum greiðslum heitið. Er í traustri vinnu. Greiðslugeta 40-60 þús. Upplýsingar í síma 697 3386**

47 ára reglusamur karlmaður óskar eftir lítilli íbúð eða góðu herbergi með baðog þvottaaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu. Helst frá 1. feb. Sími 845 2942 & 565 2932.

**Garðabær**
Óska eftir íbúð til leigu í Garðabæ. Sími 660 2679.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

## RÝMINGARSALA



**Okkur vantar trésmið til Danmerkur**
**Vegna breytinga á húsakynnum Íslandssetursins í Danmörku vantar okkur~~góðan smið til starfa tímabundið, fæði og húsnæði á staðnum. Ekki~~ erverra ef viðkomandi hefur áhuga á að setjast að í Danmörku eftir að~~verkefninu líkur. Við höfum góð tengsl og sambönd á dönskum~~vinnumarkaði.**
**Vinsamlega hafið samband við Baldvin í síma 0045 6139 3304 eða info@inart.dk**

**Móttökustarf á snyrtistofu**
**Starfskraftur óskast strax í móttöku á snyrtistofu í hlutastarf. Þarf að vera samviskusöm og einnig með góða söluhæfileika. Yngri en 25 ára kemur ekki til greina.**
**Uppl. í síma 899 8686 frá kl: 11-17 í dag.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir starfsmanni í málningardeild.**
**Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Þjónustufulltrúi í dreifingardeild**
Dreifingardeild Pósthússins leitar að þjónustufulltrúa. Í starfinu felst meðal annars símsvörun og móttaka ábendinga á dreifingarefni, samskipti við blaðbera og önnur tilfallandi verkefni. Vinnutími er virka daga frá 9-17.
**Nánari upplýsingar gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330 eða í tölvupósti á dagnyr@posthusid.is**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti.**
**Upplýsingar í síma 664 3624.**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir helgarstarfsmönnum í hreinlætistækjadeild í verslun Húsasmiðjunnar Grafarholti.**
**Upplýsingar í síma 664 3622.**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

**Spjalldömur.**
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar spjalldömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is. Mjög góðir tekjumöguleikar.

Vantar þig aukavinnu? Borgargrill getur bætt við sig fólki á kvöld og helgarvaktir. Góð laun í boði fyrir áræðanlega aðila. Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 820-5851

Starfskraft vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

**HENDUR.IS**
Ráðning stendur yfir í eftirf. stöður: svæðisstjóra, sölufulltrúa, verkstjóra, bónara, liðveislu, hjúkrun, o.fl. www.hendur.is

Vantar starfsmann í afgreiðslu og pökkun. Íslenska skilyrði. Efnalaugin Björg í Mjódd, s. 557 2400.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Kona fra Lettlandi (40) oskar eftir vinnu a Islandi, Allt kemur til greina. S.8457158

Ég er öryrki með skipstjórnarréttindi og ofl. Er á eigin bíl og er mjög vanur akstri. Uppl. í s. 553 1760 & 892 2001

Vanur bílstjóri með öll ökuréttindi óskar eftir vinnu við útréttingar eða annan akstur, getur byrjað strax, meðmæli. Uppl. í s. 894 3151.

**Vantar þig Starfsfólk?**
Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

Pólskt par, 25 og 21 árs, óskar eftir 100% vinnu, enskumælandi. S. 699 8321 / przem50@hotmail.com

## Viðskiptatækifæri

**Áttu þér draum?**
**er draumurinn kannski að reka lítið fyrirtæki án mikillar áhættu? Þá er þetta málið. Ef þú ert nuddari, snyrti- förðunar- fótaaðgerða- eða naglafræðingur og ert með reynslu hafðu þá samband á snyrtistofanmist@gmail.com eða í s. 893 1577**

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

Þarftu að auglýsa fyrirtækið þitt ?
Hafðu samband við sölumann í s. **512 5407** og fáðu tilboð í smáauglýsingar

## Einkamál



Til sölu Arctic cat ZR 600 efi árg 2000. Ekinn 4200 km. Naglar í belti. Verð 290 þús. Uppl í s 848 0944

**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## ÞJÓNUSTA




**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"

## FASTEIGNIR

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

**HÁBÆR, 110-REYKJAVÍK**


Frum

Gott eldra einbýlishús sem er hæð og kjallari með innbyggðum bílskúr. Eignin er alls 126,0 fm. Húsið var byggt 1940 og viðbygging árið 1958 og bílskúr 1969. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu, skóla og útivist. Stór 716 fm lóð sem býður uppá mikla möguleika fyrir stækkun. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð. Stór og gróin lóð við húsið, timburskjólveggir og auka bilastæði.
**Verð 39,0 millj.**
**Upplýsingar veitir Ólafur Guðmundsson, sími 896 4090**

| Kristinn Valur Wiium<br>Sölumaður, sími: 896 6913 | Ólafur Guðmundsson<br>Sölustjóri, sími: 896 4090 |
|---|---|

**heimili FASTEIGNASALA**
Sími 530 6500

**TRÖLLAKÓR 2-4**
**TIL AFHENDINGAR STRAX**


Frum

**Vandaðar og vel skipulagðar 3- 5 herbergja 110-168 fm íbúðir í nýju fjölbýlishúsi með lyftu.** Húsið er mjög vel staðsett í næsta nágrenni við skóla, leikskóla og nýja íþróttabyggingu, Kórinn. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar með vönduðum innréttingum með granít borðplötum, ísskáp,uppþvottavél og örbylgjuofni. Flestum íbúðum fylgir stæði í upphitaðri bílageymslu. Stórar og góðar geymslur.
**Verð frá 25,9 millj.**
***Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Síðumúla 13.***

## ATVINNA

# Sölufulltrúi fasteigna
# Miklir tekjumöguleikar

**Væri ekki frábært ef árangur þinn skilaði sér beint í budduna!**
**... Ertu sölumaður fram í fingurgóma og snillingur í samskiptum?**

Ef svo er þá gæti þetta verið tækifærið fyrir þig.

Fasteignamiðlunin Mjódd ehf. sem rekur tvær söluskrifstofur REMAX Mjódd og REMAX Torg er öflug og framsækin fasteignamiðlun, við erum stolt af okkar starfsfólki, meðal annars starfa tveir söluhæstu sölufulltrúar innan REMAX á íslandi árið 2007 hjá okkur.
Við leitum eftir árangusdrifnum einstaklingum í starf sölufulltrúa, um er að ræða krefjandi starf í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem starfsmenn ná árangri.
Starfsandinn er frábær og metnaður fyrirtækisins mikill.

**Starfssvið:**

- Sala og verðmat eigna
- Þjónusta við viðskiptavini
- Eftirfylgni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af sölumennsku
- Framúrskarandi þjónustulund
- Skipulagshæfni
- Löggilding í fasteignaviðskiptum kostur

**BJÓÐUM**
8 VIKNA ÞJÁLFUN OG NÁMSKEIÐ FYRIR NÝJA SÖLUFULLTRÚA REGLULEG NÁMSKEIÐ

**Taktu af skarið, breyttu til, sæktu um starfið!**

Áhugasamir sendi inn ferilskrá á póstfangið sbg@remax.is

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Borgar Guðmundsson framkvæmdastjóri í síma **820 1099**

RE/MAX Mjódd RE/MAX Torg

*Þekking Reynsla og Geta til að ná árangri*

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

**Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.**

### Nesjavallalína 2 – Geitháls

Fyrirhugað er að leggja 145 kV jarðstreng frá Nesjavallavirkjun að spennustöðinni í Geithálsi (Nesjavallalína 2).
Jarðstrengurinn mun að mestu liggja samsíða núverandi vegum, Nesjavallaleið og Hafravatnsvegi, eða Nesjavallaæð. Innan Reykjavíkur mun jarðstrengurinn liggja um Hafravatnsveg, við mörk Mosfellsbæjar, til vesturs sunnan Sogslínu 2 að aðveitustöð Landsnets í Geithálsi. Alls um 1,1 km að lengd. Jarðstrengurinn mun liggja um svæði sem skilgreind eru sem athafnasvæði (A3) og opið svæði til sérstakra nota. Umrædd svæði eru á fjarsvæði vatnsverndar; fjarsvæði B, sbr. skilgreining í svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.
Nánar um tillögu vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. janúar 2008 til og með 12. mars 2008**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 12. mars 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 30. janúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Reitur 1.180.0, Menntaskólareitur

Tillaga að deiliskipulagi reits 1.180.0, sem afmarkast af Lækjargötu, Amtmannsstíg, Þingholtsstræti og Bókhlöðustíg.
Tillagan er byggð á verðlaunatillögu um uppbyggingu Menntaskólareits. Markmiðið er að halda svipmóti byggðarinnar, styrkja hana með nýbyggingum en þó þannig að þær haldi sjálfstæði sínu innan heildarinnar. Áhersla er lögð á að tengja öll húsin saman og styrkja um leið þorpsmyndina. Gert er ráð fyrir að húsið númer sjö við Bókhlöðustíg verði gert upp og reist að hluta á baki fyrirlestrarsals skólans sem er neðanjarðar. Einnig er lagt til að húseignir í einkaeigu að Þingholtsstræti nr. 12, 14 og 16 verði friðaðar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. janúar 2007 til og með 12. mars 2008**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 12. mars 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 30. janúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## Frystiklefi til sölu.

40 fm, 9m. x 4,5m.
Fæst á góðu verði, fæst einnig keyptur á viðskiptanetinu.
Áhugasamir hafi samband i s. 822 8844 & 822 8832

STYRKIR

## Styrkir

**Barnavinafélagið Sumargjöf**
**auglýsir styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem nýst gæti börnum á leik- og grunnskólaaldri.**

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 15. febrúar 2008.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

Reykjavík 17. janúar 2008
Barnavinafélagið Sumargjöf.
Pósthólf 5423, 125 Reykjavík
Netf: sumargjöf@simnet.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

FRAMÚRSKARANDI **SÖLUFULLTRÚAR** FRAMÚRSKARANDI **ÁRANGUR**

# VELDU **FRAMÚRSKARANDI** ÞJÓNUSTU FYRIR **ÞIG** OG **ÞÍNA** FASTEIGN

RE/MAX Þing

- Eignin þín fær athygli
- Þú færð persónulega þjónustu
- Við sýnum eignina fyrir þig
- Traust og örugg þjónusta

FRÍTT VERÐMAT
**HRINGDU NÚNA!!!**


**Óli Gísli**
Sölufulltrúi
oligisli@remax.is
**822 8283**


**Hrönn**
Sölufulltrúi
hronn@remax.is
**692 3344**


**Bergrún Brá**
Sölufulltrúi
bergrunbra@remax.is
**698 7352**


**Garðar**
Sölufulltrúi
gs@remax.is
**893 0082**


**Bergur Steingrímsson**
Löggiltur fasteignasali

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX Þing • Háholti 13-15 • 270 Mosfellsbær • Sími: 412 3300

das HRAFNISTA

Hrafnista Reykjavík

# Aðhlynning

Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir. Góð íslenska skilyrði.

Uppl. í síma 585 9529 og á **hrafnista.is**

---

# VANTAR ÞIG SMIÐI?,..

**..múrara, pípara, járnabindingamenn, eða aðra starfsmenn?**

Höfum menn á skrá sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

proventus – traust starfsmannaþjónusta

sverrir@proventus.is **Sími 661 7000**

---

**Starfsmaður á aldrinum 25-35 ára óskast í hálft starf eftir hádegi á fasteignasölu**

Áhugasamir sendi uppl. á hannes@remax.is

---

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru þar stundaðar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.**

**Impra er hluti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Impra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.**

## Verkefnisstjóri á Höfn

# Í fararbroddi til framtíðar

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að stofna starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn í Hornafirði og veitt til þess fjármagn til ársloka 2009.

Auglýst er eftir verkefnisstjóra Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Hornafirði með starfsstöð í Nýheimum, þekkingarsetri á Höfn.

### Starfssvið

Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna og fræðslustarfs. Handleiðsla í tengslum við stofnun og rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir um þróun og rekstur nýsköpunarverkefna.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar, eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og ögud vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Impru, berglindh@nmi.is.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknum skal skila fyrir 11. febrúar n.k. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra – Frumkvöðlar og sprotar
Keldnaholti
112 Reykjavík

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● Fax 522 9111 ● www.nmi.is

---

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

# Ráðgjafar hjá Barnavernd Reykjavíkur

**Um er að ræða tvær afleysingastöður, út árið 2008.** Annars vegar við eftirfylgd fósturbarna auk vinnu við umsagnarmál. Hins vegar samstarf við lögreglu, viðveru við skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi auk kannanna barnaverndartilkynninga.

*Barnavernd Reykjavíkur ber ábyrgð á meðferð einstakra mála sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga. Starfsmenn skrifstofunnar annast m.a. móttöku og mat tilkynninga um óviðunandi aðbúnað barna/unglinga, könnun á aðbúnaði þeirra, gerð og eftirfylgd meðferðaráætlana, meðferð, stuðning og eftirlit í alvarlegum barnaverndarmálum. Þá sjá starfsmenn um málefni fósturbarna auk vistana barna á meðferðar/einkaheimilum og gerð umsagna í umgengnismálum, ættleiðingarmálum auk úttekta á fósturheimilum og stuðningsfjölskyldum.*

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa um 30 manns. Boðið er upp á handleiðslu, tækifæri til símenntunar og sveigjanlegan vinnutíma. Á vormánuðum er fyrirhugað að starfsemin flyti í nýbyggt húsnæði á Höfðatorgi.

**Menntun og hæfni:** Umsækjandi þarf að hafa lokið háskólaprófi, t.d. á sviði félagsvísinda eða sálfræði. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af barnaverndarstarfi og meðferðarvinnu.

Starfið gerir kröfur til jákvæðs viðmóts og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir ásamt getu til skýrrar tjáningar munnlega og skriflega.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjóri Halldóra D. Gunnarsdóttir, Helga Jóna Sveinsdóttir deildarstjóri fósturteymis eða Dóra Júlíussen deildarstjóri könnunarteymis í síma 535 2600.

Umsóknir sendist til Barnaverndar Reykjavíkur Skipholti 50b, 105 Reykjavík eða á netfangið halldora.drofn.gunnarsdottir@reykjavik.is **fyrir 8. febrúar nk.**

# Viltu starfa í hverfinu þínu ?

**Félagsmiðstöðin Árskógum 4 óskar eftir að ráða starfsfólk í félagslega heimaþjónustu og í sjálfstæða búsetu geðfatlaðra í Breiðholti.**

Vegna íbúasamsetningar er sérstaklega óskað eftir karlmönnum til starfa. Einnig vantar afleysingar í kvöld- og helgarþjónustu.

Um er að ræða skemmtileg og lærdómsrík störf sem fela í sér félagslegan stuðning, almenn heimilisstörf, stuðning til sjálfshjálpar og samfélagslegrar þátttöku.
Starfshlutfall eftir samkomulagi.

**Hæfniskröfur:**
- Félagsliðamenntun æskileg
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni.
- Aldursskilyrði 18 ár.

Við bjóðum upp á jákvætt og uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem nýju starfsfólki er veittur góður stuðningur, aðlögun í starfi og fræðsla.

Áhugasamir hafið samband við: Pálu Jakobsdóttir deildarstjóra heimaþjónustu, netfang: pala.jakobsdottir@reykjavik.is eða Elísabetu E. Jónsdóttur, netfang: elisabet.eyglo.jonsdottir@reykjavik.is eða í síma: 535-2700.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.
Umsóknum skal skila á Félagsmiðstöðina Árskógum 4 eða á ofangreind netföng **fyrir 11. febrúar nk.**

# Félagsleg heimaþjónusta

**Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna félagslegri heimaþjónustu.**

**Helstu verkefni:**
- Félagslegur stuðningur
- Aðstoð vegna umönnunar barna og unglinga.
- Aðstoð við heimilshald og almenn þrif
- Aðstoð við athafnir daglegs lífs

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Félagsliðamenntun eða reynsla af almennum heimilisþrifum/umönnun æskileg.
- Umsækjandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt.
- Ökuréttindi kostur.

Vinnutími er frá kl. 09:00 - 17:00 virka daga.
**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ester Halldórsdóttir deildarstjóri heimaþjónustu, Hraunbæ 105 sími: 411 2730, netfang: ester.halldorsdottir@reykjavik.is
Umsóknum skal skila í Félagsmiðstöðina að Hraunbæ 105 eða á ofangreint netfa ng **fyrir 4. febrúar nk.**

# Öryggisvörður til afleysinga

**Félagsmiðstöðin v/Vitatorg, Lindargötu 59 óskar eftir að ráða öryggisvörð til afleysinga.**

**Helstu verkefni:**
- Afleysingar fyrir fastráðna öryggisverði í vetrarorlofi í febrúar til mars og sumarleyfum í maí-september.
- Starfið felst m.a. í því að hafa öryggiseftirlit með íbúum og mannvirkjum en á staðnum eru 94 íbúðir og félagsmiðstöð.

**Vinnutími:**
Um er að ræða vaktavinnu, 8 klst. kvöld og nætur virka daga og 12 klst. vaktir um helgar og helgidaga. Eftir hverja 14 daga vaktahrinu er vaktafrí í 7 daga.

**Hæfniskröfur:**
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Samviskusemi og sveigjanleiki.
- Reglusemi og stundvísi.
- Gott heilsufar.
- Hreint sakavottorð.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Nánari upplýsingar veitir Edda Hjaltested forstöðumaður í síma 411 9540, netfang.edda.a.hjaltested@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.


Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali


Ella Bergsteinsd. sölufulltrúi


Erla Viggosdóttir, ritari


Páll Guðjónsson sölufulltrúi


Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir sölufulltrúi


Bragi Valgeirsson sölufulltrúi


Þórir Hallgrímsson lögfræðingur

Síðumúli 27, 108 R www.remax.is eignastyring@remax.is

# RE/MAX EIGNASTÝRING S: 534 4040




## GRENSÁSVEGUR REYKJAVÍK

Mjög góð 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í fjöleignarhúsi. Húsið nývíðgert að utan. **Nýtt eldhús. 90% lán.**
**Verð kr. 21.8 millj.**




## GRANDAVEGUR REYKJAVÍK

Mjög góð 4ra herbergja 110 fm. endaíbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Þrjú svefnherbergi, stofa og borðstofa, eldhús, baðherbergi, og þvottaherbergi innan íbúðar.
**Verð kr. 31,5 millj.**



## SKÓGARÁS REYKJAVÍK

Falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu 6 íbúða húsi. Stórar suðursvalir. Húsið var málað síðastliðið sumar og skipt um teppi í sameign.
**Verð kr. 22,5 millj.**



*Bjóðum velkominn til starfa Þóri Hallgrímsson, lögfræðing.*




## HAUKANES, ARNARNES

Fallegt og vandað einbýlishús á þremur hæðum með tvöföldum innbyggðum bílskúr á vinsælum stað á Arnarnesinu. **Öll smíði hússins er afar vönduð.**




## FJARÐARSEL, REYKJAVÍK

Mjög gott og vel viðhaldið endaraðhús á þremur hæðum auk innbyggðs bílskúrs. Möguleiki að gera sér íbúð á jarðhæð. **Góð staðsetning og stutt í alla þjónustu.**




## ÞRÚÐSALIR KÓPAVOGUR

Í smíðum 5-7 herbergja 301 fm. einbýlishús á fallegum og vinsælum útsýnisstað í Kópavogi. Húsið skilast fullbúið að utan, fokhelt að innan.
**Verð kr. 70 millj.**




## REYNIMELUR REYKJAVÍK

Góð fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð í fjölbýli á vinsælum stað í Vesturbænum. LAUS við kaupsamning.
**Verð kr. 24,9 millj.**




## SUÐURBRAUT, HAFNARFJÖRÐUR

Rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Mjög góð staðsetning. Stutt í alla þjónustu m.a. sundlaugar.
**Verð kr. 21,9 millj.**




## FRAMNESVEGUR REYKJAVÍK

Einbýlishúsið AUSTURHOLT, byggt 1904. Timburhús á steyptum kjallara alls 176,4 fm. Friðað hús á besta stað í Vesturbænum. LAUST við kaupsamning.
**Verð kr. 49,5 millj.**



## STEKKJARHVAMMUR HAFNARFJÖRÐUR

Fallegt, vandað og vel umgengið raðhús á tveimur hæðum ásamt risi og bílskúr alls 186,5 fm. Vandaðar innréttingar, fjögur svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, stór verönd. **Mjög gott hús. Verð kr. 39,5 millj.**



## DRANGAHRAUN, HAFNARFJÖRÐUR

Gott atvinnuhúsnæði á þremur hæðum alls um 1.100 fm. Skrifstofur á efri hæð, verslunarrými, lager og skrifstofur á jarðhæð og fjögur iðnaðarbil í kjallara. **Stórar innkeyrsludyr.**



## LAUTASMÁRI, KÓPAVOGUR

Snyrtileg og rúmgóð 5 herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Fjögur svefnherbergi. Þvottahús í íbúð. Góð staðsetning.
**Verð kr. 26,9 millj.**



## NJÁLSGATA, REYKJAVÍK

Mjög góð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í tvö svefnherberg, tvær stofur, endurnýjað eldhús og baðherbergi með sturtu. Parket á gólfum. Hús í góðu ástandi. **LAUS.**
**Verð kr. 24,5 millj.**



## EFSTALAND REYKJAVÍK

Falleg 4 herbergja íbúð á 3. hæð. Húsið er nýlega yfirfarið og málað að utan. Nýlegt þak. Nánast allt gler nýtt, ný svalahurð og hurðarkarmur. Búið er að leggja ljósleiðara í allar íbúðir. **Snyrtileg sameign.**
**Verð kr. 25,9 millj.**



## BÓLSTAÐARHLÍÐ REYKJAVÍK

Góð 4 herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílskúr á þessum rólega stað. Þrjú svefnherbergi. Björt og rúmgóð stofa/borðstofa. **Nýleg innrétting í eldhúsi.**
**Verð kr. 30,9 millj.**

REMAX Eignastýring – Síðumúli 27 – 108 Rvík – www.remax.is – eignastyring@remax.is


512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
Iceland Express
með ánægju
N1
HVER ER ROKKSTJARNA FRAMTÍÐARINNAR?
Bubbi Morthens fór hús úr húsi, á vinnustaði og í skóla til að finna söngvara í nýja bandið sitt. Afraksturinn er alvöru hæfileikafólk sem syngur á íslensku í spennandi keppni um plötusamning, 3 milljónir og pláss í Bandinu hans Bubba.
30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stod2.is
m.v. 12 mánaða skuldbindingu
BANDIÐ HANS BUBBA
Hefst á föstudag kl. 20:40
skemmtilegri

# Með hinsegin augum

Í tilefni af þrjátíu ára afmæli Samtökanna´78 efna þau til fyrirlestraraðar í Háskóla Íslands á vormisseri.

„Með hinsegin augum“ er yfirskrift raðarinnar og þar flytja sex fræðimenn, íslenskir og erlendir, hádegisfyrirlestra á sviði hinsegin fræða. Umræðuefnin tengjast jafnframt ólíkum fræðigreinum, svo sem bókmenntum, tónlist, lögfræði, heimspeki og uppeldisfræðum.

Fyrsti fyrirlesarinn er Tiina Rosenberg, prófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, en hún flytur fyrirlestur sinn föstudaginn 1. febrúar, og nefnist hann „A Queer Feminism The Lesbian Feminist Heritage in Queer Studies“.

Tiina Rosenberg er einn fremsti fræðimaður Norðurlanda á sviði hinsegin fræða að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá samtökunum. Einnig kemur fram að hún á að baki fjölda ritverka um leikhús, hinsegin fræði og feminísk fræði. Meðal bóka hennar á sviði kvennafræða og hinsegin fræða má nefna Byxbegär og Queerfeministisk Agenda. Þá hefur hún samið sænska leikhússögu í félagi við fleiri fræðikonur og ritað um leikhús femínista í Svíþjóð. Árið 2005 sendi Tiina frá sér safnritið Könet brinner! – úrval á sænsku úr verkum Judith Butler. Nýjasta bók hennar er L-Word: Where Have All the Lesbians Gone?

Í fyrirlestri sínum í Háskóla Íslands fjallar Tiina um sýn sína á þróun hinsegin fræða eftir 1990 og hvernig þau afhjúpa á gagnrýninn hátt viðmið og valdbeitingu gagnkynhneigðarinnar. Hún greinir rætur hinsegin fræða í samkynhneigðum fræðum fyrri ára með sérstakri áherslu á þá lesbísku og femínísku arfleifð sem hinsegin fræði og hinsegin femínismi hafa þegið í fræðilegri nálgun sinni. Fyrirlesturinn er haldinn í stofu 101 Odda, Háskóla Íslands, og hefst kl. 12.15 á hádegi. Allir eru velkomnir.



**FYRIRLESTRARÖÐ Í HÁSKÓLA ÍSLANDS** Samtökin ´78 fagna merkum tímamótum og bjóða af því tilefni upp á röð fyrirlestra þar sem bæði erlendir og íslenskir fræðimenn fjalla um „hinsegin fræði“.



**PÓLSKA AÐGENGILEGRI** Tungumálaver grunnskólanna býður upp á netnám í fjölda tungumála.

## Pólska kennd á netinu

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á netnám í pólsku hjá Tungumálaveri grunnskólanna næsta haust. Þegar er boðið upp á netnám í ensku, norsku, sænsku og dönsku.

Einnig er stefnt að því að koma á fót farkennarateymi til að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku og taka upp kennslu í fleiri tungumálum.

Allar nánari upplýsingar um námið er að sjá á vef Laugalækjarskóla.

Tungumálaverið var stofnað í febrúar 2002 í Laugalækjarskóla. Það byggist á samþykkt Fræðsluráðs Reykjavíkur frá því í maí 2001. Í tungumálaveri fari fram meðal annars þróun og framkvæmd fjarkennslu í tungumálum auk kennsluráðgjafar í norsku og sænsku. Jafnframt verði þar um þróunarstarf að ræða varðandi kennsluvef til fjarkennslu til að kenna tungumál sem valgrein í 9. og 10. bekk.

Sjá www.laugalaekjarskoli.is/tungumalaver

## Málþing fyrir systkini barna með sérþarfir

Samtök barna með sérþarfir, Sjónarhóll, standa fyrir málþingi um systkini barna með sérþarfir undir yfirskriftinni Á ég að gæta bróður míns?

Þingið verður haldið í Gullhömrum í Grafarholti fimmtudaginn 7. febrúar klukkan 8.30 til 12.30 en hægt verður að fylgjast með í beinni útsendingu á netinu. Sjá allar nánari upplýsingar um málþingið á: www.sjonarholl.is

### AFMÆLI



**GENE HACKMAN LEIKARI 78 ÁRA.**



**HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR LEIKKONA 26 ÁRA.**



**PHIL COLLINS TÓNLISTARMAÐUR 57 ÁRA.**



**CHRISTIAN BALE LEIKARI 34 ÁRA.**






VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele TILBOÐ

Íslenskt stjórnborð •
Íslenskar leiðbeiningar •
Stórt hurðarop •
20 ára ending •

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 149.285 | 104.500 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þvottavél W1714 | 179.600 | 134.700 |
| 1400sn/mín/6 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 142.144 | 99.500 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Þvottavél verð frá kr.:
104.500

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

vilborga@centrum.is



# STUÐ MILLI STRÍÐA Matarklám

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** SUKKAR Í LÍFSINS ÆTILEGU LYSTISEMDUM



Matur er á allra vörum. Í næstu viku er komið að árlegu saltkjötsfylleríi landsmanna, og það tístir í súrsuðum hrútspungum og enn súrari hákarlsbitum af tilhlökkun eftir þorrablótum, sem nú ber ískyggilega hratt að höndum. Matarmenning okkar hefur breyst á ljóshraða, eins og flestar fjölskyldur geta borið vitni um. Afa mínum fannst kjúklingur ekki vera mannamatur. Næsta kynslóð er nánast fiðruð eftir allt kjúklingsát sitt.

Ég er af þeirri kynslóð sem hefur getað sukkað í lífsins ætilegu lystisemdum nánast frá fæðingu. Vissulega fékk ég stappaða ýsu-kartöflu-tómatsósublöndu þegar ég var á leikskólaaldri og ég man líka eftir ástarsambandi mínu við skinkumyrju, þessa í lekkeru plasttúbunum. En ég var farin að borða kavíar með hrárri eggjarauðu fyrir fermingu, þekkti ferska basilíku af eigin raun og ekki bara úr myndabók, og lærði hratt og vel hvað tandoori þýðir.

Ég hef hitt fólk sem þolir ekki þessa gourmet-væðingu og líkir henni við argasta matarklám. Það vill meina að matarástin sem hefur landann í heljargreipum sé önnur hlið á því bogna sambandi við mat sem átröskunarsjúklingar hafa. Matur eigi bara að vera fóður, það eina sem máli skipti sé að halda líkamsvélinni gangandi.

Ég er væntanlega of gegnsýrð af sólþurrkuðum tómötum til að þykja dómbær á málið, en ég skil ekki þetta sjónarmið. Hvað er að matarklámi? Eigum við það ekki skilið að tárfella af hamingju yfir flamberuðum herlegheitum eftir að hafa þurft að borða umrædda punga í áraraðir? Eða að taka parmaskinku fram yfir skinkumyrju?

Ég er að minnsta kosti forfallinn matarklámsaðdáandi. Og svona í alvöru, það er þó skárra en hitt klámið. Ég þarf í það minnsta ekki að hafa áhyggjur af því að parmaskinkunni minni finnist hún niðurlægð, eða að maríneraði ætiþistillinn hafi verið misnotaður í æsku.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes



## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Aldrei minni munur!

261.912 notendur á visir.is á meðan 303.560 notendur völdu mbl.is
í 4. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

vísir.is

**...ég sá það á visir.is**



*Samræmd vefmæling á modernus.is í viku 4

# Draugar á baðstofukvöldi

Efnt verður til baðstofukvölds í gamla bænum Laufási í Suður-Þingeyjasýslu annað kvöld kl. 20. Þór Sigurðarson, safnvörður á Minjasafninu á Akureyri, mun leiða gesti frá bæjardyrunum inn göngin og segja frá fyrirburðum sem urðu í bæjargöngum áður fyrr. Leiðin endar í baðstofunni þar sem gamaldags baðstofustemning verður endurvakin.

Draugasögur voru oft og tíðum sagðar í baðstofum þegar fólkið safnaðist saman að kvöldi eftir verk dagsins. Þór mun segja þjóðlegar draugasögur sem gerðust innan veggja torfbæja, en eins og alkunna er var í slíkum hýbýlum mikið um skúmaskot þar sem ýmislegt gat leynst. Þjóðlegar draugasögur fjalla meðal annars um villudrauga, uppvakninga, ættarfylgjur og svipi. Draugar voru af margvíslegu tagi; þeir voru allt frá því að vera hættulegir og jafnvel mannskæðir og upp í það að vera svipir sem bara sýndu sig og gerðu ekki nokkrum mein. Allir voru þeir þó færir um að hrella Íslendinga á öldum áður og svipta nætursvefni.

Á baðstofukvöldinu verður hægt að kaupa kaffi eða kakó og hjónabandssælu á hóflegu verði í Gamla prestshúsinu áður en lagt verður af stað heim aftur. Takmarkað sætarými er í baðstofunni og er fólk því hvatt til þess að panta sér sæti, enda komust síðast færri að en vildu. Aðgangseyrir að viðburðinum er 500 krónur. - vþ



**LAUFÁS** Ekki sérlega draugalegur á sumardegi.





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is





# Leikið á þrjá vegu

Um líkt leyti og listamannalaun og styrkir Leiklistarráðs taka að streyma úr hirslum ríkissjóð kemur hnykkur í skil verkefna frá fyrra ári: þannig er sýning Draumasmiðjunnar á verkefninu Óþelló, Desdemóna og Jagó sem styrkt var fyrir ári frumsýnd í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins sem hýsir nú gestaflokka sem fá inni í Borgarleikhúsinu með samningi Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur.

Sýningin er samvinnuverkefni Draumasmiðjunnar, Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins og er leikgerð Gunnars Gunnsteinssonar á Óþelló eftir Shakespeare, en Gunnar er jafnframt leikstjóri verksins.

Í sýningunni eru aðeins þrjú hlutverk og hefur hvert hlutverkanna sinn takmarkaða tjáningarmiðil, dans, táknmál og talað mál. Þessum ólíku tjáningarformum er hér stefnt saman og standa þau annars vegar sjálfstæð eða tvinnast saman í dramatíska framvindu örlaga þriggja höfuðpersónanna í einu þekktasta leikverki Shakespeares.

Framsetning verksins er fyrst og fremst sjónræn, en öðrum skynfærum er þó einnig gert hátt undir höfði með frumsaminni tónlist eftir Rúnar Þórisson og ljóðrænni þýðingu Helga Hálfdanarsonar.

Í hlutverki Óþellós er dansarinn Brad Sykes. Desdemóna er í höndum Elsu G. Björnsdóttur, heyrnarlausrar leikkonu sem tjáir sig á íslensku táknmáli. Jagó er leikinn af Hilmi Snæ Guðnasyni en hann fer með allan þann texta sem flutt ur er á mæltu máli.

Aðrir aðstandendur sýningarinnar eru Ástrós Gunnarsdóttir danshöfundur, Vignir Jóhannsson myndlistarmaður, sem hannar leikmyndina, og María Ólafsdóttir búningahönnuður. Magnús Arnar Sigurðsson hannar lýsinguna en tónlistin er í höndum Rúnars Þórissonar sem bæði semur hana og flytur á sýningum.

Elsa G. Björnsdóttir og Hjördís Anna Haraldsdóttir hafa þýtt texta Desdemónu yfir á táknmál og er þetta í fyrsta skipti sem texti Shakespeares er þýddur yfir á íslenskt táknmál.

Frumsýning er í kvöld kl. 20 en næstu sýningar eru á morgun, kl. 20, og sunnudag kl. 20. - pbb



**LEIKLIST** Hilmir Snær Guðnason er sá eini sem fer með texta í sviðsetningu Draumasmiðjunnar á Óþelló. MYND: DRAUMASMIÐJAN/GRÍMUR BJARNASON

# *Kók í hádeginu, Cheerios á kvöldin!*

Frumsýning í Hafnarfirði er alltaf tilhlökkunarefni. Í þetta sinn stigu flinkir leikarar á svið með skemmtilega sýningu. Jóhann karlinn Sigurjónsson hefði ef til vill átt í svolitlum erfiðleikum við að finna sitt fólk í þessari sýningu en það var á stöku stað hægt að lesa þau Höllu og Fjalla-Eyvind í gegn, en frekar var þeim komið fyrir eins og einhvers konar getraun í íslenskri leiklistarsögu. Er þetta kannski hestur? Það er hestur fyrir utan! Jóhann Sigurjónsson skrifaði tvo lokakafla að sínu verki eins og menn muna og þá var einmitt kominn hestur. Halla syngur „Sofðu unga ástin mín rétt áður en hún varpar barninu í fossinn, hér liggur snarruglið neyslu gella og syngur þessa vögguvísu rétt áður en henni dettur snjallræðið í hug, dópinnflutningur, þ.e.a.s. varpar kannski sínum örlögum í fossinn.

Þetta er bara útúrdúr en gaman að leika sér að þar sem Hávar Sigurjónsson kann þetta allt og raðar atvikum upp með ýmsum innskotum í þessum annars fyrirsjáanlega farsa sem er svolítið í getraunastíl. Hjónin Halla og Kári vita ekkert hvernig þau eiga að höndla hamingjuna en sjónvarpið og þær persónur sem þar birtast leiðbeina þeim í einu og öllu.

Halla er eiginkonan á bænum. Eiginkonan sem er fulltrúi þeirra sem vill að tilveran sé notaleg, þægileg og allt drasl í heimi sé til á heimilinu. María Pálsdóttir hefur sterka og skemmtilega nærveru og er einkar vel talandi. Leikstjórinn Hilmar Jónsson nær hér mjög góðum tökum á samspili leikaranna.

Hjálmar Hjálmarsson er ekki-fréttamaður landsins og kann þá list manna best að strika undir skoðanir fólks, hamast í fólki og varpa út tilkynningum um hvar hamingjuna sé að finna. Hjálmar kann þetta og naut sín vel í þessu hlutverki þar sem hann var í raun og veru einn eða eins manns uppistand inni í heildinni.

Barnlausu hjónin Halla og Kári í einhverju ágætu húsnæði í Reykjavík eru algerar andstæður ungu hjónanna í Lithåen sem dreymir um betra líf til handa börnunum sínum. Við fáum að sjá inn í heim þeirra á sama tíma á sviðinu. Lítið einfalt eldhús í Lithåen og plebbaleg svartleðursstofa á Íslandi. Í raun og veru eru allir þessir aðilar að leita að því sama, það er hamingjunni, en spurningin er bara hver fórnar hverju fyrir hvern? Kári er einfeldningur, dótadýrkandi skeggdrykkjumaður með hérahjarta uppi í koki þá er þau hjónin leiðast út á glæpabrautina. Það var ekki laust við að mönnum dytti hinn nýi borgarstjóri Reykvíkinga í hug þegar litið var á hinn skjálfandi Kára í meðförum Erlings Jóhannessonar. Uppgreitt grátt hárið, skeggið vel snyrt en allt rosalega ýkt. Erling náði góðum tökum á þessum litla karli, sem sækir kjark sinn og þor til eiginkonunnar sem missir aldrei sjónar á markmiðinu. Hann beitir skrokknum eins og héri. Reyndar var líkamsbeiting þeirra beggja eins og útpældur dans. Að Litháinn sem gleypti dóp fyrir þau lætur lífið og í stað þess að henda líkinu í sjóinn eða grafa það í garðinum er því stungið í frystinn, verður svolítið mikið klisjukennt og minnir óneitanlega á aðra farsa og flökkusögur.

Vigdís Hrefna Pálsdóttir er vandvirk leikkona. Hún nálgast viðfangsefnið nánast vísindalega og var túlkun hennar á litháísku konunni heillandi. Hún náði ekki aðeins fantagóðum tökum á þeim hreim sem einkennir tungutak þeirra Slava sem eru að byrja að tala íslensku heldur var hollningin líka eins og hún hefði allt ok gömlu Sovétríkjanna á herðunum. Þorsteinn Bachmann var einnig mjög trúverðugur, grófgerður en þó svo einlægur og skemmtilegur í túlkun sinni á burðardýrinu, manninum sem ætlaði að freista gæfunnar og verða ríkur á því að flytja inn dóp fyrir ruglaða Íslendinga.

Leikmyndin þjónaði hlutverki sínu vel og hlutföllin ásamt lýsingu voru góð undirstrikun hins mikilvæga í lífinu. Sjónvarpið var stærst. Tónlistin sem þau Páll Ívan Pálsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Benedikt Hermann Hermannsson fluttu á fjöldann allan af hljóðfærum var töfrandi ásamt söng leikaranna sem var tilfinningaþrunginn.

Sýningin var í heild sinni afar fyndin og smart saman sett. Leikstjórinn vinnur einkar vel úr handriti sem á vissan hátt er ansi þreytt klisja. Það var margt í framvindunni sem við þekkjum svo vel og atburðarásin ákaflega fyrirsjáanleg. Það sem þó einkenndi sýninguna í heild sinni var leikgleði. Það var enginn að leika að hann væri leika. **Elísabet Brekkan**



**LEIKLIST** Sjónvarpið, Hjálmar Hjálmarsson og Litháarnir, Þorsteinn Bachman og Vigdís Hrefna Pálsdóttir, í sviðsetningu Hilmars Jónssonar á nýju leikverki eftir Hávar Sigurjónsson um þjófana Kára og Höllu. MYND: AUÐUNN NÍELSSON

**LEIKLIST**

**HALLA OG KÁRI**

Eftir Hávar Sigurjónsson

Leikmynd: Finnur Arnar Arnarsson
Búningar: Þórunn María Jónsdóttir
Tónlist: Benedikt Hermann Hermannsson
Lýsing: Garðar Borgþórsson
Gervi: Ásta Hafþórsdóttir
Leikstjóri: Hilmar Jónsson

★★★★

Fyndin en fyrirsjánleg sýning


SHLOMO MINTZ
fiðluleikari leikur 24 Caprísur Op. 1
eftir NICCOLÓ PAGANINI
laugardaginn 9. febrúar kl. 17.00 í GRAFARVOGSKIRKJU
miðar seldir á midi.is og við innganginn
miðaverð: 4.000 (2.500 fyrir tónlistarnema, selt við innganginn)

## > VICTORIA BERAR SIG

Victoria Beckham kemur nakin fram á stuttermabolum hönnuðarins Marc Jacobs. Bolirnir eru gefnir út til að vara fólk við hættunni á húðkrabbameini. „Síðan við fluttumst til Kaliforníu hef ég uppgötvað hversu mikilvægt það er að vara sig á sólinni," segir Victoria. Bolirnir fara í sölu í næstu viku.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Gjafir frá Britney

Britney Spears hefur sent Christinu Aguilera sængurgjöf í tilefni af fæðingu sonar hennar, Max, sem kom í heiminn fyrr í mánuðinum. Gjöfin var í formi samfestinga á erfingjann, að því er starfsmaður fataverslunarinnar huddybuddy.com greinir frá.

„Britney pantaði alla samfestinga í línunni og lét senda þá til Christinu. Merkingarnar á samfestingunum sem hún pantaði eru til dæmis bleyjugaur, eða Diaper Dude, Ég leik mér ekki vel með öðrum, Ég lagði mig ekki í dag, og Ég veit að ég er yndisfagur," segir starfsmaðurinn.

Britney og Christinu var oftar en ekki stillt upp sem keppinautum um hylli poppelskandi unglinga, en þeim varð þó ágætlega til vina. Þær unnu meðal annars saman í Mickey Mouse Club, áður en frægðarsólir þeirra fóru rísandi.



**SÆNGURGJÖF FRÁ BRITNEY** Britney Spears pantaði heilan haug af samfestingum og lét senda þá til Christinu Aguilera í tilefni af fæðingu fyrsta barns hennar, Max. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bítlabanni aflétt í Ísrael

Stjórnvöld í Ísrael hafa ákveðið að bjóða Sir Paul McCartney og Ringo Starr að heimsækja landið í maí í tilefni af sextíu ára afmæli landsins. 43 ár eru liðin síðan Bítlunum var meinað að spila í landinu af ótta við að tónlist þeirra myndi spilla æskunni. Nú hafa stjórnvöld loksins ákveðið að aflétta banninu og vilja endilega fá þá Paul og Ringo í heimsókn.

Sendiherra Ísraels í London, sem er að vinna í komu þeirra, ætlar einnig að afhenda Juliu Baird, systur Johns Lennons, opinbert afsökunarbréf vegna bannsins.

# Fengu flestar tilnefningar

Hljómsveitin Arctic Monkeys hlaut sjö tilnefningar til NME-verðlaunanna í ár, þar á meðal sem besta breska hljómsveitin, fyrir bestu plötuna og besta lagið. Hljómsveitin Klaxons fékk fjórar tilnefningar.

Söngkonan Amy Winehouse var tilnefnd sem skúrkur ársins ásamt forsætisráðherranum Gordon Brown, Tony Blair og George Bush Bandaríkjaforseta. Einnig var Winehouse tilnefnd sem besti sólótónlistarmaðurinn. Auk Arctic Monkeys voru Babyshambles, The Enemy, Klaxons og Radiohead tilnefndar fyrir bestu plötuna. Lesendur tímaritsins NME kjósa sigurvegarana og verður verðlaunafhendingin haldin í London 28. febrúar.

# Jónsi á engan slíkan skáp að koma úr

„Bubbi var að reykja inni í bíl. Ég var nú bara að vinna vinnuna mína. Það er munur á því," segir Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi.

Í gær birti Mogginn frétt um árshátíð Icelandair undir fyrirsögninni „Jónsi kom út úr skápnum". Lesendur þurftu að þæfa sig í gegnum frásögnina lengi vel áður en sjá mátti til hvers verið var að vísa í fyrirsögninni. Jónsi birtist áhorfendum nefnilega með því að hoppa út úr skáp.

„Ég var með skemmtiatriði, kom fram sem Elvis og svo sem kona. Sat í dómnefnd líka en ég starfaði hjá Icelandair. Nei, ég á ekki einu sinni svoleiðis skáp," segir Jónsi.

En fyrirsögnin getur varla talist tvíræð því sú merking sem bundin er við það að „koma úr skápnum" er sú að menn séu að viðurkenna það fyrir umhverfi sínu að þeir séu hommar – ef svo ber undir.

En því er ekki að heilsa með Jónsa. „Ónei, það er gömul saga. Já, og ný samkvæmt þessu," segir söngvarinn ágæti sem var heima að sinna syni sínum sem var með flensu.

Óneitanlega minnir fyrirsögnin á frægt mál sem rataði alla leið í hæstarétt en þar var ritstjóri tímaritsins Hér og nú dæmdur vegna forsíðufyrirsagnarinnar „Bubbi fallinn" á þeim forsendum að hugsanlega mætti skilja fyrirsögnina á þá lund að hann væri dottinn í dópið en ekki fallinn á reykingabindindi eins og verið var að tala um. Hafi sá dómur fordæmisgildi – að tvíræðni í fyrirsögnum sé óásættanleg – ætti „Jónsi úr skápnum" ekki að vefjast fyrir íslenskum dómurum.



**JÓNSI** Gömul saga – og ný – að Jónsi sé á leið úr skápnum en engum slíkum skáp er til að dreifa.



**JÓNSI ÚR SKÁPNUM** Hafi Bubba-dómur fordæmisgildi á blaðamaður Mogga ekki mikla möguleika.

En Jónsi, sem fékk mikil viðbrögð við fyrirsögninni í gær, ætlar svo sem ekki með þetta mál fyrir dómstóla. „Nei, ég sé ekki ástæðu til þess. Ef þetta undirstrikar að ég hafi húmor þá er það fínt. Og því má bæta við að það er fjandanum erfiðara að ganga á háum hælum. Ég vorkenni öllum konum sem gera það." - jbg


LÚXUS

Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW 745Li Long**

Nýskr: 03/2003, 4400cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 100.000 þ.

**Verð: 5.250.000**



**L.R. RANGE ROVER Superhcarged**

Nýskr: 01/2006, 4200cc 400 hestöfl, 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 27.000 þ.

**Verð: 11.200.000**



**BMW X5 3.0i**

Nýskr: 12/2005, 3000cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 35.000 þ.

**Verð: 5.850.000**



**MERCEDES C200**

Nýskr: 03/2007, 1800cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 5.000 þ.

**Verð: 3.980.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar

bilaland.is

575 1230

# Einstakur viðburður

## – sem þú mátt ekki missa af!

- Viltu þekkja tækifærin þegar þau bjóðast?
- Viltu auka tekjurnar?
- Hvaða stefnu viltu að líf þitt taki?
- Viltu ná betri árangri?



Jack Canfield

Einn allra eftirsóttasti árangursþjálfari heims, Jack Canfield heimsækir Ísland og kennir lögmál sigurgöngunnar í Háskólabíói á laugardaginn kemur kl. 9.30-16.30.

Gerðu 2008 að tímamótaári í lífi þínu!

**Miðasala á newvision.is**




**Verð frá 19.900 kr.**

Athugið að mörg stéttarfélög endurgreiða félagsmönnum sínum námskeiðsgjaldið að hluta eða í heild.

newvision

# Í undanúrslitum í lagakeppni

Íslenska hljómsveitin Soundspell er komin í undanúrslit í alþjóðlegri lagakeppni í Nashville í Bandaríkjunum með lag sitt Pound. Lagið er tekið af frumburði hennar, An Ode to the Umbrella, sem kom út á síðasta ári.

„Það er mjög gaman að fá svona viðurkenningu og þetta heldur manni við efnið,“ segir Áskell Harðarson, bassaleikari Soundspell, en sveitin er skipuð fimm 17 til 19 ára strákum. „Við sóttum um þetta í nóvember og reiknuðum aldrei með þessu. Þetta kemur mjög mikið á óvart.“

Keppnin nefnist International Songwriting Contest og þykir ein sú stærsta í heiminum. Á meðal dómara í henni eru þekkt nöfn úr tónlistarbransanum á borð við Tom Waits, Nelly Furtado, Frank Black úr Pixies, Jerry Lee Lewis og Monte Lipman, forseti Universal Records. „Það er mikill heiður ef þetta fólk er að hlusta á þetta lag. Það er meira en nóg og frábær kynning fyrir okkur. Það opnar kannski einhverjar leiðir í framtíðinni fyrir okkur, maður veit aldrei,“ segir Áskell.


**SOUNDSPELL** Hljómsveitin Soundspell er komin í undanúrslit alþjóðlegrar lagakeppni með lag sitt Pound.

Hinn 4. febrúar fær hljómsveitin að vita hvort hún verður ein þriggja sveita í unglingaflokki sem kemst í úrslitin. Sigurvegarinn í þeim flokki fær meðal annars skólastyrk til sumarnáms við Berklee-tónlistarskólann í Boston. Sá flytjandi sem á besta lag keppninnar í heild sinni fær í sinn hlut 1,6 milljónir króna.

Áhugasamir geta hlustað á lagið Pound á slóðinni http://www.myspace.com/spellthesound.

Fram undan hjá Soundspell eru tónleikar á Kaffi Hljómalind annað kvöld auk þess sem hún er að vinna að nýju efni þessa dagana. **- fb**

# Randver vill vinalegt grín

**Spaugstofunni hefur tekist að gera allt vitlaust einu sinni enn með því sem sumir kalla „fyndnasta Spaugstofan í mörg ár“ og aðrir kalla „svívirðilega árás á Ólaf F“. En hvað finnst hinum brottrekna Randveri Þorlákssyni um allt havaríið?**


**LEIKUR ÞÝSKAN PERVERT Í FLÓ Á SKINNI** Allt að gerast hjá Randveri eftir brottreksturinn.

„Ég hef bara ekki séð þennan þátt, því miður,“ segir Randver. „Var þetta ekki bara eitthvert háð og spott? Ég get nú varla tjáð mig um þáttinn ef ég hef ekki séð hann, en ég hef lesið einhver blogg um þetta. Það er nú kannski ekki sanngjarnt að vega að heilsu manna. Það er einkamál sem ekki á að gantast með. Þetta er svo lítið samfélag hérna og allt svo viðkvæmt. Í stærri samfélögum væri auðvitað gert grín að svona og fáir kipptu sér upp við það.“

Þegar Randver tjáir blaðamanni hugleiðingar sínar um þáttinn alræmda talar hann í farsíma frá Akureyri. Hann segist vera á leiðinni upp í leikhús og spurður hvort hann sé að fara að sækja um leikhússtjórastöðuna hlær hann og segir: „Nei, ég get nú alveg lofað þér því að ég er ekki á leiðinni að verða leikhússtjóri! Ég er bara að fara á æfingu fyrir Fló á skinni í nýrri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar. Nú gerist verkið hérna á Akureyri. Við frumsýnum 8. febrúar og mér skilst að það sé þegar orðið uppselt á allar sýningar sem settar hafa verið í sölu. Enda er þetta alveg frábært leikrit. Ég leik þýskan pervert.“

Eftir brottreksturinn umtalaða frá Spaugstofunni hefur aldeilis hlaupið á snærið hjá Randveri. Auglýsingagerðina fyrir KB banka með John Cleese segir Randver hafa verið mikið ævintýri. „Það var skemmtilegt að kynnast þessu, þetta var allt stærra í sniðum en maður á að venjast. Auglýsingarnar voru teknar upp úti í Los Angeles í risastórum sal. Það verða hundrað manns í auglýsingunni áður en yfir lýkur. Það voru gerðar fjórar auglýsingar en ég held að bara ein sést hafi til þessa. Það var gaman að kynnast John Cleese enda var ég aðdáandi. Hann var frábær í Fawlty Towers, þeim frábæru þáttum. Ég var minna hrifinn af Monty Python. Við spjölluðum heilmikið. Hann er skemmtilegur og fróður um Ísland. Hann hefur aldrei komið hingað en langar til þess. Hann er mikið í fyrirlestrum svo eflaust verður reynt að fá hann hingað. Bara verst að honum er svo illa við að ferðast.“

Randver sér einnig um spjallþátt á sjónvarpsstöðinni ÍNN (á rás 20 á Digital Ísland). „Ég flýg í bæinn og tek upp tvo þætti í einu,“ segir hann. Þátturinn er einmitt á dagskrá í kvöld klukkan 21 og Randver minnir að þá verði sýnt viðtal sem hann átti við Eddu Björgvins. **gunnarh@frettabladid.is**

# Kaffi Hljómalind flytur

„Ég veit ekki betur en að húsið fái að standa,“ segir Helena G. Stefánsdóttir, enn af fjórum eigendum Kaffi Hljómalindar. Hún er að tala um húsið á Laugavegi 21, sem gengur undir nafninu Hljómalindarhúsið eftir að Kiddi kanína rak þar plötubúð sína um árabil. „Það er hins vegar búið að segja okkur upp og við lokum föstudaginn 8. febrúar. Þann dag verðum við með kveðjustund allan daginn.“

Kaffi Hljómalind fer þó ekki langt, heldur á Laugaveg 23 þar sem áður var Gallerí Kling og Bang. „Við þurfum að gera staðinn upp og vonumst til að opna aftur 15. febrúar,“ segir Helena. „Nafnið verður áfram Kaffi Hljómalind þótt við flytjum. Nýja plássið er í raun miklu hentugra fyrir okkur. Það er miklu stærra svo við getum verið með meiri starfsemi. Við erum meðal annars að tala um fyrirlestra, bíó og jóga auk kaffihússins.“

Helena segir skrítna stemningu í gangi varðandi skipulagsmálin í miðbænum. „Einkaaðilar virðast geta komist upp með hvað sem er, en samt ekki. Þeir eru í lausu lofti líka. Einn daginn er leyft að rífa en hinn er búið að friða allt. Það væri æskilegast að einhver opinber stefna væri í gangi frá borgaryfirvöldum.“

Helena veit ekki hvaða starfsemi kemur í Hljómalindarhúsið. „Ætli húsið standi ekki autt næstu mánuði á meðan er verið að rífa allt þarna í kring, meðal annars Sirkus og húsið sem Indókína er í. Á endanum væri gaman að sjá einhvern einyrkja opna skemmtilega sérverslun í Hljómalindarhúsinu.“ **- glh**


**KAFFIHÚSIÐ FLYTUR** Helena G. Stefánsdóttir segir nýja staðinn, Laugaveg 23, hentugri fyrir Kaffi Hljómalind.


NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MIST | kl. 5.30 - 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 5.20 ótextuð | 12 |
| THE MIST | kl. 8 - 10.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| PERSEPOLIS | kl. 8 - 10 Enskur texti | 14 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10* | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |
| *KRAFTSÝNING | | |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50D -8D -10:20D | 12 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 -10:20 | VIP |
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 - 8 -10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 | 14 |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 | L |
| AMERICAN GANGSTER | Síðustu sýningar kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10:10 | 14 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8D - 10:20D | 12 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:40 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:50 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 8 | L |
| THE NANNY DIARIES | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 - 10 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 - 10 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NANNY DIARIES | kl. 8 | L |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |

Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6, 8 og 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5 | 10 |





## Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

## ...alla daga

> **Eiður Smári ekki til Bolton**



Eiður Smári Guðjohnsen hefur verið orðaður við fyrrum félag sitt, Bolton, upp á síðkastið í enskum fjölmiðlum en Arnór Guðjohnsen, faðir Eiðs Smára og umboðsmaður, kvað þó ekkert vera til í þeim orðrómi. „Eiður Smári er ekki á förum frá Barcelona. Bæði honum og fjölskyldu hans líður vel á Spáni og hann stefnir á að vinna titla með Barcelona á þessarri leiktíð. Hann mun svo fara betur yfir stöðu mála eftir tímabilið,“ sagði Arnór í samtali við BBC Sport í gær.

**sport**
sport@frettabladid.is

**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON, TWENTE ENSCHEDE:** GERÐI TVEGGJA OG HÁLFS ÁRS SAMNING VIÐ HOLLENSKA LIÐIÐ

# *Ætla að halda áfram að þróa og bæta leik minn*



Bjarni Þór Viðarsson skrifaði í gær undir tveggja og hálfs árs samning við Twente Enschede eftir að hollenska liðið náði samkomulagi við Everton um kaupverðið. Bjarni Þór var til reynslu hjá Twente Enschede fyrr í janúar og hafði verið orðaður við lánssamning við félagið út tímabilið auk þess sem breskir fjölmiðlar voru búnir að orða hann við lán til ensku liðanna Preston og Wimbledon og skoska liðsins Aberdeen.

„Eftir að hafa skoðað aðstæður hjá Twente Enschede og æft og spilað varaliðsleik fyrir félagið þá leist mér vel á þetta. Það tók smá tíma fyrir félögin að ná samkomulagi um kaupverðið og svo í framhaldinu fyrir mig um samninginn, en ég er bara mjög sáttur með að vera kominn til félagsins,“ sagði Bjarni Þór en fyrir hjá félaginu er bróðir hans.

„Það hjálpaði vitanlega til við ákvörðunina að Arnar Þór er búinn að vera hjá félaginu, þó svo að hann sé reyndar á láni hjá De Graafschap eins og er, en hann á eitt ár eftir af samningi sínum við Twente Enschede eftir þetta tímabil. Hann á eftir að hjálpa mér mjög mikið, sérstaklega við að komast inn í hlutina til að byrja með,“ sagði Bjarni Þór sem reiknar ekki með að vera í beinni samkeppni við bróður sinn um byrjunarliðssæti hjá félaginu.

„Arnar Þór spilar venjulega í varnarsinnaðri stöðu á vellinum á meðan mér finnst skemmtilegra að vera aðeins framar, þannig að það er aldrei að vita nema við eigum eftir að spila saman með félaginu í framtíðinni. Ég held að hollenska deildin eigi eftir að henta mér vel og hjálpa mér enn frekar við að þróa leik minn og bæta í framtíðinni. Twente Enschede liðið er líka með gott þjálfarateymi og marga unga og efnilega leikmenn sem fá tækifæri með liðinu. Liðið er sem stendur í sjötta sæti í hollensku deildinni þannig að það verður ekkert auðvelt að komast inn í byrjunarliðið en ég ætla að gera mitt allra besta og vonast til þess að fá tækifæri til að sanna mig sem fyrst,“ sagði Bjarni Þór spenntur.

WEST HAM
NEWCASTLE
Verð á mann í tvíbýli frá
49.300 KR.
25.–27. APRÍL
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Derby, Newcastle og Aston Villa.
+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir
WWW.ICELANDAIR.IS
ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40741 01/08

# Mættu þunnar á æfingu

**KR-ingarnir Hólmfríður Magnúsdóttir og Hrefna Huld Jóhannesdóttir voru ekki valdar í síðasta landsliðshóp kvennlandsliðsins vegna agabrots.**

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, hefur sýnt það í verki að hann líður ekkert agaleysi í sínum hópi.

Á því fengu KR-stúlkurnar Hólmfríður Magnúsdóttir og Hrefna Huld Jóhannesdóttir, sem hafa verið með skærustu stjörnum kvennaboltans síðustu ár, að kenna þegar Sigurður Ragnar setti þær af þegar hann valdi síðasta landsliðshóp. Hann valdi ekki þær stöllur þar sem þær urðu uppvísar að agabroti þegar liðið kom síðast saman helgina 12. og 13. janúar.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins fóru þær Hólmfríður og Hrefna Huld út að skemmta sér kvöldið fyrir æfingu og mættu því þunnar á æfingu daginn eftir. Það þótti landsliðsþjálfaranum ekki ásættanlegt og því sitja þær hjá að þessu sinni sinni hvað svo sem síðar verður.

„Ég get staðfest að þær eru ekki valdar vegna agabrots. Ég ætla annars ekki að tjá mig um málið við fjölmiðla en ef þær vilja fara þá leið er það sjálfsagt,“ sagði landsliðsþjálfarinn en þær hafa þrátt fyrir brotið ekki verið útilokaðar frá næstu hópum. „Tækifærunum hjá þeim til að sanna sig fækkar samt með þessu.“

Hólmfríður og Hrefna Huld vildu lítið tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. „Ég hef ákveðið að tjá mig ekki um þetta mál. Ég virði samt ákvörðun landsliðsþjálfarans og ég mun að sjálfsögðu halda áfram að gefa kost á mér í landsliðið ef eftir því er leitað. Meira hef ég ekki um málið að segja,“ sagði Hólmfríður en hún var valin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna nú í sumar.



**Í SKAMMARKRÓKNUM** KR-stúlkurnar Hólmfríður Magnúsdóttir og Hrefna Huld Jóhannesdóttir eru í kuldanum hjá kvennalandsliðinu sem stendur eftir að þær urðu uppvísar að agabroti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hrefna vildi, rétt eins og Hólmfríður, ekki staðfesta hvað þær hefðu gert af sér. „Sigurður er þjálfarinn sem setur reglurnar og hann verður að fara eftir þeim. Ég virði þessa ákvörðun hans,“ sagði Hrefna en hún staðfesti þó að þær hefðu væntanlega brotið einhverjar reglur fyrst þær væru í agabanni.

„Ég vona að þetta sé enginn dauðadómur. Það er eðlilegt ef fólk brýtur eitthvað af sér að það taki út sína refsingu. Það ganga sömu reglur yfir mig og aðra leikmenn. Auðvitað sé ég eftir þessu og var ekkert að vonast eftir símtölum frá blaðamönnum út af svona máli,“ sagði Hrefna að lokum.

henry@frettabladid.is

Ulrik Wilbek, þjálfari Evrópumeistara Dana, hefur náð einstökum árangri:

# Með verðlaun á níu stórmótum

**HANDBOLTI** Ulrik Wilbek tókst um helgina það sem engum hafði tekist áður, að vinna stórmót með karlahandboltalandslið Danmerkur þegar Danir unnu Króata með 24 mörkum gegn 20 í úrslitaleiknum á EM 2008.

Karlahandboltinn hefur verið í skugganum af kvennahandboltanum í Danmörku síðan Wilbek gerði dönsku stelpurnar að þeim bestu í heimi en nú hefur hann snúið sér að körlunum og árangurinn lætur ekki bíða eftir sér.

Danska kvennalandsliðið vann 4 gull, 1 silfur og 1 brons á sex stórmótum hans með liðið frá 1993 til 1997 en þegar hann hætti með liðið 1998 þá voru þær dönsku búnar að vinna Ólympíuleika, Evrópumeistaratitil og heimsmeistaratitil í einum rykk.



**EINTÓM SIGURGANGA** Ulrik Wilbek hefur stjórnað dönskum landsliðum til sigurs á 5stórmótum. NORDICPHOTOS/GETTY

Wilbek tók við karlalandsliðinu árið 2005 og hefur síðan farið með landsliðið á þrjú stórmót. Liðið vann brons á bæði Em 2006 sem og HM 2007 en að þessu sinni komst liðið loksins í úrslitaleikinn og vann fyrsta titilinn í sögu karlaboltans í Danmörku.

Það er líka athyglisvert að fyrir utan fyrsta úrslitaleikinn sem danska kvennalandsliðið komst í á HM í Noregi 1993 og tapaði með einu marki í framlengingu gegn Þjóðverjum, þá hafa lið Wilbeks allaf unnið úrslitaleiki um sæti, alls fimm úrslitaleiki í röð um gull og þrjá leiki í röð um brons.

Wilbek fer sínar eigin leiðir en hann nær vel til sinna leikmanna og kappkostar að allir leikmenn liðsins vinni saman og fái hlutverk inni á vellinum. Hann þykir bæði vera fagmannlegur í allri undirbúningsvinnu sem og frábær í að ná því besta út úr sínum leikmönnum.

Það sem menn hafa tekið eftir með Wilbek er að hann er mjög góður í að finna leikmönnum sínum hlutverk innan ákveðins tíma innan leikjanna. Hann kemur jafnt fram við alla sína leikmenn og þykir sérstaklega góður í að læra af mistökunum og nýta þau til sóknarfæris hjá liðinu. Tap fyrir Norðmönnum og mjög erfiður riðill þótti ekki benda til að þar færu verðandi Evrópumeistarar en það breyttist fljótt í milliriðlinum þar sem Danir fóru illa með stórþjóðir eins og Króata og Pólverja. -óój

**STÓRMÓT ULRIK WIBEK:**

| | |
|---|---|
| HM kvenna í Noregi 1993 | Silfur |
| EM kvenna í Þýskalandi 1994 | Gull |
| HM kvenna í Austurríki 1995 | Brons |
| ÓL í Atlanta 1996 | Gull |
| EM kvenna í Danmörku1996 | Gull |
| HM kvenna í Þýskalandi 1997 | Gull |
| EM karla í Sviss 2006 | Brons |
| HM karla í Þýskalandi 2007 | Brons |
| EM karla í Noregi 2008 | Gull |



**SÉRSTÖK** Sundhöllin í Peking er sett saman úr þúsundum eininga í vatnsblöðrustíl. NORDICPHOTOS/GETTY

Ólympíuleikarnir í Peking:

# Sundhöllin í vatnsbólustíl

**ÓLYMPÍULEIKAR** Íslenska sundfólkið keppir að því þessi misserin að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í Peking sem fara fram í haust. Sundhöllin sem keppt verður í er mjög sérstök en hún var vígð á dögunum.

Sundhöllin hefur verið kölluð Vatnsbóluhöllin eða „Water Cube“ upp á enska tungu. Hún stendur við hlið nýja ólympíuleikvangsins og mun taka 17 þúsund manns í sæti. Þar mun verða keppt í sundi, sundfimi og dýfingum.

Eins og sést hér á myndunum sem fylgja þá er höllin jafn glæsileg og hún er nýstárleg og sérstök og það ætti að verða mikil upplifun fyrir íslenska sundfólkið að fá að stinga sér í laugina í Peking í ágúst. - óój

HK í Landsbankadeild karla:

# Sömdu við 29 ára Króata

**FÓTBOLTI** Lið HK í Landsbankadeild karla hefur samið við 29 ára miðjumann frá Króatíu, Goran Brajkovic, en hann hefur verið til reynslu hjá liðinu.

Brajkovic þótti standa sig vel og þá sérstaklega í leik gegn Víkingi á laugardaginn þar sem hann skoraði laglegt mark og lagði síðan upp eitt til viðbótar. Brajkovic hefur leikið í efstu deildum í Króatíu, Úkraínu og Slóveníu frá árinu 1998 með Rijeka í Króatíu, Arsenal Kiev í Úkraínu og nú síðast með Bela KRaijna í Slóveníu en liðið lék síðasta ár hans í næstefstu deild.

Hann lék á sínum tíma níu U21 árs landsleiki með Króötum og þá á hann tvo A-landsleiki að baki. - óój

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Iceland Express deild kvk:

Valur-Hamar 74-58 (30-33)

**Stig Vals:** Molly Peterman 27 (15 fråk., 5 stoðs.), Signý Hermannsdóttir 24 (19 fråk., 9 varin, 5 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 8 (5 fråk., 5 stoðs.), Tinna Björk Sigmundsdóttir 6, Lovísa Guðmundsdóttir 5 (8 fråk., 4 stolnir), Berglind Ingvarsdóttir 2, Guðrún Baldursdóttir 2.

**Stig Hamars:** LaKiste Barkus 31 (5 stoðs.), Hafrún Hálfdánardóttir 6 (11 fråk.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 6 (10 fråk.), Íris Ásgeirsdóttir 5, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Álfhildur Þorsteinsdóttir 4 (9 fråk.), Ragnheiður Magnúsdóttir 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. Keflavík** | **16** | **12** | **4** | **+259** | **24** |
| 2. KR | 16 | 12 | 4 | +139 | 24 |
| **3. Grindavík** | **16** | **12** | **4** | **+116** | **24** |
| 4. Haukar | 17 | 11 | 6 | +19 | 22 |
| **5. Valur** | **17** | **7** | **10** | **-105** | **14** |
| 6. Hamar | 17 | 3 | 14 | 155 | 6 |
| **7. Fjölnir** | **17** | **1** | **16** | **-273** | **2** |

- Toppliðin fjögur mætast í dag; Keflavík fær KR í heimsókn og Grindavík mætir Haukum.

### Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-Newcastle 3-0

1-0 Emmanuel Adebayor (40.), 2-0 Mathieu Flamini (71.), 3-0 Cesc Fabregas (80.).

Bolton-Fulham 0-0

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton og Heiðar Helguson spilaði sjö síðustu mínúturnar í leiknum.

Middlesbrough-Wigan 1-0

1-0 Jeremie Aliadiere (19.).

Sunderland-Birmingham 2-0

1-0 Daryl Murphy (15.), 2-0 Rade Prica (65.).

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arsenal** | **24** | **17** | **6** | **1** | **49-17** | **57** |
| Man. Utd. | 23 | 17 | 3 | 3 | 46-11 | 54 |
| **Chelsea** | **23** | **15** | **5** | **3** | **36-16** | **50** |
| Everton | 23 | 13 | 3 | 7 | 40-23 | 42 |
| **Aston Villa** | **24** | **11** | **8** | **5** | **43-31** | **41** |
| Liverpool | 22 | 10 | 10 | 2 | 37-16 | 40 |
| **Man. City** | **23** | **11** | **7** | **5** | **30-24** | **40** |
| Blackburn | 24 | 10 | 8 | 6 | 32-31 | 38 |
| **Portsmouth** | **23** | **10** | **7** | **6** | **34-23** | **37** |
| West Ham | 22 | 9 | 6 | 7 | 28-21 | 33 |
| **Tottenham** | **23** | **7** | **6** | **10** | **44-40** | **27** |
| Newcastle | 24 | 7 | 6 | 11 | 27-42 | 27 |
| **M'brough** | **24** | **6** | **7** | **11** | **21-37** | **25** |
| Sunderland | 24 | 6 | 5 | 13 | 24-32 | 23 |
| **Bolton** | **24** | **5** | **7** | **12** | **24-34** | **22** |
| Reading | 23 | 6 | 4 | 13 | 30-49 | 22 |
| **Birmingham** | **24** | **5** | **5** | **14** | **23-36** | **20** |
| Wigan | 24 | 5 | 5 | 14 | 23-40 | 20 |
| **Fulham** | **23** | **2** | **10** | **12** | **23-42** | **16** |
| Derby | 23 | 1 | 4 | 18 | 11-50 | 7 |

# Arsenal aftur á toppinn

**Arsenal endurheimti toppsætið með því að vinna Newcastle örugglega 3-0 á Emirates leikvanginum og þrír leikir fóru fram í fallbaráttunni í gærkvöldi.**

**FÓTBOLTI** Arsenal lagði Newcastle 3-0 og hart var barist á botninum.

Það var fátt um fína drætti framan af leik Arsenal og Newcastle á Emirates-leikvanginum í gærkvöldi. Newcastle lagði eðlilega höfuð áherslu á varnarleikinn eftir útreiðina um síðustu helgi þegar Arsenal vann einvígi liðanna 3-0 í FA bikarnum. Gestirnir náðu að loka ágætlega á Arsenal til að byrja með en þar sem þeir voru að sækja á fáum mönnum þá gekk þeim illa að halda boltanum innan liðs síns og sóknir Arsenal því margar og urðu hættulegri eftir því sem líða tók á hálfleikinn.



**1-0** Emmanuel Adebayor braut ísinn gegn Newcastle með glæsilegu skallamarki eftir góðan undirbúning Mathieus Flamini sem fór á kostum í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Adebayor braut ísinn

Arsenal sótti mikið upp hægri kantinn og í einu slíku upphlaupi fékk Mathieu Flamini boltann eftir hratt spil og hljóp upp kantinn og gaf svo hnitmiðaða sendingu á kollinn á Emmanuel Adebayor sem skoraði glæsilegt mark. Eftir markið hélt Arsenal pressunni áfram en náði ekki að bæta við marki og staðan því 1-0 þegar flautað var til hálfleiks.

Eitthvað hefur Kevin Keegan, knattspyrnustjóri Newcastle, lesið yfir hausamótunum á sínum mönnum í hálfleik þar sem Newcastle mætti mun ákveðnara til síðari hálfleiks og færði sig framar á völlinn. Newcastle gekk þó ekki sérlega vel að ná sér í góð marktækifæri og Michael Owen var ítrekað dæmdur rangstæður. Staðan versnaði svo hjá Newcastle þegar tæpar tuttugu mínútur voru eftir af leiknum. Þá tók Flamini sig til og kórónaði frábæran leik hjá sér með stórglæsilegu langskoti sem söng efst í markhorni Newcastle án þess að markvörðurinn Shay Given kæmi nokkrum vörnum við. Cesc Fabregas jók svo á eymd Newcastle-manna með þriðja markinu tæpum tíu mínútum síðar og þar við sat.

### Fallbaráttan harðnar

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton og Heiðar Helguson var á varamannabekknum en spilaði síðustu sjö mínutur leiksins þegar liðið gerði 0-0 jafntefli gegn Fulham á heimavelli.

Frakkinn Jeremie Aliadiere kom Middlesbrough yfir gegn Wigan á Riverside-leikvanginum eftir sendingu Stewards Downing og það reyndist vera eina mark leiksins.

Daryl Murphy og Rade Prica skoruðu mörk Sunderland gegn Birmingham í gríðarlega mikilvægum sigri liðsins í fallbaráttunni á leikvangi Ljósanna.

omar@frettabladid.is



**FRÁBÆR** Signý Hermannsdóttir fór á kostum hjá Val í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Iceland Express-deild kvenna:

## Valur áfram á sigurbraut

**KÖRFUBOLTI** Valur vann sinn þriðja leik í röð og þann sjötta í síðustu sjö deildarleikjum þegar liðið vann 16 stiga sigur á Hamar, 74-58, í Vodafone-höllinni í gær. Hamarsliðið komst mest 9 stigum yfir í öðrum leikhluta (22-31) eftir að hafa skorað 16 stig gegn tveimur á sjö mínútna kafla í öðrum leikhluta en Valsliðið minnkaði muninn í þrjú stig, 30-33, fyrir hálfleik og tók síðan öll völd í seinni hálfleik eftir að hafa skorað 9 fyrstu stig hans. Með þessum sigri hefur Valsliðið minnkað forskot Hauka aftur í átta stig.

Signý Hermannsdóttir átti enn einn stórleikinn og í gær var hún með 24 stig, 19 fráköst, 9 varin skot og 5 stoðsendingar auk þess að hún setti öll þrjú þriggja stiga skot sín niður. Hamarsliðið gekk á vegg í seinni hálfleik þegar aðeins 4 af 30 tveggja stiga skotum liðsins fóru rétta leið og þar hafði Signý mikið að segja en hún varði 8 af 9 skotum sínum eftir hlé. Lakiste Barkus var þeirra atkvæðamest en þurfti 28 skot til þess að skora sitt 31 stig.

- óój





**TVÖ GULL** Til vinstri er Jón Viðar Þorvaldsson en til hægri er Halla Sif Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR

Keppni hófst um helgina í alpagreinum á Íslandi:

## Tvöfalt hjá Jóni Viðari og Höllu

**SKÍÐI** Halla Sif Guðmundsdóttir og Jón Viðar Þorvaldsson, bæði úr Skíðafélagi Akureyrar, unnu tvöfaldan sigur á fyrstu tveimur bikarmótunum sem fóru fram á Akureyri um helgina.

Aðstæður til keppni voru ágætar framan af degi en seinnipartinn bætti í vind þannig að fresta varð keppni um tíma. Færið í keppnisbakkanum var eins og best verður á kosið og Akureyringar hafa einnig lagfært lýsingu þannig að auðveldara er að halda keppni í svartasta skammdeginu.

Í karlaflokki sýndi Jón Viðar nokkra yfirburði í svigkeppninni og vann tvöfalt með nokkuð afgerandi mun. Gunnar Þór Halldórsson frá Akureyri varð annar í fyrri keppninni en Ágúst Freyr Dansson frá Akureyri í þeirri síðari.

Í kvennaflokki vann Halla Sif báðar svigkeppnirnar en þau unnu síðan bæði keppni 17 til 19 ára. Tinna Dagbjartsdóttir frá Akureyri varð í 2. sæti í fyrri keppninni hjá konunum en Selma Benediktsdóttir úr Ármanni tryggði sér silfrið í hinni.

- óój

Hamar er á botninum í Iceland Express deild karla:

## Dýrkeypt vítaklúður hjá King

**KÖRFUBOLTI** Hamarsmenn sitja enn á botninum í Iceland Express-deild karla en liðið hefur tapað þremur leikjum í röð með fimm stigum eða minna.

Bandaríkjamaðurinn Nicholas King verður væntanlega á sérstökum vítaæfingum í þessari viku því hann hefur farið illa að ráði sínu í vítaköstunum í síðustu tveimur leikjum liðsins.

King nýtti þannig aðeins 3 af 6 vítum sínum í þriggja stiga tapi gegn Fjölni á fimmtudagskvöldið og klikkaði síðan á 8 af 14 vítum sínum í lokaleikhlutanum í tveggja stiga tapi gegn Grindavík á mánudagskvöldið.

Hamarsliðið hefur þar með tapað síðustu tveimur leikjum með samtals fimm stigum þar sem King hefur misnotað 11 af 20 vítum sínum í fjórða og síðasta leikhluta leikjanna.

Það má þó ekki taka það frá King að hann skoraði 17 af 30 stigum sínum í fjórða leikhlutanum og átti mikinn þátt í að Hamar átti möguleika á að vinna leikinn gegn Grindavík.

- óój





* Fjármögnunarleiga m.v. 60 mán. lán í erlendri myntkörfu (50% chf og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án vsk.

www.renault.is www.atvinnubilar.is

ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

**RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!** Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

**B&L ATVINNUBÍLAR**

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

RENAULT



**> Dustin Hoffman**

Dustin Hoffman leikur í tveimur kvikmyndum á Stöð 2 Bíó í kvöld; Finding Neverland og I Heart Huckabees. Við upptökur á Finding Neverland skarst hann mjög illa á fingri og þurfti að leika undir áhrifum morfíns þann dag.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á ÚTLENDAR STÖÐVAR

# *Margt fínt í boði ef leitað er*

Hún er hörð samkeppnin í kvöld. Hvar á að drepa niður fæti? Varla horfir maður á Kiljuna, en á sama tíma er forvitnilegt prógramm sem Eiríkur Guðmundsson, hinn kunni útvarpsmaður, er með á Gufunni um ameríska skáldrisann William Faulkner. Söguþulu kallar hann þáttinn, sem er sá fyrsti af þremur og var víst frumfluttur um helgina. Það gæti alveg kallað á athygli manns kl. 22.20.

Nú, svo sá ég að skömmu fyrr verður viðtalsþáttur á BBC 3 þar sem þeir mætast Martin Amis og J. G. Ballard en þeir hafa báðir sent frá sér nýjar bækur; Amis safn greina og smásagna sem tengjast allar árásinni á tvíburaturnana og hann kallar The Second Plane og Ballard tekur aftur til við þá sögu sem hann rakti í skáldsöguformi í Empire of the Sun sem Spielberg filmaði hér um árið: ungur drengur í Shanghai við upphaf stríðsins þegar japanski herinn hafði Kína á valdi sínu. Skömmu seinna á dagskrá BBC 3 er þáttur um fransk-prússneska stríðið 1870 til 1871 sem olli miklum hræringum á sínum tíma, hratt í gang Parísarkommúnunni og olli þannig miklum kaflaskilum um þróun Parísar og framvindu pólitískrar hugsunar í Evrópu. Þetta prógramm gæti ég líka hlustað á undir miðnætti í gegnum tölvu. Svo mætti hlaða einhverju af þessu niður og geyma það til seinni hlustunar.

Heimurinn skrapp saman þegar dagblöð og fréttaveitur á þeirra vegum komu á net og um leið útvarpsstöðvar víða um heim. Nú les ég reglulega Daily Times í Pakistan til að finna fyrir heiminum frá þeirra sjónarhorni sem pólskur vinur minn benti mér á að væri fróðlegt fyrir okkur skerjabúa undan Grænlandi.

Kostirnir eru margir.

Ætli söguþula Eiríks verði ekki ofaná.



**ÚTVARP** Eiríkur Guðmundsson talar um sagnamann frá Mississippi, William Faulkner, í kvöld á Gufunni.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Finding Neverland STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Hollywood Uncencored SIRKUS



▶ **20.20** Ugly Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Giadas Everyday Italian SKJÁREINN



▶ **21.00** Nip/Tuck STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum** e.
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin** (Herkúles)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur** (18:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty 2) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
**21.05 Martin læknir** (2:2) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Meðal leikenda eru Martin Clunes, Caroline Catz, Stephanie Cole, Lucy Punch og Ian McNeice. Þættirnir hafa hlotið bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.10 Fiðluleikarinn Gilles Apap** Heimildarmynd um fiðluleikarann Gilles Apap sem hélt tónleika á Íslandi í haust.
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 I Heart Huckabees**
**08.00 The Ballad of Ramblin' Jack**
**10.00 Lost in Translation**
**12.00 Finding Neverland**
**14.00 The Ballad of Ramblin' Jack**
**16.00 Lost in Translation**
▶**18.00 Finding Neverland** Bandarísk verðlaunamynd sem segir frá því hvað varð til þess að JM Barrie skrifaði Pétur Pan.
**20.00 I Heart Huckabees** Gamanmynd í anda Royal Tennenbaums.
**22.00 The Manchurian Candidate**
**00.05 Dream Lover (e)**
**02.00 Manchester United: The Movie**
**04.00 The Manchurian Candidate**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Wings of Love** (113:120)
**10.10 Sisters** (4:22) (e)
**10.55 The New Adventures of Old Chr.**
**11.25 Örlagadagurinn** (12:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Extreme Makeover: Home Edition** (13:32)
**13.55 Til Death** (4:22)
**14.20 Grey's Anatomy** (2:9)
**15.05 Las Vegas** (14:17)
**15.55 A.T.O.M.**
**16.18 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Pocoyo**
**17.18 Refurinn Pablo**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons** (19:22) (e)
**19.50 Friends 2**
**20.15 Gossip Girl** (4:22) Blair verður allt annað en sátt þegar Serena fær meiri athygli en hún vegna tískusýningu hjá mömmu Blair
▶**21.00 Nip/Tuck** (3:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti
**21.50 The Closer** (9:15)
**22.35 Oprah** (Halle Berry's Having A Baby)
**23.20 Grey's Anatomy** (3:9)
**00.05 Stelpurnar**
**00.30 Kompás**
**01.05 Hotel Babylon**
**02.00 Closer**
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.15 Gillette World Sport** Fjölbreytt-ur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**17.45 PGA Tour 2008 -** Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.40 World's Strongest Man 2007** Útsending frá Sterkasta manni heims en meðal keppenda var fulltrúi okkar Íslendinga, sjálfur Boris.
**19.10 Ensku bikarmörkin** Markaþáttur þar sem öll mörk bikarkeppninnar eru skoðuð.
**19.40 Atl. Madrid - Valencia Spænska bikarkeppnin**
**21.40 Inside Sport** (Graham Poll) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**22.10 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar krufja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
**22.55 Atl. Madrid - Valencia** Spænska bikarkeppnin

## SÝN 2

**07.00 Arsenal - Newcastle** Útsending frá leik sem fór fram í gær.
**15.45 Sunderland - Birmingham** Útsending frá leik sem fór fram í gær.
**17.25 Middlesbrough - Wigan** Útsending frá leik sem fór fram í gær.
**19.05 Coca Cola mörkin**
**19.35 West Ham - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik West Ham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. Sýn Extra. Man. Utd - Portsmouth Sýn Extra 2. Chelsea - Reading Sýn Extra 3. Everton - Tottenham
**21.40 Man. Utd - Portsmouth** Útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth sem var í beinni útsendingu á sýn Extra kl 19.45.
**23.20 Chelsea - Reading** Útsending frá leik Chelsea og Reading sem var í beinni útsendingu á Sýn Extra 2 kl. 19.40.
**01.00 Everton - Tottenham** Útsending frá leik Everton og Tottenham sem var í beinni útsendingu á Sýn Extra 3 kl. 19.40.

## SKJÁREINN

**07.00 Skólahreysti** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 5 Tindar** (e)
**20.00 Less Than Perfect** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna
▶**20.30 Giada's Everyday Italian** (22:26) Að þessu sinni býður Giada upp á létta og ljúfenga pastarétti. Spaghettini með Checca-sósu, Orecchiette-pasta með kalkúnapylsu og penne-pasta með vodka-sósu.
**21.00 Canada's Next Top Model** (5:8) Kanadísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Sex stelpur standa eftir og þær fá nú að heyra allan sannleikann um hinn harða tískuheim. Síðan fara stúlkurnar í sína fyrstu hópmyndatöku þar sem hver stúlka verður að hugsa um sjálfa sig.
**22.00 The Dead Zone** (4:12) Fjórða þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.15 Heroes** (e)
**00.15 High School Reunion** (e)
**01.05 NÁTTHRAFNAR**
**01.05 C.S.I. Miami**
**01.50 Ripley's Believe it or not!**
**02.35 The World's Wildest Police Videos**
**03.20 Vörutorg**
**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Þreytist þú eftir langan vinnudag?







Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

# Verð frá kr. 49.900



BROS 0137/2007

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is

## Í KVÖLD

### SÝN 2 KL. 19.35

### West Ham - Liverpool



Boðið er upp á hörkuleik á Upton Park í dag þegar heimamenn í West Ham taka á móti Liverpool. Það hefur ekki verið lognmolla í kringum þessi félög að undanförnu en sérstaklega hefur verið mikil ólga í kringum Liverpool og bandarísku eigendur liðsins, sem eru ekki þeir allra vinsælustu hjá stuðningsmönnum félagsins. Hvað sem ólgunni líður þá er ljóst að Liverpool má illa við að tapa stigum á Upton Park í kvöld en ef svo fer þá eru möguleikar liðsins á Englandsmeistaratitlinum nánast úr sögunni. West Ham hefur siglt lygnan sjó í deildinni undir styrkri stjórn Alans Curbishley en sigur í kvöld gegn Liverpool myndi án efa kæta eiganda liðsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Gossip Girl
### Stöð 2 kl. 20.15

Þegar ofursmellinum The O.C. lauk þyrsti alla í Hollywood að vita hvað höfundur þáttanna, Josh Schwatz, myndi taka sér fyrir hendur næst. Og nú er svarið komið; Gossip Girl. Þar tekur hann upp þráðinn þar sem frá var horfið, heldur áfram að fjalla á sérstaklega trúverðugan og safaríkan hátt um raunir og ástir unglinga. Í The O.C. var það á vesturströndinni en í Gossip Girl er hann kominn á austurströndina, nánar tiltekið til New York þar sem við fáum að skyggnast inn í líf ríku unglinganna sem eru gjörsamlega að farast úr firringu og dekri.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Söguþula, sögð af einu fífli
**23.00** Gárur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (112:260)
**16.30 Hollyoaks** (113:260)
**17.00 Hollywood Uncensored** (20:26) Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
**17.25 Special Unit 2** (6:19)
**18.10 The War at Home** (13:22) (e)
**18.35 The War at Home** (14:22) (e)
**19.00 Hollyoaks** (112:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið frá1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (113:260)
▶**20.00 Hollywood Uncensored** (20:26)
**20.25 Special Unit 2** (6:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.10 The War at Home** (13:22) (e)
**21.35 The War at Home** (14:22) (e)
**22.00 NCIS** (20:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006. Bönnuð börnum.
**22.45 American Dad 3** (15:19)
**23.10 Wildfire** (6:13)
**23.55 Totally Frank** (18:26)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst**
**21.00 Mörður** Mörður Árnason lítur yfir vinstri væng stjórnmálanna
**21.30 Randver** Gamanleikarinn og menningarfrömuðurinn, ljúfur og fræðandi í senn

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Ha' det godt **13.20** Guld og grønne skove **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** PLING BING **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Progeria - 80 år gamle bćrn **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **20.55** Kriminalkommissær Barnaby **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Seinfeld **23.10** Arbejdsliv - find et job **23.40** SPAM

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Eksistens **11.35** Urter **11.55** Brennpunkt: Brennpunkt - Granskerne **12.45** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.15** Presidenten **14.00** Hemmelig agent på moped **14.30** Sommeren i mitt liv **15.05** Hannah Montana **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Svenske slag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.15** Ugler i mosen **17.30** Pingu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Sirkusliv **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis: Da livet snudde **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Lydverket **22.55** The Wire **23.50** Viten om: Fra dyreøyne til menneskesyn **00.20** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.40** Local Hero - byns hjälte **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Packat & klart **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa 17.10 Mod **17.20** Voffy **17.25** Ärnsti **17.30** Loranga, Masarin och Dartanjang **17.45** Desmond **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Tv-stjärnan **20.30** Dubbat **21.00** Konståkning: EM **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Robins **22.50** Entourage **23.15** Sändningar från SVT24


Markaðurinn í lok dags




Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.

vísir.is
...ég sá það á visir.is

## GAMLA MYNDIN



*„Þetta gæti hafa verið á friðarhátíð í Þjóðleikhúsinu. Þá var tískan þannig að maður fór ekki út úr húsi nema með fína lagningu. Ég man að við fengum Halldór Laxness til að flytja ljóð eftir sig. Ég er ýmsu vön, en ég hef aldrei heyrt annað eins lófatak og þegar ég gekk inn á sviðið með Nóbelskáldinu.“*

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona.

Myndin er tekin í desember 1974.



**LÁRÉTT**
**2.** skarpskyggn **6.** guð **8.** svif **9.** loga **11.** frú **12.** ávöxtur **14.** vinna **16.** í röð **17.** efni **18.** er **20.** í röð **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** myrði **3.** samþykki **4.** greftrunar **5.** samstæða **7.** nakinn **10.** leikföng **13.** gilding **15.** svei **16.** kærleikur **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** djúp, **6.** ra, **8.** áta, **9.** eld, **11.** fr, **12.** plóma, **14.** starf, **16.** áb, **17.** tau, **18.** sem, **20.** rs, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** drep, **3.** já, **4.** útfarar, **5.** par, **7.** allsber, **10.** dót, **13.** mat, **15.** fuss, **16.** ást, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Sandgerði.
2. Flokki kristilegra demókrata.
3. Guðmundur Ágúst Ingvarsson.

# Fimm metra turn til sölu í Sandgerði

„Við erum ekki búnir að selja hann en það hafa komið þó nokkrar fyrirspurnir, bæði einhverjar með viti og aðrar ekki,“ segir Kristján Helgi Jóhannsson, framkvæmdastjóri knattspyrnufélagsins Reynis. Félagið hefur nú til sölu myndarlegan turn sem verður að víkja fyrir knattspyrnuhúsi sem á brátt að rísa á æfingasvæði félagsins. Turninn er allur hinn glæsilegasti, dúklagður og fimm metrar á hæð þannig að hann gæti nýst hverjum þeim sem vill bæta útsýni sitt.

Kristján segir að einhverjir hafi forvitnast um hvort turninn gæti verið heppilegur fyrir æðarvarp, einn hafi spurt hvort hann gæti nýst sem dúkkuhús og svo hafi áhugamenn um módelflug óskað eftir að fá að skoða hann sem hugsanlegan flugturn.

Kristján segir að þeir hafi fyrst auglýst turninn í Fréttablaðinu og þá hafi verðið verið áætlað í kringum eina milljón. „En að grandskoðuðu máli teljum við rétt að lækka það aðeins og ætli hann sé ekki falur fyrir hálfa,“ segir Kristján. Áhugasamir geta skellt sér í bíltúr suður með sjó og skoðað gripinn í Sandgerði þar sem hann stendur. - fgg



**KRISTJÁN OG TURNINN** Turninn er rúmir fimm metrar á hæð og er dúklagður. Hann fæst keyptur á hálfa milljón.




**YFIRGANGUR Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU** Hópur fólks málaði með svartri málningu yfir striga á sýningu í Þjóðarbókhlöðunni. Þar höfðu gestir sýningarinnar komið hugðarefnum sínum á framfæri. Í gær hafði svo verið krotað yfir svörtu málninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞORSTEINN HALLGRÍMSSON: SVÖRT MÁLNING MÓÐGUN VIÐ LISTAMANN

# Skemmdarverk framin á listsýningu í Þjóðarbókhlöðunni

„Svona gjörningur getur vel verið skemmtilegur ef hann er í samráði við listamanninn. En svo virðist ekki hafa verið í þessu tilfelli,“ segir Þorsteinn Hallgrímsson, aðstoðarlandsbókavörður í Þjóðarbókhlöðunni. Hópur fólks framdi skemmdarverk á sýningu Sólveigar Dagmarar Þórisdóttur í sýningarsal Þjóðarbókhlöðunnar á mánudag. Málað var með svartri málningu yfir hvíta striga á sýningunni, en á strigann máttu gestir tjá sig um efni sýningarinnar.

Frá 10. janúar hefur sýningin För hersins – ljósmynda- og gjörningasýning verið vinsæl meðal gesta Þjóðarbókhlöðunnar en þeir hafa getað tjáð sig sjálfir á hvíta striga sem settir voru upp. Hvort þær skoðanir hafi ekki hlotið hljómgrunn hjá umræddum aðilum skal ósagt látið en þeir hafa augljóslega talið sig knúna til að mála yfir skrif gestanna. Þorsteinn segir að umræddur gjörningur hafi átt sér stað fyrir framan allra augum og að starfsmenn bókasafnsins hafi haldið að þetta væri á vegum listamannsins. Þeim hafi því eðlilega verið brugðið eins og listamanninum þegar þeim varð ljóst að svo var ekki.

Sýningin er meistaraverkefni Sólveigar Dagmarar Þórisdóttur við Listaháskólann og Þorsteinn segir að sér þyki þetta mikil móðgun við listamanninn. Strax í dag höfðu þó einhverjir gestir nýtt sér svarta strigann og skrifað nokkrar velvaldar athugasemdir um atburði líðandi stundar, svo sem „Engin pólitík í Reykjavík – bara Sirkus,“ og „Fúlt að það var málað yfir“.

Þorsteinn segir að ekki hafi orðið neinar skemmdir á húsakynnum bókasafnsins og því sé það í höndum listamannsins að ákveða hvert framhaldið verður. Sýningin á að standa til 10. febrúar.

Sólveig vildi lítið tjá sig við Fréttablaðið en sagði að almenningslistaverk væru almenningslistaverk. „Og ég get ekki stjórnað því hvernig fólk vill tjá sig,“ segir Sólveig sem var þó augljóslega brugðið og var í hálfgerðu sjokki yfir þessu. „Ég vona bara að sýningin eigi eftir að ganga,“ bætir hún við. freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rokkstjarnan **Magni Ásgeirsson** syrgir mjög leikarann Heath Ledger sem lést á dögunum aðeins 28 ára að aldri. „Hans verður minnst sem frábærs leikara sem hefði getað orðið einn sá stærsti,“ segir Magni um einn helsta uppáhaldsleikara sinn á myspace-síðu sinni. Annars er það af Magna að frétta að fyrirhugaðir eru tónleikar með honum í Kanada í mars þar sem hann flytur væntanlega lög af sinni fyrstu sólóplötu.

Forseti vor **Ólafur Ragnar Grímsson** mun á morgun afhenda Hin íslensku bókmenntaverðlaun. Í nefndinni sitja **Stefán Baldursson, Mörður Árnason** og **Gunnar Helgi Kristinsson**. Spenna ríkir meðal hinna tilnefndu en tveir höfundar af tíu fá sitthvorn 750 þúsund kalinn. Munar um minna þó **Sigurður Pálsson** hafi kvartað undan því við tilnefninguna að honum þætti þetta lítil upphæð.



Nýjasti Bakþankahöfundur Fréttablaðsins er **Ólafur Sindri Ólafsson**, betur þekktur sem hinn alræmdi fyrrum leynibloggari Mengella. Ólafur er yngstur þriggja bræðra og nýlega fóru bræðurnir að tjá sig á heimasíðunni maurildi.blogspot.com, hver í sínu lagi þó. Bræður Ólafs eru **Ragnar Þór Pétursson** og **Birkir Freyr Ólafsson**. Þar tjá bræðurnir sig um jafn ólík hitamál og borgarstjórnarmál og umræðuna um íslam á heimasíðu Egils Helgasonar.



-fb/jbg/glh

# Friðrik slær í gegn í Litháen

Tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar skipar annað sætið á vinsældalista litháísku útvarpsstöðvarinnar FM99. Lagið er Íslendingum þó alveg ókunnugt, en það er sprottið úr samstarfi Friðriks Ómars, litháísku hljómsveitarinnar Land, og Malasíubúans Isaacs Lim.

„Það er svona hálft ár síðan ég tók þátt í þessu,“ útskýrir Friðrik og segir frumkvæðið komið frá Rod, forsprakka Land í Litháen. „Hann vildi fá þrjá söngvara frá mismunandi löndum til að syngja saman lag, sem heitir Advent of Angels. Hann hafði samband við Senu, sem hafði samband við mig,“ útskýrir Friðrik tilurð samstarfsins.

Hann tók sinn hluta lagsins upp hér á landi og sendi til Litháen, þar sem lagið var hljóðblandað. „Síðan hef ég lítið fylgst með þessu, en Rod sendi mér póst seint á síðasta ári um að við ættum kannski að koma fram í litháísku sjónvarpi. Þetta er augljóslega farið að klifra upp listann núna,“ segir Friðrik. Lagið er sem segir í öðru sæti, á eftir Avril Lavigne, en hefur til dæmis skákað Gwen Stefani, Timbaland og One Republic og Nickelback í vinsældum ytra.

Friðrik segir verkefnið hafa verið skemmtilegt, þó að vinnubrögðin séu kannski með óhefðbundnara móti, og útilokar ekki að lagið heyrist á íslenskum útvarpsstöðvum innan tíðar. „Svo yrði náttúrulega ekki slæmt að geta halað inn stigum frá Litháen í Eurovision. Maður þyrfti að vísu að komast upp úr riðlinum fyrst, en ég ætti þá væntanlega góða að þarna úti,“ segir hann og hlær. - sun



**SÉRSTÆTT SAMSTARF** Lag Friðriks Ómars, litháensku hljómsveitarinnar Land og Malasíubúans Isaac Lim er geysivinsælt í Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hitablásarar
Hinir einu sönnu MASTER® hitablásarar

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Landsins stærsta

# Skósprengja

## Hefst á morgun

fimmtudaginn kl:10.00

Lágmark

**50%**

afsláttur

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco

Kaupfélagið

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## *Afvegaleidd umræða*

Tæpast hefðu margir spáð því fyrirfram að íslenska þjóðin gæti haft jafn stórkostlegar áhyggjur af heilsufari hins geðþekka heimilislæknis sem nú er í tímabundnu leyfi frá praktík. Áhuginn virðist hafa komið honum í opna skjöldu svo ekki hefur í annan tíma setið hér jafn hnípinn borgarstjóri, jafn ósáttur við umfjöllun og jafn mikið fórnarlamb. Það síðasta á reyndar líka við marga aðra sem koma við þessa athyglisverðu sögu.

**ÞVÍ** þótt nú sé aðeins liðlega vika frá útsölunni á borgarstjórastólnum hefur uppsöfnun píslarvotta í þessari framhaldssögu verið lengri. Hana er til dæmis hægt að rekja til haustdaga. Þá kristallaði borgarfulltrúinn Jórunn Frímannsdóttir biturleika fórnarlambsins svo dæmalaust vel í orðum sínum til Björns Inga: „Við sjáum ekki nokkurn skapaðan hlut eftir þér! Ekki nokkurn skapaðan hlut!“ Það urðu fleyg orð og stóð ræðan upp úr því sem sést hafði til Jórunnar á kjörtímabilinu.

**SÍÐAN** hefur listi þjáningarsystkina lengst hratt og margir um stund fallið í þann hóp. Fyrir utan borgarfulltrúaflokk Sjálfstæðimanna í heilu lagi þá mátti næstum kenna sérstaklega í brjósti um Vilhjálm fyrir að hafa verið svona mikill þumalputti. Jafnvel Bjarna Ármannssyni var dálítil vorkunn þó ekki sé til siðs að finna til með auðmönnum. Ekki síst mátti klökkna yfir Birni Inga þegar hann skældi í beinni útsendingu, gott ef einhver orðaði ekki mannlegan harmleik. Í upphafi næsta kafla sögunnar gaf sig reyndar fram úrvals fórnarlamb með hnífafjöld í bakinu og grátstafinn í kverkunum. Hann uppskar samt bara tortryggni því meintur tilræðismaður var ennþá í hópi píslarvotta.

**ÞRÁTT** fyrir góða viðleitni margra hefur samt enginn sýnt stórleik í hlutverki fórnarlambsins á borð við áðurnefndan heimilislækni. Miðað við langan feril í stjórnmálum er hann enn furðu hörundsár fyrir eigin hönd og fjölskyldunnar og sér persónulegt einelti í hverju horni. Þar nefnir hann einkum til sögunnar afvegaleiddan barnaskríl og grínarana í Spaugstofunni. Fljótlega fer umræðan að snúast um aðför að lýðræði og rógsherferð. Yfirvofandi stjórnarkreppa í borginni fellur í skuggann af spurningunni: Var þetta á grensunni eða var farið yfir strikið?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 30. janúar, 30. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.16 | 13.41 | 17.07 |
| Akureyri | 10.15 | 13.26 | 16.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




**Toyota - bestu bílakaupin strax**

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértilboðum í takmarkaðan tíma.
Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4?
Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

**Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota**



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070